

Ed. 325. Frumvarp til laga [181. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Flm.: Tómas Árnason, Helgi Seljan, Egill Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Jóni Sigurðssyni eyðijörðina Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Jóns Sigurðssonar bónda, Hánefsstöðum í Seyðisfjarðarhreppi. Bæjarstæði hefur verið í eyði áratugum saman og eru engin mannvirki á jörðinni. Jón Sigurðsson ætlar að nota jörðina til beitar.

Hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps hefur mælt með því að jörðin verði seld Jóni Sigurðssyni. Meðmæli hreppsnefndarinnar eru prentuð sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Fylgiskjal.

Bréf hreppsnefndar Seyðisfjarðarhrepps.

Hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps mælir með því að ríkissjóður Íslands selji Jóni Sigurðssyni bónda, Hánefsstöðum, ríkisjörðina Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi.

Virðingarfyllt,
Seyðisfirði, 14. janúar 1984.
Kristján Eyjólfsson.
Sigurður Filippusson.

Ed.

326. Frumvarp til laga

[182. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, með síðari breytingum.

Flm: Salome Þorkelsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Davíð Aðalsteinsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Eiður Guðnason, Helgi Seljan, Stefán Benediktsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

1. gr.

Niðurlag 2. gr., frá og með „Ljósatími...“, fellur niður.

2. gr.

Á eftir 39. gr. komi ný grein er verði 40. gr. og orðist svo:

Bifreiðar, sem notaðar eru til að flytja skólabörn, skulu vera sérstaklega auðkenndar með þar til gerðum skiltum. Ökumönnum, sem koma á eftir eða á móti slíkri bifreið, ber að stöðva ökutæki sín á meðan skólabörnum er hleypt út eða þau eru tekin upp í bifreiðina.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð hvernig merkingum á skólabifreiðum skuli háttað og um notkun þeirra.

3. gr.

Í stað 1. málslíðar 1. málsg. 53. greinar komi:

Við akstur bifreiðar, bifhjóls og létts bifhjóls skulu jafnan vera tendruð ljós á lögboðnum ljóskerum. Sama gildir um akstur annarra ökutækja í rökkri, í myrkri eða í ljósaskiptum, eða ella þegar birtuskilyrði eru ófullnægjandi vegna veðurs eða af öðrum ástæðum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var flutt frumvarp er ætlað var að hafa nokkur áhrif til bóta á öryggi í umferðinni. Frumvarp það, sem hér er flutt, er sama efnis að viðbættu nýju ákvæði um réttindi skólabifreiða.

Um alllangt skeið hefur umferðaróhöppum fjölgað hér á landi ár frá ári. Meiðslum og dauðaslysum hefur fjölgað og eignatjón er geysilegt. Þrátt fyrir aukna löggæslu og bættu umferðarlöggjöf næst ekki sá árangur sem vænst var.

Oft verða óhöppin vegna þess að gangandi vegfarandi verður þess ökutækis, sem óhappinu veldur, ekki var í tæka tíð eða stjórnendur ökutækja, sem rekast á, gera sér hættuna ekki ljósa fyrr en of seint.

Í nokkrum löndum hefur ökutækjum verið gert að aka með ljósum allan sólarhringinn árið um kring. Víða eru ökumenn hvattir til þess að aka með ljósum á daginn ef skyggni er ekki gott. Margir verða við þeirri áskorun en aðrir ekki. Þá verður jafnvel enn erfiðara að forðast hættu þegar á eftir 3—4 bifreiðum með ljósum kemur ein ljóslaus. Allir, sem reynslu hafa af akstri, vita að t. d. þeirrar bifreiðar, sem kemur á móti í umferðinni, verður mun fyrr vart ef hún ekur með ljósum þó að albjartur dagur sé. Af þessum ástæðum hafa „Greyhound“ langferðabifreiðarnar í Bandaríkjum Norður-Ameríku ekið með ljósum allan sólarhringinn í meira en hálfa öld. Svíar hafa ekið með ljósum allan sólarhringinn í allmörg ár og eru eina Norðurlandabjóðin sem náð hefur því marki að fækka umferðaróhöppum. Finnar hafa fylgt fast á eftir með mjög góðum árangri. Bifreiðar, framleiddar í Svíþjóð, eru nú þannig gerðar að á þeim tendrast ökuljós um leið og bifreiðin er ræst.

Öldrudum í umferðinni fer fjölgandi og þótt kannanir sýni að aldraðir ökumenn valdi ekki slysum öðrum fremur, nema síður sé, þá er þó ljóst að þetta ákvæði í umferðarlögum mundi auka öryggi allra sjóndapurra í umferðinni, bæði ökumanna en þó einkum gangandi vegfarenda.

Einn af hverjum fjórtán körlum, sem aka bifreið, er samkvæmt erlendum skýrslum haldinn svonefndri „rautt-grænt“ litblindu, þannig að slíkir ökumenn eiga erfitt með að greina rauða og græna hluti við vissar aðstæður, en bifreið með ljósum sjá þeir vel.

Í skýrslu, sem landlæknisembættið hefur tekið saman um slys í umferð, kemur fram sú hörmulega staðreynd að í aldurshópnum 7—20 ára eru slysin algengasta dánarorsökin hjá okkur, og á aldrinum 17—25 ára eru umferðarslysin ein algengari dánarorsök en nokkur önnur. Allra ráða verður að leita til að tryggja rétt ungra vegfarenda. Aukið öryggi varðandi skólábifreiðar er þáttur í þeirri viðleitni.

Vitað er að umferðarlögin eru í heildarendurskoðun en ástandið hjá okkur er svo slæmt að við megum ekki bíða.

Síðasta ár var tileinkað auknu umferðaröryggi á vettvangi Norðurlandþjóða. Þá dró úr umferðaróhöppum hér á landi í fyrsta sinn í landan tíma. Aukinn skilningur er nú tvímælalaut á notkun öryggistækja bifreiða og nauðsyn frekari aðgæslu. Notkun ljósatækja hlýtur að teljast með nauðsynlegustu öryggistækjum bæði ökumenn og vegfarendur.

Ákvæði, sem þetta frumvarp fjallar um, er einfalt, getur tekið gildi strax eftir samþykkt lagannaog þar má vænta árangurs.

Ráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um viðurlög.

Nd. 327. Frumvarp til laga [183. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Kristín Halldórsdóttir, Guðmundur J. Guðmundsson.

1. gr.

1. másl. 1. mgr. 92. gr. laganna hljóði svo:

Allir, sem hafa menn í þjónustu sinni og greiða þeim endurgjald fyrir starfa, þar með talin ágóðapóknun, ökutækjastyrkur, húsaleigustyrkur og hvers konar önnur fríðindi og hlunnindi, eftirlaun, biðlaun og lífeyrir, skulu ótilkvaddir afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um greiðslur þessar ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður í samráði við Kjararannsóknarnefnd.

2. gr.

1. másl. 2. mgr. 115. gr. laganna hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skattyfirvöld gera Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun og Kjararannsóknarnefnd skýrslur, í því formi er þeir aðilar ákveða, um framtaldar tekjur og eignir, álagða skatta og önnur atriði er varða skýrslugerð þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 104. og 105. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga.

Megintilgangur þessa frumvarps er að hagkvæm og fljótverk leið verði valin til að fá úttekt á raunverulegri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Í frumvarpinu er lagt til að Kjararannsóknarnefnd fái aðgang að upplýsingum um kjaramál á skattframtölum auk þess sem Kjararannsóknarnefnd hafi áhrif á hvort og þá með hvaða hætti óskað yrði ítarlegri upplýsinga um launagreiðslur og vinnutíma á launaseðlum en nú er gert. Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt er skattyfirvöldum gert skylt að veita Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun skýrslur, í því formi er þessir aðilar ákveða, um framtaldar tekjur og eignir. Kjararannsóknarnefnd gegnir ekki síður en þessir aðilar mikilvægu hlutverki á sviði kjararannsókna hérlandis og ber því nauðsyn að veita Kjararannsóknarnefnd einnig aðgang að upplýsingum úr skattframtölum. Jafnréttisráð verður einnig að koma til sögunnar í sambandi við kjararannsóknir, enda er ráðið sá aðili sem lögum samkvæmt á að fylgjast með að konum og körlum séu greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Eðlilegt og réttmætt verður því að telja að Jafnréttisráð hafi aðgang að sem gleggstum upplýsingum um kjaramál til að auðvelda ráðinu að sinna hlutverki sínu og að samvinna verði milli þessara aðila um kjararannsóknir, þó að ekki sé um beinan aðgang Jafnréttisráðs að skýrslum skattyfirvalda að ræða.

Áætlunardeild Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur s. l. 3 ár gefið út rit um vinnumarkaðinn með upplýsingum sem byggðar eru á sérstakri úrvinnslu upplýsinga sem eru á launamiðum og eigendaframtölum. Úrvinnsla upplýsinga hefur verið byggð á skattframtölum árána 1980, 1981 og nú síðast 1982. Í þessu riti koma fram upplýsingar um mannafla, meðallaun á vinnumarkaðinum og atvinnuþátttöku. Eins og nú er er einungis unnt að fá úr skattframtölum upplýsingar um heildarlaunagreiðslur, en ekki sundurgreindar upplýsingar um laun fyrir dagvinnu og yfirvinnu, bónus, greiðslur fyrir vaktavinnu, greiðslur fyrir ákvæðisvinnu, greiðslur í veikinda- og slysatilvikum eða sérstakar greiðslur sem ekki falla undir neitt af framantölu, svo sem yfirborganir og þess háttar.

Með þeirri breytingu, sem lögð er til í 1. gr. þessa frumvarps sem kveður á um að ríkisskattstjóri skuli ákveða í samráði við Kjararannsóknarnefnd hvernig atvinnurekendur skuli sundurliða upplýsingar um launakjör á launamiðum, sem sendir eru ríkisskattstjóra, opnuðust nýir möguleikar til kjararannsókna og upplýsingar um tekjuskiptingu og launakjör. Þó að kjararannsóknir með úrvinnslu úr skattframtölum hafi vissulega sína galla er ljóst að unnt er að afla mun ítarlegri upplýsinga um tekjur einstaklinga og uppruna þeirra en nú er gert og er það m. a. tilgangur þeirra breytinga sem hér eru lagðar til.

Þessar upplýsingar gætu orðið mjög þýðingarmiklar fyrir hið opinbera í öllum ákvörðunum er lúta að því að bæta kjör hinna verst settu. Jafnframt er ljóst að upplýsingar þær, sem hér um ræðir, eru mjög mikils virði fyrir aðila vinnumarkaðarins að því leyti sem þær upplýsa um samsetningu launatekna og vinnutíma í einstökum greinum atvinnulíffins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingin gerir ráð fyrir að ríkisskattstjóri ákveði í **samráði við Kjararannsóknarnefnd** hvernig skýrslur atvinnurekenda um launagreiðslur til starfsmanna skulu úr garði gerðar. Með þessari breytingu væri opnaður möguleiki á að Kjararannsóknarnefnd hefði áhrif á hvort og þá með hvaða hætti óskað væri ítarlegri upplýsinga en nú er gert um launagreiðslur og vinnutíma í launaseðlum. Með þessu fyrirkomulagi eru hagsmunir hins opinbera í þessu efni engu lakar tryggðir en nú gerist en Kjararannsóknarnefnd, og þar með hlutadeigandi aðilum vinnumarkaðarins, gefið tækifæri til þess að móta upplýsingaöflun. Við alla kjarasamningagerð er notagildi þeirra upplýsinga, sem þar fengjust, mjög þýðingarmikið.

Um 2. gr.

Með þessari breytingu væri Kjararannsóknarnefnd tryggður aðgangur að fyllstu upplýsingum úr skattframtölum. Ljóst virðist að nefndin hefði haft af því verulegt gagn á liðnum árum að hafa fullan og óskoraðan aðgang að þessum upplýsingum til jafns við Þjóðhagsstofnun og Hagstofu. Með ítarlegri upplýsingum og úrvinnslu framtala verður þörfin í þessum efnum að nauðsyn. Í þessu sambandi skal á það bent að í þeirri grein laganna, sem hér um ræðir, er þegar til staðar ákvæði um þagnarskyldu þeirra sem fjalla um skattframtöl og tæki þetta ákvæði að sjálfsgöðu einnig til Kjararannsóknarnefndar.

Sp. 328. Tillaga til þingsályktunar [184. mál]

um friðarfræðslu.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Eiður Guðnason, Guðmundur Bjarnason, Guðrún Helgadóttir, Gunnar G. Schram, Helgi Seljan, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Halldórsdóttir, Kristín S. Kvaran, Páll Pétursson, Salome Þorkeldsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja undirbúning að frekari fræðslu um friðarmál á dagvistunarstofnunum, í grunnskólum og framhaldsskólum landsins. Markmið fræðslunnar verði að glæða skilning á þýðingu og hlutverki friðar og rækta hæfileika til þess að leysa vandamál án ofbeldis og leita friðar í samskiptum einstaklinga, hópa og þjóða.

G r e i n a r g e r ð .

Æ fleiri þjóðir hafa tekið upp friðarfræðslu í skólum sínum í anda þeirrar samþykktar Sameinuðu þjóðanna um friðarfræðslu sem þær eiga aðild að. Þessi samþykkt var gerð 1974 og eiga Íslendingar aðild að henni eins og hinar Norðurlandþjóðirnar. Það er því full ástæða til þess að vekja athygli á því sem þegar hefur verið gert í þessum efnum, styðja það og efla þannig að kennurum sé gert kleift að sinna þessu verkefni svo sem þeim ber skylda til.

Stöðugt fleiri einstaklingar gera sér grein fyrir því að sú leið ofbeldis, hernaðar og ógnarjafnvægis, sem þjóðir heimsins hafa farið til að ná fram vilja sínum og staðfesta mátt sinn, er ekki lengur viðunandi. Tortímingargeta þeirra vopna, sem herveldin hafa nú yfir að ráða, er svo mikil að þau ógna öllu lífi á jörðinni. Þó að oft hafi verið þörf er nú meiri nauðsyn en nokkru sinni fyrr að efla frið milli manna og þjóða.

Ein vænlegasta leið til friðar er að tryggja honum sess í hugum og atferli þeirra sem erfa löndin og efla hæfileika þeirra til að leysa deilur sínar á friðsamlegan hátt. „Þar sem stríð eiga upptök sín í hugum manna þá er það í mannshuganum sem við þurfum að treysta varnir friðarins“ (úr formála stofnskrár UNESCO).

Friðarfræðsla leitast við að dýpka vitund, vitneskju og skilning á deilum milli einstaklinga, innan þjóðfélaga og milli þjóða. Hún rannsakar orsakir deilna og átaka sem má finna samofnar skynjunum, verðmætamati og viðhorfum einstaklinga. Enn fremur má finna orsakir þeirra í félagslegri, stjórnmálalegri og efnahagslegri gerð þjóðfélagsins. Friðarfræðsla hvetur til þess að leita annarra leiða sem fela í sér lausnir á deilum án ofbeldis og hvetur jafnframt til þróunar þeirra hæfileika sem nauðsynlegir eru til að beita slíkum lausnum.

Frið ætti ekki einungis að skilgreina sem það tímabil þegar ekki geisar styrjöld. Mikið óréttlæti getur ríkt þó að ekki sé barist. Friðarástand þarfnast viðhalds, gæslu, og það felur í sér og eflir réttlæti, frelsi, jafnrétti og samvinnu á öllum sviðum.

Alþt. 1983. A. (106. löggjafarþing).

211

Fríðarfræðsla eykur skilning á einstaklingnum, eðli hans, árásarhvöt og hvernig hann getur lifað í samlyndi við aðra. Stríð er ekki eina birtingarmynd ofbeldis. Svið fríðarfræðslu ætti að ná til félagslegra vandamála, sem leiða til ofbeldis, svo og til einstaklingsvandamála.

Í samræmi við ályktanir Sameinuðu þjóðanna ætti fríðarfræðsla að fela í sér fræðslu um afvopnun. Slík fræðsla mundi útskýra m. a. eðli og afleiðingar kjarnorkustyrjalda.

Markmið fríðarfræðslu:

- 1) Að skilja þýðingu og hlutverk fríðar og rækta hæfileika til að leita fríðar í samskiptum einstaklinga, hópa og þjóða.
- 2) Að glæða ábyrgðartilfinningu fyrir eigin ákvörðunum og gerðum.
- 3) Að þroska skilning á því hve einstaklingar, hópar og þjóðir eru háð hvert öðru.
- 4) Að skilja eðli og orsakir deilna, og athuga, skilja, meta og nýta aðferðir til að leysa deilur.
- 5) Að þekkja ýmsa líffræðilega og félagslega þætti sem hafa áhrif á mannlega hegðun.
- 6) Að rækta skilning á réttlæti og velferð með og meðal einstaklinga og þjóðfélaga.
- 7) Að glæða virðingu og ábyrgðartilfinningu einstaklinga fyrir:
 - i) frelsi einstaklingsins og mannréttindum
 - ii) menningarlegum fjölbreytileika
 - iii) umhverfinu
 - iv) samvinnu bæði innan bekkjarins og utan
 - v) hugsun sem skírskotar til viðmiðunar við heiminn, þjóðareiningu, bæjarsamfélag eða smærri hópa.
- 8) Að þróa sjálfsvitund, skilning á öðrum og þá hæfileika sem nauðsynlegir eru til að gera einstaklingum kleift að taka virkan þátt í að mynda réttlát og fríðsamleg tengsl við aðra.
- 9) Að þróa kennsluáferðir sem byggjast á samvinnu og hlutdeild í samræmi við það sem að ofan greinir.

Fríðarfræðsla í skólum erlendis er sjaldnast aðskilin námsgrein en er öllu heldur aðlöguð sem ný vídd eða viðurkenning þess að í hverri námsgrein þurfum við stöðugt að mæta málefnum fríðar og deilna í daglegu lífi og á alþjóðavettvangi.

Það er nauðsynlegt að leggja áherslu á að fríðarfræðsla er ekki hugsuð sem ný námsgrein sem skjóta þurfi inn í námsefnið á kostnað einherrar annarrar námsgreinar. Markmiðið er miklu fremur að tryggja það að innan almennrar námsstefnu skóla sé skýr stefna um fríðarfræðslu.

Eðlilegt er að þessi fræðsla verði tekin upp í tengslum við þá námsefnisgerð og það þróunarstarf í skólum sem nú er unnið að.

Nd.

329. Nefndarálit

[31. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með því að það verði samþykkt. Pálmi Jónsson og Stefán Guðmundsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. febr. 1984.

Gunnar G. Schram,
form., frsm.

Guðrún Helgadóttir,
fundaskr.

Ólafur Þ. Þórðarson.

Guðmundur Einarsson.

Sp. 330. Fyrirspurn [185. mál]

til forsætisráðherra um greiðslur ríkisfyrirtækja til Vinnuveitendasambandsins.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hvaða fyrirtæki, „sem eru í umsjá iðnaðarráðuneytis“, munu sækja um aðild eða hafa sótt um aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands?
2. Er ætlunin að önnur fyrirtæki ríkisins, t. d. Áburðarverksmiðjan, verði látin sækja um aðild að Vinnuveitendasambandinu?
3. Hve miklar upphæðir greiða fyrirtæki ríkisins til VSÍ á árinu 1984? Sundurliðun óskast eftir fyrirtækjum. Eftir hvaða reglum eru gjöldin til VSÍ ákveðin?

Sp. 331. Tillaga til þingsályktunar [186. mál]

um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða hérlendis.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja reglur um takmarkanir á umsvifum erlendra sendiráða hérlendis, m. a. varðandi fjölda sendiráðsmanna og byggingu og kaup fasteigna á grundvelli laga nr. 16/1971 og laga nr. 30/1980.

Við mótun á þessum reglum verði m. a. höfð hliðsjón af smæð íslensks samfélags og af starfsemi og aðbúnaði að íslensku utanríkisþjónustunni í löndum sem Íslendingar hafa stjórnmalasamband við og starfrækja sendiráð.

Greinargerð.

Fjöldi starfsmanna sendiráða hérlendis.

Málefni erlendra sendiráða hérlendis eru oft til umræðu, svo sem ekki er óeðlilegt, og þá ekki síst sendiráð risaveldanna, Sovétríkjanna og Bandaríkjanna. Er m. a. oft rætt um fjölda starfsmanna við sendiráðin, húseignir þeirra og fasteignakaup. Varðandi fyrrnefnda atriðið hefur utanríkisráðuneytið nýlega tekið saman eftirfarandi yfirlit þar sem fram kemur fjöldi erlendra starfsmanna og fjölskyldna þeirra við sendiráðin í Reykjavík í janúar 1984 og til samanburðar staðan fyrir 5 árum, þ. e. í janúar 1979.

Fjöldi erlendra starfsmanna og fjölskyldna þeirra við sendiráðin í Reykjavík

	Janúar 1984			Janúar 1979		
	Starfsmenn	Fjölskylda	Alls	Starfsmenn	Fjölskylda	Alls
Bandaríkin	22	33	55	21	29	50
Bretland	5	12	17	7	7	14
Danmörk	5	4	9	6	5	11
Finnland	4	1	5	—	—	—
Frakkland	10	10	20	12	5	17
Kína	6	6	6	20	14	34
Noregur	3	1	4	4	2	6
Pólland	—	—	—	3	3	6
Sovétríkin	37	43	80	35	42	77
Svíþjóð	3	2	5	3	1	4
Tékkóslóvakía	3	4	7	4	5	9
Sambandslýðveldið						
Þýskaland	7	5	12	7	8	15
Þýska alþýðulýðveldið ..	3	2	5	4	2	6

Af þessu yfirliti sést að Sovétríkin hafa hér mestan fjölda erlendra starfsmanna, eða 37 talsins, og hefur þeim fjölgað um 2 frá því fyrir 5 árum. Næst koma Bandaríkin með 22 erlendra starfsmenn, einum fleiri en 1979. Frakkland er hið þriðja í röðinni með 10 starfsmenn, en önnur ríki þaðan af færri. Hefur í engu tilviki nema hjá Sovétríkjunum og Bandaríkjunum verið um að ræða fjölgun erlendra starfsmanna, og 6 sendiráð af alls 12 hafa fækkað erlendu starfsfólki á þessu tímabili. Sérstaka athygli vekur hin mikla fækkun starfsmanna hjá kínverska sendiráðinu, eða úr 20 í 6 starfsmenn. Eitt sendiráð, hið pólska, hefur hætt starfsemi á þessu tímabili (1982), en eitt nýtt bæst í hópinn, þ. e. Finnland þann 1. mars 1983.

Fjöldi erlendra starfsmanna segir þó engan veginn alla sögu um starfsmannahald sendiráðanna, því að hjá sumum þeirra starfa Íslendingar. Þannig störfuðu 19 Íslendingar í sendiráði Bandaríkjanna í ársbyrjun 1984, en enginn Íslendingur í sendiráði Sovétríkjanna. Að þeim meðtöldum var svipaður heildarfjöldi starfsmanna hjá sendiráðum þessara stórvelda. Starfsmenn bandaríska sendiráðsins töldust þá skv. upplýsingum utanríkisráðuneytisins $22 + 19 = 41$ talsins, en hjá sovéska sendiráðinu 37. Þegar fjölskyldulið er meðtalið er fjöldi á vegum bandaríska sendiráðsins 74 og á vegum sovéska sendiráðsins 80 manns.

Á löggjafarþinginu 1979—80 lagði Halldór Blöndal alþingismaður fram fyrirspurn til þáverandi utanríkisráðherra (þskj. 95) um umsvif erlendra sendiráða, þar á meðal um húsnæðismál sendiráðanna. Svaraði utanríkisráðherra, Benedikt Gröndal, fyrirspurninni skriflega og er það svar birt hér sem fylgiskjal III með þessari greinargerð.

Borin hefur verið fram fyrirspurn til utanríkisráðherra til að fá hliðstæðar upplýsingar um sendiráðin miðað við síðustu áramót. Liggur fyrir að nokkur breyting hefur á orðið s. l. 5 ár, m. a. aukning á fasteignum sumra sendiráðanna.

Tvö sendiráð eiga lóðir þar sem ekki hefur enn verið byggt. Þannig hefur bandaríska sendiráðið fengið úthlutað stórra lóð í nýja miðbænum í Reykjavík.

Vínarsamningurinn um stjórnmalasamband og fullveldisjafnrétti ríkja.

Þann 31. mars 1971 samþykkti Alþingi lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmalasamband, svokallaðan Vínarsamning (fylgiskjal I), og var hann staðfestur af Íslands hálfu þann 23. maí 1971. Í honum segir m. a.:

„11. gr.

1. Þegar ekki er gerður sérstakur samningur um stærð sendiráðs, getur móttökuríkið krafist þess, að stærð sendiráðs verði sett takmörk, er það telur hæfileg og edlileg með hliðsjón af aðstæðum og ástandi í móttökuríkinu og þörfum hlutaðeigandi sendiráðs.
2. Einnig getur móttökuríkið, innan sömu takmarka og þannig að eigi sé um mismunun að ræða, neitað að taka við starfsmönnum í tilteknum starfsflokki.

12. gr.

Sendiríkinu er ekki heimilt, nema að fengnu ótvíræðu samþykki móttökuríkisins, að setja á stofn skrifstofur, sem eru hluti af sendiráðinu, annars staðar en þar sem sendiráðið er sjálft.

21. gr.

1. Móttökuríkið skal auðvelda sendiríkinu að afla sér í landi þess, í samræmi við þau lög er þar gilda, húsakynna, sem nauðsynleg eru fyrir sendiráð, eða aðstoda það við öflun húsnæðis á annan hátt.
2. Móttökuríkið skal einnig liðsinna sendiráðum við öflun hæfilegs húsnæðis fyrir sendiráðsmenn, þegar þörf krefur.

25. gr.

Móttökuríkið skal veita þá aðstöðu sem nauðsynleg er til að sendiráð megi rækja hlutverk sitt.“

Með samningi þessum er dreginn alþjóðlegur rammi um stjórn málasamband og starfsemi sendiráða og hafa ákvæði hans lagagildi á Íslandi. Samkvæmt 2. gr. laganna um aðild Íslands að samningnum getur ráðherra „sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara“.

Þá er rétt að veita athygli upphafsorðum samningsins, þar sem segir m. a.: „Ríki þau, sem aðilar eru að samningi þessum . . . hafa í huga markmið og meginreglur Sáttmála Sameinuðu þjóðanna varðandi **fullveldis-jafnrétti ríkja**, varðveislu alþjóðafriðar og öryggis og eflingu vinsamlegra samskipta þjóða.“

Hér er augljóslega vísað til gagnkvæmnissjónarmiða sem eðlilegt er að höfð séu í huga við takmörkun á umsvifum sendiráða stórþjóða hjá smáríkjum, sbr. 2. mgr. þingsályktunartillögunnar.

Ekki hafa verið gerðir neinir samningar um stærð sendiráða héraendis skv. 11. gr. Vínarsamningsins og í því tilviki „getur móttökuríkið krafist þess, að stærð sendiráðs verði sett takmörk . . .“ Þegar rætt er um „takmarkanir á umsvifum erlendra sendiráða héraendis“ í þingsályktunartillögunni eru m. a. höfð í huga ákvæði þessarar greinar.

Lög frá 1980 varðandi kaup erlendra ríkja á fasteignum og lóðum.

Vorið 1980 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19 frá 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Tilgangur frumvarpsins var að því er segir í athugasemdum með því „að setja skýrar reglur um kaup erlendra ríkja á fasteignum, svo og lóðarréttindum fyrir slíkar fasteignir, vegna sendiráðsstarfsemi á Íslandi“.

Samkvæmt lögum á að leggja kaupsamninga eða afsöl fyrir fasteignum á vegum erlendra sendiráða fyrir dómsmálaráðuneytið „og öðlast gerningurinn eigi gildi fyrr en ráðuneytið hefur samþykkt hann með áritun sinni“.

Lagafrumvarpið, sem ekki tók neinum breytingum í meðferð Alþingis, er prentað ásamt athugasemdum sem fylgiskjal II með þessari greinargerð.

Reglur nauðsynlegar.

Ísland hefur nú stjórn málasamband við 75 ríki, þar af eru sendiherrar tilnefndir gagnkvæmt í 53 löndum. Íslenska utanríkisþjónustan vinnur mikilsvert starf við takmörkuð efni, og ekki er vafi á að álag er mikið að jafnaði á starfslíð hennar. Sem smáþjóð eigum við mikið undir því komið að hafa vinsamleg samskipti við sem flest ríki, m. a. vegna mikilla utanríkisviðskipta.

Í samskiptum við aðrar og oftast fjölmennari þjóðir eigum við að koma fram af vinsemd og festu, minnug ákvæða Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um fullveldis-jafnrétti ríkja, óháð fólksfjölda. Þau viðhorf þurfa að endurspeglast í reynd í stjórn málasamskiptum. Full ástæða er til að setja reglur um framkvæmd laganna um stjórn málasamband okkar við önnur ríki á þeim grundvelli, og er það meginefni þessarar þingsályktunartillögu.

Fylgiskjöl.

Fylgiskjal I:

Lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórn málasamband ásamt Vínarsamningnum um stjórn málasamband o. fl.

Fylgiskjal II:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, ásamt athugasemdum við frumvarp til sömu laga (samhljóða lögum nr. 30/1980).

Fylgiskjal III:

Svör utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Halldóri Blöndal á þskj. 95 (tölulið II) um umsvif erlendra sendiráða. (Á dagskrá Sameinads þings 11. mars 1980.)

Fylgiskjal I.

Lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórn málasamband ásamt Vínarsamningnum um stjórn málasamband o. fl.

Lög

um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórn málasamband.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gerast aðili fyrir Íslands hönd að alþjóðasamningi um stjórn málasamband, sem gerður var í Vínarborg hinn 18. apríl 1961 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, svo og viðbótarbókunum með samningnum. Ákvæði sanningsins skulu hafa lagagildi á Íslandi.

2. gr.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal I.

VÍNAR-SAMNINGURINN UM STJÓRN MÁLASAMBAND

RÍKI ÞAU, SEM AÐILAR ERU AÐ SAMNINGI ÞESSUM,

MINNA Á, að allar þjóðir hafa frá fornu fari viðurkennt sérstöðu sendierindreka,

HAGA Í HUGA markmið og meginreglur Sáttmála Sameinuðu þjóðanna varðandi fullveldis-jafnrétti ríkja, varðveizlu alþjóða friðar og öryggis og eflingu vinsamlegra samskipta þjóða,

TREYSTA ÞVÍ, að alþjóðlegur samningur um forréttindi og friðhelgi í samskiptum ríkja muni stuðla að aukinni vinsemd í sambúð þjóða, hvert sem stjórnskipulag eða þjóðfélagskerfi þeirra er,

ERU ÞEIRRAR SKOÐUNAR, að markmið slíkra forréttinda og friðhelgi sé ekki að vera einstaklingum í hag, heldur að tryggja árangursríkan sendierindrekstur á vegum ríkja,

STAÐFESTA, að venjureglur þjóðaréttarins skuli gilda áfram um þau atriði, er ákvæði þessa samnings taka ekki tvi-mælalauð til,

GERA SAMKOMULAG um það sem hér fer á eftir:

1. gr.

Í samningi þessum skulu eftirfarandi orðasambönd hafa þessa merkingu:

- a) „forstöðumaður sendiráðs“ er maður, sem sendirikið hefur falið að gegna slíkri stöðu;
- b) „sendiráðsmenn“ eru forstöðumaður sendiráðs og starfsmenn þess;
- c) „starfsmenn sendiráðs“ eru stjórnarsendimenn, skrifstofu- og tæknistarfsmenn og þjónustustarfsmenn sendiráðs;
- d) „stjórnarsendimenn“ eru starfsmenn sendiráðs, sem hafa réttindi stjórnarsendimanna;
- e) „sendierindrekar“ eru forstöðumenn sendiráðs og stjórnarsendimenn;
- f) „skrifstofu- og tæknistarfsmenn“ eru þeir starfsmenn sendiráðs, sem vinna að skrifstofu- og tæknistörfum sendiráðsins;
- g) „þjónustustarfsmenn“ eru starfsmenn sendiráðs, er starfa að heimilisstörfum hjá sendiráði;
- h) „einka-þjónustustarfsmaður“ er starfsmaður, sem vinnur að heimilisstörfum hjá sendiráðsmanni, en er ekki í þjónustu sendiríkisins;
- i) „sendiráðssvæði“ er byggingar eða hluti bygginga og tilheyrandi lóð, hver sem eigandiinn er, sem nýtt er af sendiráði, þar á meðal íbúð forstöðumanns sendiráðs.

2. gr.

Stofnun stjórn málasambands milli ríkja og stofnun fastra sendiráða fer fram með gagnkvæmu samkomulagi.

3. gr.

1. Viðfangsefni sendiráða eru einkum þessi:

- a) að vera fulltrúi sendiríkisins í móttökuríkinu;
- b) að vernda hagsmuni sendiríkisins og ríkisborgara þess í móttökuríkinu, innan þeirra takmarka sem þjóðaréttur setur;
- c) að annast samningagerð við ríkisstjórn móttökuríkisins;
- d) að afla á löglegan hátt upplýsinga um ástand og þróun mála í móttökuríkinu og gefa ríkisstjórn sendiríkisins skýrslur um það;
- e) að efla vinsamleg samskipti milli sendiríkisins og móttökuríkisins og auka efnahagsleg, menningarleg og vísindaleg samskipti þeirra.

2. Ekki skal túlka nein ákvæði samnings þessa á þann hátt að þau hindri

sendiráð í því að annast ræðismanns-
störf.

4. gr.

1. Sendiríkið verður að ganga úr skugga um að móttökuríkið hafi veitt **agrément vegna þess manns, sem það** hyggst veita umboð sem forstöðumanni sendiráðs í því ríki.

2. Móttökuríkið er ekki skyldugt til að skýra sendiríkinu frá ástæðu, ef það neitar um *agrément*.

5. gr.

1. Sendiríkið má skipa forstöðumann sendiráðs eða, eftir atvikum stjórnar-
sendimann, til þjónustu í fleiri ríkjum en einu, ef eigi koma til ótvíræð mótmæli einhvers móttökuríkisins, enda verður á undan skipun að gefa þeim móttökuríkjum sem hlut eiga að máli upplýsingar um hana.

2. Ef sendiríkið skipar forstöðumann sendiráðs til að gegna því starfi í einu eða fleiri ríkjum öðrum, getur það stofnað sendiráð sem *chargé d'affaires ad interim* veitir forstöðu, í hverju þessara ríkja sem forstöðumaður sendiráðsins hefur ekki fasta búsetu í.

3. Forstöðumaður sendiráðs, eða hver annar stjórnarsendimaður sendiráðs, getur starfað sem fulltrúi sendiríkisins hjá hvaða alþjóðastofnun sem er.

6. gr.

Tvö ríki eða fleiri geta skipað sama manninn forstöðumann sendiráðs í öðru ríki, enda beri móttökuríkið eigi fram mótmæli gegn því.

7. gr.

Með þeim takmörkunum, sem felast í ákvæðum 5., 8., 9. og 11. greina, getur sendiríkið skipað starfsmenn sendiráðs að eigin vali. Að því er varðar skipun hermála-, flota- eða flugmálafulltrúa getur móttökuríkið óskað eftir að nöfn þeirra séu tilkynnt fyrirfram til samþykktar.

8. gr.

1. Það skal vera meginregla, að stjórnarsendimenn sendiráðs hafi ríkisfang sendiríkisins.

2. Þá er hafa ríkisfang móttökuríkisins má eigi skipa stjórnarsendimenn sendiráðs, nema til komi samþykki þess ríkis, en slíkt samþykki má afturkalla hvenær sem er.

3. Móttökuríkið getur áskilið sér sama rétt að því er varðar ríkisborgara þriðja ríkis, sem hafa ekki jafnframt ríkisfang sendiríkisins.

9. gr.

1. Móttökuríkið getur hvenær sem er, og án þess að þurfa að gefa skýringar á ákvörðun sinni, tilkynnt sendiríkinu að forstöðumaður sendiráðs eða annar stjórnarsendimaður sé *persona non grata* eða einhver annar úr hópi starfsmanna sendiráðs sé ekki viðtökuhæfur. Í öllum slíkum tilvikum skal sendiríki, eftir því sem við á, annaðhvort kalla hlutaðeigandi mann heim eða binda endi á starf hans í sendiráðinu. Lýsa má yfir að maður sé *persona non grata*, eða ekki viðtökuhæfur, áður en hann kemur í land móttökuríkisins.

2. Ef sendiríkið neitar eða lætur undir höfuð leggjast að framkvæma skyldur sínar samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar innan hæfilegs frests, getur móttökuríkið neitað að viðurkenna hlutaðeigandi mann sem sendiráðsmann.

10. gr.

1. Tilkynna skal utanríkisráðuneyti móttökuríkisins, eða öðru ráðuneyti, sem samkonuulag verður um, eftirfarandi:

- a) skipun sendiráðsmanna, komu þeirra og endanlega brottför, eða lok starfa þeirra í sendiráðinu;
- b) komu og endanlega brottför manns, sem er í fjölskyldu sendiráðsmanns, og þar sem við á, þegar maður bætist í eða fer úr fjölskyldu sendiráðsmanns;
- c) komu og endanlega brottför einkaþjónustustarfsmanna í þjónustu manna, sem nefndir eru í a) lið þessarar

málgreinar, og þar sem við á, að þeir séu á förum úr þjónustu þeirra;

d) ráðningu og lausn manna, sem búsetlir eru í móttökuríkinu, sem sendiráðsmanna eða einkaþjónustustarfsmanna, er njóta forréttinda og friðhelgi.

2. Einnig skal tilkynna fyrirfram, þegar unnt er, um komu og endanlega brottför.

11. gr.

1. Þegar ekki er gerður sérstakur samningur um stærð sendiráðs, getur móttökuríkið krafizt þess, að stærð sendiráðs verði sett takmörk, er það telur hæfileg og eðlileg með hliðsjón af aðstæðum og ástandi í móttökuríkinu og þörfum hlutaðeigandi sendiráðs.

2. Einnig getur móttökuríkið, innan sömu takmarka og þannig að eigi sé um mismun að ræða, neitað að taka við starfsmönnum í tilteknum starfsflokki.

12. gr.

Sendiríkinu er ekki heimilt, nema að fengnu ótvíræðu samþykki móttökuríkisins, að setja á stofn skrifstofur, sem eru hluti af sendiráðinu, annarsstaðar en þar sem sendiráðið er sjálft.

13. gr.

1. Forstöðumaður sendiráðs er talinn hafa tekið við starfi sínu í móttökuríkinu, annaðhvort þegar hann hefur afhent trúnaðarbréf sitt eða þegar hann hefur tilkynnt komu sína og rétt eftirrit af trúnaðarbréfi hans hefur verið afhent utanríkisráðuneyti móttökuríkisins eða öðru ráðuneyti, sem samkomulag verður um, samkvæmt þeim venjum, sem í móttökuríkinu gilda og jafnan skal framfylgja á sama hátt.

2. Í hvaða röð trúnaðarbréf er afhent eða rétt eftirrit af því, ákvarðast af komudegi og komustund forstöðumanns sendiráðs.

Alpt. 1983. A. (106. löggjafarþing).

14. gr.

1. Forstöðumenn sendiráða skiptast í þessi þrjú stig:

a) sendiherrar er hafa *ambassador, nuncio* eða annað samsvarandi stig, og hafa umboð gagnvart þjóðhöfðingja;

b) sendiherrar er hafa *envoy, minister* eða *internuncio* stig, og hafa umboð gagnvart þjóðhöfðingja;

c) sendifulltrúar (*chargé d'affaires*), sem hafa umboð gagnvart utanríkisráðherra.

2. Engan greinarmun skal gera á forstöðumönnum sendiráða eftir stigum, nema að því er snertir metorðaröð og siðareglur.

15. gr.

Ríki gera um það samkomulag sín á milli, hvaða stig forstöðumenn sendiráða þeirra skuli hafa.

16. gr.

1. Metorðaröð forstöðumanna sendiráða er sama stig hafa, skal miða við dag og stund, þegar þeir tóku við starfi samkvæmt 13. grein.

2. Breytingar sem gerðar eru á trúnaðarbréfi forstöðumanns sendiráðs og eigi fela í sér breytingu á stigi hans, skulu eigi hafa áhrif á sæti hans í metorðaröðinni.

3. Grein þessi skal ekki hafa áhrif á neinar viðurkenndar venjur í móttökuríkinu, sem varða sæti fulltrúa Páfagarðs í metorðaröðinni.

17. gr.

Forstöðumaður sendiráðs skal tilkynna utanríkisráðuneytinu eða því öðru ráðuneyti, sem samkomulag verður um, sæti stjórnarsendimanna sendiráðsins í metorðaröðinni.

18. gr.

Í hverju ríki skal hafa sama hátt á varðandi móttöku forstöðumanna sendiráða, er hafa sama stig.

19. gr.

1. Ef staða forstöðumanns sendiráðs er óskipuð, eða forstöðumanni sendiráðs

er eigi unnt að gegna störfum sínum, skal *chargé d'affaires ad interim* veita sendiráðinu forstöðu um stundarsakir. Nafn *chargé d'affaires ad interim* skal tilkynnt utanríkisráðuneyti móttökuríkisins eða því öðru ráðuneyti, sem samkomulag verður um, annaðhvort af forstöðumanni sendiráðsins eða, ef honum er það ókleift, af utanríkisráðuneyti sendiríkisins.

2. Þegar svo ber við, að enginn stjórnarsendimaður er staddur í móttökuríkinu, getur sendiríkið að fengnu samþykki móttökuríkisins útnefnt einhvern úr liði skrifstofu- og tæknistarfsmanna til að stjórna nauðsynlegum skrifstofufrekstri sendiráðsins.

20. gr.

Sendiráðið og forstöðumaður þess skulu eiga rétt á að nota fána og skjaldarmerki sendiríkisins á sendiráðssvæðinu, þar á meðal hústað forstöðumanns sendiráðsins, og á ökutækjum hans.

21. gr.

1. Móttökuríkið skal auðvelda sendiríkinu að afla sér í landi þess, í samræmi við þau lög er þar gilda, húsakynna, sem nauðsynleg eru fyrir sendiráð, eða aðstoða það við öflun húsnæðis á annan hátt.

2. Móttökuríkið skal einnig liðsinna sendiráðum við öflun hæfilegs húsnæðis fyrir sendiráðsmenn þess, þegar þörf krefur.

22. gr.

1. Sendiráðssvæðið skal njóta friðhelgi. Fulltrúar móttökuríkisins hafa ekki heimild til að koma inn á svæðið nema með leyfi forstöðumanns sendiráðsins.

2. Sérstök skylda hvílir á móttökuríkinu til að gera allar þær ráðstafanir, sem viðeigandi eru, til að vernda sendiráðssvæðið fyrir öllum árásum og tjóni og koma í veg fyrir röskun á friði sendiráðsins eða skerðingu á virðingu þess.

3. Sendiráðssvæðið, innbú og annað

lausafé þar, svo og ökutæki sendiráðsins, skulu undanþegin leit, upptöku, haldi eða aðför.

23. gr.

1. Sendiríkið og forstöðumaður sendiráðsins skulu undanþegin öllum sköttum og gjöldum til ríkis, sveitarfélaga og annarra umdæma að því er tekur til sendiráðssvæðisins, hvort sem það er eign sendiríkisins eða tekið á leigu, nema að því er varðar greiðslu fyrir tiltekna veitta þjónustu.

2. Sú skattundanþága, sem nefnd er í þessari grein, skal eigi taka til þeirra gjalda eða skatta, er samkvæmt lögum móttökuríkisins skulu greiðast af aðilum, sem eiga lögskipti við sendiríkið eða forstöðumann sendiráðsins.

24. gr.

Skjalasafn og skjöl sendiráðsins skulu ætíð vera friðhelg, hvar sem þau eru niður komin.

25. gr.

Móttökuríkið skal veita þá aðstöðu, sem nauðsynleg er til að sendiráðið megi rækja hlutverk sitt.

26. gr.

Að undanteknum takmörkunum í lögum og reglum móttökuríkisins varðandi landssvæði, þar sem aðgangur er bannaður eða takmarkaður vegna öryggis þjóðarinnar, skal það tryggja öllum sendiráðsmönnum frjálsta umferð og ferðafrelsi í landi sínu.

27. gr.

1. Móttökuríkið skal heimila og tryggja sendiráðinu samgöngu- og fjarskiptafrelsi í öllum opinberum erindisrekstri sínum. Til að hafa sauband við ríkisstjórn, önnur sendiráð og ræðisskrifstofur sendiríkisins, hvar sem þær eru, getur sendiráðið notað allar eðlilegar samskiptaleiðir, þar á meðal stjórnarpósthera og skilaboð á merkjamáli eða dulmáli. Þó má sendiráðið því aðeins setja upp og nota fjarsenditæki, að móttökuríkið veiti leyfi til þess.

2. Opinber bréfaskipti sendiráðsins skulu vera friðhelg. Með opinberum bréfaskiptum er átt við öll bréfaskipti, sem varða sendiráðið og starfsemi þess.

3. Hvorki má opna né leggja hald á stjórnarpóst.

4. Bögglar þeir sem teljast til stjórnarpósts verða að bera þess skýrt auðkenni og mega aðeins vera í þeim stjórnarskjöl eða munir sem ætlaðir eru eingöngu til opinberra nota.

5. Stjórnarpóstberinn, er hafa skal í förum sínum opinbert skjal sem greinir stöðu hans og bögglafljöld stjórnarpóstsins, skal njóta verndar móttökuríkisins við framkvæmd starfa sinna. Hann skal njóta persónulegrar friðhelgi og má eigi handtaka hann né kyrrsetja.

6. Sendiríkinu eða sendiráðinu er heimilt að tilnefna *ad hoc* stjórnarpóstbera. Í slíkum tilvikum skulu ákvæði 5. málsgreinar þessarar greinar einnig gilda; en þeirri friðhelgi sem þar er getið, skal lokið þegar slíkur pósti hefur afhent réttum viðtakanda þann stjórnarpóst, sem honum var falinn á hendur.

7. Stjórnarpóst má fela í umsjá flugstjóra atvinnulöftfars, sem áætlun hefur til viðurkennds lendingarstaðar. Honum skal fengið í hendur opinbert skjal, sem greinir bögglafljöld stjórnarpóstsins, en hann skal ekki vera talinn stjórnarpóstberi. Sendiráðið getur sent einn af starfsmönnum sínum til þess að taka stjórnarpóstinn beint og óhindrað í sína vörzlu frá flugstjóra loftfarsins.

28. gr.

Þau gjöld sem sendiráðið krefur fyrir opinber störf sín, skulu vera undanþegin öllum sköttum og öðrum álögum.

29. gr.

Sendierindreki skal njóta persónulegrar friðhelgi. Hann má eigi á neinn hátt handtaka né kyrrsetja. Móttökuríkið skal sýna honum tilhlýðilega virðingu og gera allar þær ráðstafanir, sem

nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir hverskonar tilræði við persónu hans, frelsi eða sæmd.

30. gr.

1. Einkaheimili sendierindreka skal njóta sömu friðhelgi og verndar sem sendiráðssvæðið.

2. Eignir hans, með þeim undantekningum sem er að finna í 3. málsgrein 31. greinar, skjöl hans og bréfaskipti, skulu einnig njóta friðhelgi.

31. gr.

1. Sendierindreki skal njóta friðhelgi að því er varðar refsiréttarlögsögu móttökuríkisins. Hann skal einnig njóta friðhelgi að því er varðar einkamála- og framkvæmdavaldslögsögu þess, nema þegar um er að ræða:

a) mál varðandi eigin fasteign í landi móttökuríkisins, nema hann hafi vörzlu hennar á vegum sendiríkisins til nota fyrir sendiráðið,

b) mál varðandi erfðir, þar sem sendierindreki er skiptaforstjóri, búskilastjóri, erfingi eða gjafþegi sem einstaklingur, en ekki sem fulltrúi fyrir sendiríkið,

c) mál varðandi hverskonar atvinnu eða verzlunarviðskipti sendierindrekans í móttökuríkinu, sem óviðkomandi eru opinberum störfum hans.

2. Sendierindreki er ekki skyldur til að gefa skýrslu sem vitni.

3. Ekki má framkvæma néina aðfarargjörð gagnvart sendierindreka, nema í þeim tilvikum sem falla undir liði a), b) og c) í 1. málsgrein þessarar greinar, og með því skilyrði að unnt sé að framkvæma þær aðgerðir, sem um er að ræða, án þess að skerða persónulega friðhelgi hans eða heimilishelgi.

4. Friðhelgi sendierindreka gagnvart lögsögu móttökuríkisins leysir hann ekki undan lögsögu sendiríkisins.

32. gr.

1. Sendiríkið getur afsalað friðhelgi

sendierindreka og þeirra, sem njóta friðhelgi samkvæmt 37. grein.

2. Afsal skal ávallt vera gefið berum orðum.

3. Ef sendierindreki, eða sá sem nýtur friðhelgi samkvæmt 37. grein hefur málsókn er hann firrlur rétti til að krefjast friðhelgi, að því er varðar sérhverja gagnkröfu, er stendur í beinum tengslum við aðalkröfuna.

4. Afsal friðhelgi í einkamálum eða framkvæmdavaldsmálum felur ekki í sér afsal friðhelgi að því er tekur til fullnustu dómsins; þá þarf sérstakt afsal að koma til.

33. gr.

1. Að undanteknum tilvikum sem 3. málsgrein þessarar greinar tekur til, skal sendierindreki í starfi sínu fyrir sendiríkið vera undanþeginn almannatryggingaákvæðum, sem gilda kunna í móttökuríkinu.

2. Undanþága sú, sem getið er í 1. málsgrein þessarar greinar, skal einnig ná til einkaþjónustumanna, er eingöngu starfa í þjónustu sendierindreka, að því tilskildu:

- a) að þeir séu ekki ríkisborgarar móttökuríkisins, né hafi fasta búsetu þar; og
- b) að þeir njóti almannatryggingaréttinda þeirra, sem kunna að gilda í sendiríkinu eða í þriðja ríki.

3. Sendierindreki sem hefur í þjónustu sinni menn, er undanþágurnar samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar taka ekki til, skal bundinn þeim skyldum, sem almannatryggingaákvæði móttökuríkisins leggja vinnuveitendum á herðar.

4. Undanþágur þær sem getið er í 1. og 2. málsgrein þessarar greinar, skulu ekki koma í veg fyrir sjálfviljuga aðild að almannatryggingum móttökuríkisins, svo fremi að slík aðild sé heimiluð af hálfu þess ríkis.

5. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á tvíhliða eða marghliða samninga sem áður eru gerðir um almanna-

tryggingar, né hindra gerð slíkra samninga í framtíðinni.

34. gr.

Sendierindreki skal vera undanþeginn öllum gjöldum og sköttum á einstaklinga og eignir, hvort sem um er að ræða álögur til ríkis, sveitarfélaga eða annarra undæma, nema:

- a) þeim óbeinu sköttum, sem eru yfirleitt innifaldir í verði vara eða þjónustu;
- b) gjöldum eða sköttum á fasteignum í einkaeign í landi móttökuríkisins, nema hann hafi vörzlu þeirra á vegum sendiríkisins til nota fyrir sendiráðið;
- c) dánarbús- og erfðafjársköttum, sem móttökuríkið leggur á, með þeim fyrirvara sem felst í ákvæðum 4. málsgreinar 39. greinar;
- d) gjöldum og sköttum af einkatekjum, sem eiga upphaf sitt í móttökuríkinu, og eignasköttum af fjárfestingu í atvinnufyrirtækjum í móttökuríkinu;
- e) gjöldum, sem lögð eru á fyrir tilgreinda veitta þjónustu;
- f) þinglýsinga- og réttargjöldum og veð- og stimpilgjöldum vegna fasteigna, með þeim fyrirvara sem felst í ákvæðum 23. greinar.

35. gr.

Móttökuríkið skal undanþiggja sendierindreka allri persónubundinni þjónustu, hverskonar opinberri þjónustu og hernaðarskyldum svo sem þeim sem tengdar eru upptöku, hernaðarframlögum og vistun herliðs.

36. gr.

1. Móttökuríkið skal heimila, í samræmi við lög og reglur sem það kann að setja, innflutning á og undanþágur frá öllum tollum, sköttum og svipuðum gjöldum, öðrum en geymslugjöldum, akstursgjöldum og líkum gjöldum að því er snertir:

- a) muni, sem ætlaðir eru til opinberra nota sendiráðsins;

b) muni sem ætlaðir eru til persónulegra nota sendierindreka eða venzlamanna hans er teljast til heimilisfólks hans, þar á meðal muni sem ætlaðir eru til bústofnunar hans í móttökuríkinu.

2. Persónulegur farangur sendierindreka skal vera undanþeginn skoðun, nema gildar ástæður séu til þess að ætla, að í honum séu munir sem undanþágurnar samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar taka ekki til, eða munir, sem er hannað með lögum að flytja inn eða út, eða lúta sóttvarnarreglum móttökuríkisins. Slík skoðun má einungis fara fram í návist sendierindrekans eða umboðsmanns hans.

37. gr.

1. Þeir venzlamenn sendierindreka, sem teljast til heimilisfólks hans, skulu njóta þeirra forréttinda og friðhelgi, sem 29.—36. grein taka til, ef þeir eru ekki ríkisborgarar móttökuríkisins.

2. Skrifstofu- og tæknistarfsmenn sendiráðsins, ásamt venzlamönnum þeirra sem teljast til heimilisfólks þeirra, skulu njóta þeirra forréttinda og friðhelgi, sem getið er í 29.—35. grein, ef þeir eru ekki ríkisborgarar móttökuríkisins né hafa fast heimilisfang þar, en þó með þeirri undantekningu að friðhelgi að því er snertir einkamálaréttar- og framkvæmdavaldslögsögu móttökuríkisins sem greind er í 1. málsgrein 31. greinar, skal ekki taka til athafna, sem framdar eru utan skyldustarfa þeirra. Þeir skulu einnig njóta þeirra forréttinda, sem greind eru í 1. málsgrein 36. greinar, að því er varðar muni, sem fluttir eru inn, þegar þeir fyrst stofna bú í móttökuríkinu.

3. Þjónustustarfsmenn sendiráðsins, sem ekki eru ríkisborgarar móttökuríkisins né hafa þar fast heimilisfang, skulu njóta friðhelgi, að því er tekur til athafna, sem þeir framkvæma innan skyldustarfa sinna, og jafnframt njóta undanþágu frá gjöldum og sköttum af launum sem þeir fá fyrir störf sín, svo og njóta þeirrar undanþágu, sem getið er í 33. grein.

4. Ef einkaþjónustustarfsmenn sendiráðsmanna eru ekki ríkisborgarar móttökuríkisins né hafa þar fast heimilisfang, skulu þeir vera undanþegnir gjöldum og sköttum af launum, sem þeir fá fyrir störf sín. Að öðru leyti njóta þeir aðeins þeirra forréttinda og friðhelgi, sem móttökuríkið heimilar. Móttökuríkið verður þó að fara svo með lögsögu sína yfir mönnum þessum, að ekki valdi óeðlilegum truflunum á störfum sendiráðsins.

38. gr.

1. Sendierindreki sem er ríkisborgari móttökuríkisins eða hefur fast heimilisfang þar, skal einungis njóta undanþágu frá lögsögu og friðhelgi að því er varðar opinber störf, sem innt eru af hendi innan takmarka skyldustarfa hans, nema móttökuríkið veiti frekari forréttindi og friðhelgi.

2. Aðrir starfsmenn sendiráðs, og einkaþjónustustarfsmenn sem eru ríkisborgarar móttökuríkisins eða hafa þar fast heimilisfang, skulu aðeins njóta þeirra forréttinda og friðhelgi sem móttökuríkið heimilar. Móttökuríkið verður þó að fara svo með lögsögu sína yfir mönnum þessum að ekki valdi óeðlilegum truflunum á störfum sendiráðsins.

39. gr.

1. Sérhver maður sem á rétt á forréttindum og friðhelgi, skal njóta þeirra frá þeirri stundu er hann kemur í land móttökuríkisins til þess að taka við stöðu sinni, eða, ef hann er þegar kominn í land móttökuríkisins, frá þeirri stundu sem skipun hans er tilkynnt utanríkisráðuneytinu eða öðru ráðuneyti sem samkomulag verður um.

2. Þegar störfum manns sem notið hefur forréttinda og friðhelgi er lokið, skal slíkum forréttindum og friðhelgi að jafnaði lokið á þeirri stundu, er hann hverfur úr landi, eða eftir að liðinn er hæfilegur frestur til brottfarar, en halda gildi til þeirrar stundar, jafnvel þótt hernaðarástand ríki. Friðhelgin skal samt haldast að því er tekur til athafna,

sem framkvæmdar eru af slíkum manni sem þáttur í skyldustörfum hans sem sendiráðsmanns.

3. Í því tilviki að dauða sendiráðsmanns beri að höndum, skal fjölskylda hans halda áfram að njóta forréttinda og friðhelgi þeirrar sem hún á rétt á, þar til liðinn er hæfilegur frestur til þess að halda úr landi.

4. Í því tilviki að sendiráðsmaður sem hvorki er ríkisborgari móttökuríkisins né hefur fast heimilisfang þar eða heimilisfastur venzlamaður hans andist, skal móttökuríkið heimila brottflutning lausafjár hins látna, að undantekinni hverri þeirri eign sem aflað var í því landi og hannað var að flytja út þegar andlátíð bar að höndum. Ekki skal leggja skiptagjöld né erfðafjárskatt á lausafé, sem var í móttökuríkinu einungis vegna þess að hinn látni var þar sem sendiráðsmaður eða einn af fjölskyldu sendiráðsmanns.

40. gr.

1. Ef sendierindreki er á ferð eða dvelst í landi þriðja ríkis, sem hefur veitt honum vegabréfsáritun, ef áskilin er, þeirra erinda að taka við eða hverfa aftur til starfs síns eða er á leið til heimalands síns, skal þriðja ríkið veita honum friðhelgi og önnur forréttindi, sem nauðsynleg eru vegna ferðalags hans eða heimferðar. Hið sama á við um sérhvern venzlamann sendierindrekans sem nýtur forréttinda og friðhelgi og er í för með honum, eða á leið til hans eða heimalands síns, þótt ekki sé hann honum samferða.

2. Þegar svo stendur á, sem greint er í 1. málsgrein þessarar greinar, skulu þriðju ríki ekki hindra för skrifstofu- og tæknistarfsmanna eða þjónustustarfsmanna sendiráðs né venzlamanna þeirra, um lönd sín.

3. Þriðju ríki skulu veita embættisbréfum og öðrum opinberum skilaboðum sem um lönd þeirra eru send, þ. á m. tilkynningum á dulmáli eða merkjamáli,

sama frjálsræði og vernd og móttökuríkið veitir. Þau skulu veita stjórnarpóstberum, sem hafa hlotið vegabréfsáritun, ef slík áletrun er áskilin, og stjórnarpósti á leið til áfangastaðar sömu friðhelgi og vernd sem móttökuríkinu ber skylda til að veita.

4. Þær skuldbindingar sem á þriðju ríkjum hvíla samkvæmt 1., 2. og 3. málsgrein þessarar greinar, skulu einnig taka til þeirra manna sem þar eru greindir, svo og stjórnarpósts og opinberra skilaboða, sem komin eru í land þriðja ríkisins af *force majeure* ástæðum.

41. gr.

1. Það er skylda allra þeirra, sem njóta forréttinda og friðhelgi, að virða lög og reglur móttökuríkisins, en þó þannig að forréttindi þeirra eða friðhelgi skerðist eigi. Á þeim hvílir einnig sú skylda að skipta sér ekki af innanlandsmálum þess ríkis.

2. Öll opinber erindi, sem móttökuríkið varða og falin eru sendiráðinu af sendiríkinu, skulu rekin hjá utanríkisráðuneyti móttökuríkisins eða hjá öðru ráðuneyti, sem samkomulag verður um, eða fyrir milligöngu þeirra.

3. Ekki má nota sendiráðssvæðið á nokkurn þann hátt sem ósamrýmanlegur er störfum sendiráðsins svo sem þau eru skilgreind í þessum samningi eða í öðrum reglum hins almenna þjóðaréttar eða sérsamningum milli sendiríkisins og móttökuríkisins.

42. gr.

Sendierindreka er ekki heimilt að stunda í eigin ágóðaskyni neina atvinnu eða viðskiptastarfsemi í móttökuríkinu.

43. gr.

Störfum sendierindreka lýkur meðal annars:

a) þegar sendiríkið tilkynnir móttökuríkinu að störfum sendierindrekans sé lokið;

b) þegar móttökuríkið tilkynnir sendiríkinu að það neiti að viðurkenna sendierindrekann sem sendiráðsmann samkvæmt 2. málsg. 9. greinar.

44. gr.

Móttökuríkið verður, jafnvel á hernaðartímum, að auðvelda þeim, sem njóta forréttinda og friðhelgi og ekki eru ríkisborgarar móttökuríkisins, og venzlamönnum þeirra, án tillits til ríkisfangs þeirra, að hverfa úr landi svo fljótt sem unnt er. Sérstaklega verður móttökuríkið að útvega þeim nauðsynleg samgöngutæki til nota fyrir þá sjálfa og eigur þeirra, sé þess þörf.

45. gr.

Ef stjórnmalasamband er rofið milli tveggja ríkja, eða ef sendiráði er lokað fyrir fullt og allt, eða til bráðabirgða:

- a) verður móttökuríkið, jafnvel á hernaðartímum, að virða og vernda sendiráðssvæðið, ásamt eignum þess og skjalasafni;
- b) getur sendiríkið falið þriðja ríki, sem móttökuríkið samþykkir, umsjá með sendiráðssvæðinu, eignum sendiráðsins og skjalasafni;
- c) getur sendiríkið falið þriðja ríki, sem móttökuríkið samþykkir, að gæta hagsmuna sinna og hagsmuna ríkisborgara sinna.

46. gr.

Sendiríki getur að fengnu samþykki móttökuríkisins og samkvæmt filmælum þriðja ríkis, sem ekki hefur fulltrúa í móttökuríkinu, tekið að sér að gæta til bráðabirgða hagsmuna þriðja ríkisins og ríkisborgara þess.

47. gr.

1. Við framkvæmd ákvæða samnings þessa skal móttökuríkið ekki mismuna ríkjum.

2. Þó skal mismunun ekki vera talin eiga sér stað:

- a) þegar móttökuríkið beitir þröngri túlkun við framkvæmd einhvers ákvæðis samnings þessa sökum þess að hlutaðeigandi ákvæði er túlkað þröngt í framkvæmd gagnvart sendiráði þess í sendiríkinu;

- b) þegar ríki, á grundvelli venju eða samnings, veita hvort öðru betri kjör en mælt er fyrir í ákvæðum þessa samnings.

48. gr.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirskrifta af hálfu allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna, sérstofnana þeirra, aðildarríkja samþykktta Alþjóðadómstólsins og allra annarra ríkja sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna býður að gerast aðili að samningnum, á þann hátt sem hér segir:

til 31. október 1961 í utanríkisráðuneyti Austurríkis, og síðan í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 31. marz 1962.

49. gr.

Fullgilda þarf samning þennan. Fullgildingarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

50. gr.

Sérhverju ríki í einhverjum hinna fjögurra flokka, sem taldir eru í 48. grein, skal heimilt að gerast aðili að samningi þessum. Aðildarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

51. gr.

1. Samningur þessi skal taka gildi á þritugasta degi eftir að tuttugasta og annað fullgildingar- eða aðildarskjalið hefur verið afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

2. Að því er varðar hvert ríki sem fullgildir samninginn eða gerist aðili að honum eftir að tuttugasta og annað fullgildingar- eða aðildarskjalið hefur verið afhent til varðveislu, skal samningurinn taka gildi á þritugasta degi eftir að hlutaðeigandi ríki hefur afhent fullgildingar- eða aðildarskjál sitt til varðveislu.

52. gr.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum þeim ríkjum,

sem eru í einhverjum hinna fjögurra flokka, sem greindir eru í 48. grein:

- a) undirskriftir undir samning þennan og að fullgildingar- eða aðildarskjöl hafi verið afhent til varðveislu í samræmi við 48., 49. og 50. grein;
- b) dag þann sem samningur þessi tekur gildi í samræmi við 51. grein.

53. gr.

Frumrit samnings þessa, sem gerður er á ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spönsku, og allir textarnir jafngildir, skal varðveitt af framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna; hann skal senda staðfest eftirrit af því til allra þeirra ríkja, sem eru í einhverjum þeirra fjögurra flokka, sem nefndir eru í 48. grein.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, með fullu umboði frá ríkisstjórnnum sínum, undirskrifað samning þennan.

Gjört í Vínarborg, hinn 18. dag aprílmánaðar 1961.

Fylgiskjal II.

KJÖRFRJÁLS BÓKUN VARÐANDI ÖFLUN RÍKISBORGARARÉTTAR

ÞAU RÍKI, sem aðilar eru að þessari bókun og að Vínar-samningnum um stjórnmalasamband, - sem hér á eftir verður nefndur „samningurinn“ -, er samþykktur var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var í Vínarborg 2. marz til 14. apríl 1961

LÁTA Í LJÓS ÞÁ ÓSK að setja reglur sín á milli um öflun ríkisborgararéttar að því er snertir sendiráðsmenn og venzlamenn þeirra, sem teljast til heimilisfólks þeirra, og

GERA SAMKOMULAG um það sem hér fer á eftir:

1. gr.

Í bókun þessari skal orðið „sendiráðsmenn“ hafa þá merkingu, sem skilgreind er í lið b) í 1. grein samningsins, þ. e. a. s. „forstöðumaður sendiráðs og starfsmenn þess“.

2. gr.

Sendiráðsmenn, sem eru ekki ríkisborgarar móttökuríkisins, og venzlamenn sem teljast til heimilisfólks þeirra, skulu ekki öðlast ríkisborgararétt móttökuríkisins eingöngu á grundvelli laga sem þar gilda.

3. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirskrifta af hálfu allra ríkja, sem gerast aðilar að samningnum, eins og hér segir:

til 31. október 1961 í utanríkisráðuneyti Austurríkis, og síðan í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 31. marz 1962.

4. gr.

Bókun þessa þarf að fullgilda. Fullgildingarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

5. gr.

Öllum ríkjum, sem gerast aðilar að samningnum, er heimilt að gerast aðilar að bókun þessari. Aðildarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

6. gr.

1. Bókun þessi skal taka gildi þann dag, er hið síðara af þessu tvennu verður: gildistaka samningsins eða þrítugasti dagur eftir að annað fullgildingar- eða aðildarskjalið hefur verið afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

2. Að því er varðar hvert ríki um sig sem fullgildir bókun þessa eða gerist aðili að henni eftir að hún tekur gildi samkvæmt 1. lið þessarar greinar, skal

bókunin taka gildi á þrítugasta degi eftir að hlutaðeigandi ríki hefur afhent fullgildingar- eða aðildarskjal sitt til varðveislu.

7. gr.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum ríkjum, sem verða aðilar að samningnum

- a) undirskriftir undir bókun þessa og að fullgildingar- eða aðildarskjöl hafi verið afhent til varðveislu samkvæmt 3., 4. og 5. grein;
- b) dag þann er bókun þessi tekur gildi samkvæmt 6. grein.

8. gr.

Frumrit bókunar þessarar, sem gerð er á ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spönsku, og allir textarnir jafngildir, skal varðveitt af framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna; hann skal senda staðfest eftirrit af því til allra ríkja, sem tilgreind eru í 3. grein.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, með fullu umboði frá ríkisstjórnnum sínum, undirskrifað bókun þessa.

Gjört í Vínarborg, hinn 18. dag apríl-mánaðar 1961.

Fylgiskjal III.

**KJÖRFRJÁLS BÓKUN VARÐANDI
SKYLDUBUNDNA LAUSN DEILUMÁLA**

ÞAU RÍKI, sem aðilar eru að þessari bókun og að Vínar-samningnum um stjórnmalasamband, - sem hér á eftir verður nefndur „samningurinn“ -, er samþykktur var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var í Vínarborg 2. marz til 14. apríl 1961

LÁTA Í LJÓS ÞÁ ÓSK að hlíta hinni skyldubundnu lögsögu Alþjóðadómstólsins í öllum málum er þau varða í sambandi við sérhverja deilu um túlkun eða framkvæmd samningsins, nema aðilar

Alpt. 1983. A. (106. löggjafarþing).

hafi komið sér saman um einhverja aðra aðferð til lausnar deilunni innan hæfilegs frests, og

GERA SAMKOMULAG um það sem hér fer á eftir:

1. gr.

Deilur sem rísa um túlkun og framkvæmd samningsins skulu falla undir hina skyldubundnu lögsögu Alþjóðadómstólsins, og má því skjóta þeim til dómstólsins samkvæmt kröfu hvers þess deiluaðila, sem hlut á að þessari bókun.

2. gr.

Áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því að annar aðilinn hefur tilkynnt hinum þá skoðun sína að um deilu sé að ræða, geta aðilarnir samið um að leggja málið til gerðardóms og ekki til Alþjóðadómstólsins. Að þeim fresti liðnum getur hvor aðilinn um sig krafizt þess, að deilan sé lögð til dómstólsins.

3. gr.

1. Áður en sama tveggja mánaða tímabil er liðið geta aðilarnir samið um að taka upp sáttanuleitanir.

2. Sáttanefndin skal leggja fram tillögur sínar áður en fimm mánuðir eru liðnir frá því að hún var tilnefnd. Ef aðilar samþykkja ekki tillögur hennar innan tveggja mánaða tímabils frá því að þær koma fram, getur hvor aðila um sig krafizt þess að deilan sé lögð til dómstólsins.

4. gr.

Ríki sem eru aðilar að samningnum, að hinni kjörfrjálsu bókun varðandi öflun ríkisborgararéttar og að þessari bókun, geta hvenær sem er lýst yfir því, að þau vilji rýmka ákvæði þessarar bókunar svo, að þau taki til deilna út af túlkun eða framkvæmd kjörfrjálsu bókunarinnar varðandi öflun ríkisborgararéttar. Slikum yfirlýsingum skal beint til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

213

5. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirskrifta af hálfu allra ríkja sem gerast aðilar að samningnum, eins og hér segir:

til 31. október 1961 í utanríkisráðuneyti Austurríkis, og síðan í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 31. marz 1962.

6. gr.

Bókun þessa þarf að fullgilda. Fullgildingarskölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

7. gr.

Öllum ríkjum sem gerast aðilar að samningnum er heimilt að gerast aðilar að bókun þessari. Aðildarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

8. gr.

1. Bókun þessi skal taka gildi þann dag, er hið síðara af þessu tvennu verður: gildistaka samningsins eða þritugasti dagur eftir að annað fullgildingar- eða aðildarskjalið hefur verið afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

2. Að því er varðar hvert ríki um sig sem fullgildir bókun þessa eða gerist aðili að henni eftir að hún tekur gildi sam-

kvæmt 1. lið þessarar greinar, skal bókunin taka gildi á þritugasta degi eftir að hlutaðeigandi ríki hefur afhent fullgildingar- eða aðildarskjál sitt til varðveislu.

9. gr.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum ríkjum, sem verða aðilar að samningnum:

- a) undirskriftir undir bókun þessa og að fullgildingar- og aðildarskjöl hafi verið afhent til varðveislu samkvæmt 5., 6. og 7. grein;
- b) yfirlýsingar sem gefnar eru samkvæmt 4. grein í bókun þessari;

- c) dag þann er bókun þessi tekur gildi samkvæmt 8. grein.

10. gr.

Frumrit bókunar þessarar, sem gerð er á ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spönsku, og allir textarnir jafngildir, skal varðveitt af framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna; hann skal senda staðfest eftirrit af því til allra ríkja, sem tilgreind eru í 5. grein.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, með fullu umboði frá ríkisstjórnnum sínum, undirskrifað bókun þessa.

Gjört í Vínarborg, hinn 18. dag aprilmánaðar 1961.

Fylgiskjal II.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, ásamt athugasemdum við frumvarp til sömu laga (samhljóða lögum nr. 30/1980).

Nd. **156. Frumvarp til laga** [105. mál]
um breyting á lögum nr. 19 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

1.—10. gr. laga þessara taka eigi til annarra ríkja, að því er varðar rétt yfir fasteignum til afnota fyrir sendiráðsskrifstofur og bústaði forstöðumanna sendi-

ráða eða fasteignum, sem þau ríki eignast til íbúðar fyrir aðra starfsmenn sendiráða sinna.

Kaupsamninga eða afsöl fyrir fasteignum, sem um ræðir í 1. mgr., skal leggja fyrir dómsmálaráðuneytið og öðlast gerningurinn eigi gildi fyrr en ráðuneytið hefur samþykkt hann með áritun sinni.

2. gr.

Við lögina bætist ný grein, sem verður 12. gr., svohljóðandi:

Lög þessi taka eigi til þegna annarra ríkja, að því leyti, sem þau kynnu að koma í bága við milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur frumvarps þessa er að setja skýrar reglur um kaup erlendra ríkja á fasteignum, svo og lóðarréttindum fyrir slíkar fasteignir, vegna sendiráðsstarfsemi á Íslandi.

11. gr. laga nr. 19 1966 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna er að stofni til úr lögum nr. 63 1919, en í framsögu fyrir frumvarpinu að þeim lögum kom m. a. fram, að sjálfsgöð kurteisi þætti að undanskilja erlend ríki ákvæðum þessara laga að því er varðar rétt yfir fasteignum til embættisafnota handa umboðsmönnum þeirra hér á landi.

Með fjölgun erlendra sendiráða á Íslandi og auknum starfsmannafjölda þeirra þykir nú orðið tímabært að lögfasta sérstök ákvæði um að samþykkis íslenskra stjórnvalda skuli aflað, áður en fasteignum eða lóðum sé afsalað til erlendra ríkja vegna sendiráðsstarfsemi þeirra hér á landi.

Árið 1971 gerðist Ísland aðili að alþjóðasamningnum um stjórnmalasamband — Vínarsamningnum — frá 18. apríl 1961 og hafa ákvæði samningsins lagagildi á Íslandi, sbr. lög nr. 16 31. mars 1971. Í 11. gr. þessa samnings segir, að þegar ekki sé gerður sérstakur samningur um stærð sendiráðs, geti móttökuríki krafist þess, að stærð sendiráðs verði sett takmörk, er það telur hæfileg og eðlileg með hliðsjón af aðstæðum og ástandi í móttökuríkinu og þörfum hlutaðeigandi sendiráðs.

Í 22. gr. sama samnings segir, að sendiráðssvæðið skuli njóta friðhelgi og að sérstök skylda hvíli á móttökuríkinu til að gera allar þær ráðstafanir, sem viðeigandi eru, til að vernda sendiráðssvæðið fyrir öllum árásum og tjóni og koma í veg fyrir röskun á friði sendiráðsins eða skerðingu á virðingu þess. Ennfremur er í 30. gr. sama samnings ákvæði um, að einkaheimili sendierindreka skuli njóta sömu friðhelgi og verndar sem sendiráðssvæðið.

Þegar framangreind ákvæði eru virt þykir ljóst, að bæði sé nauðsynlegt fyrir íslensk stjórnvöld að geta sett fasteignakaupum erlendra sendiráða vissar skorður með hliðsjón af 11. gr. Vínarsamningsins, svo og gera ákvæði 22. og 30. gr. Vínarsamningsins stjórnvöldum nauðsynlegt að geta haft hönd í bagga með staðarvali fyrir húsnæði, sem sendiráð vilja eignast fyrir starfsemi sína, þannig að nauðsynlegri löggæslu verði þar við komið.

Að öðru leyti en að framan greinir er vísað til athugasemda við einstakar greinar frv. hér á eftir.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að dómsmálaráðuneytið veiti það leyfi, sem um er fjallað í greininni, að fenginni umsögn utanríkisráðuneytisins og lögreglustjóra hlutaðeigandi lögsagnarumdæmis.

Um 2. gr.
Þessi grein er sem næst óbreytt frá 2. tölulið 11. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.
Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal III.

Svör utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Halldóri Blöndal á þskj. 95 (tölulið II) um umsvif erlendra sendiráða. (Á dagskrá Sameinaðs þings 11. mars 1980.)

SVÖR utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Halldóri Blöndal í þskj. 95 (tölulið II) um umsvif erlendra sendiráða.

Snemma á síðastliðnu ári gerði utanríkisráðuneytið könnun á fjölda starfsmanna erlendra sendiráða í Reykjavík, en slíkar athuganir fóru einnig fram 1971 og 1974. Yfirlit þetta nær yfir allt erlent starfsfólk sendiráða og fjölskyldur þess svo og íslenska þegna, er starfa í erlendum sendiráðum. Er þar miðað við starfsheitaflökun Vínarsamningsins frá 1961 um stjórnmálasamband.

1. Tólf ríki hafa sendiráðsskrifstofur í Reykjavík. Þau eru Bandaríkin, Bretland, Danmörk, Frakkland, Kína, Noregur, Pólland, Sovétríkin, Svíþjóð, Tékkóslóvakía, Sambandslýðveldið Þýskaland og Alþýðulýðveldið Þýskaland. Útsent starfsfólk við þessi sendiráð er samtals 118. Auk þess starfa við sendiráðin fáeinir ríkisborgarar annarra ríkja og 29 íslenskir ríkisborgarar.

Af útsendum starfsmönnum hafa 51 diplómatiskt réttindi (sendiherrar, sendifulltrúar, sendiráðunautar, sendiráðsritarar o. s. frv.), en aðrir starfsmenn, alls u. þ. b. 100 manns, teljast til skrifstofu-, tækni- og þjónustu-starfsmanna.

Í sendiráði Bandaríkjanna starfa 18 Bandaríkjamenn og 14 Íslendingar, en 1971 störfuðu hér 16 Bandaríkjamenn og 19 Íslendingar.

Í sendiráði Sovétríkjanna starfa 35 Sovétmenn, en voru 30 árið 1971. Engir Íslendingar hafa verið þar að störfum, hvorki 1979 né 1971.

Í sendiráði Kína starfa nú 20 manns, allir kínverskir. Þetta sendiráð hafði ekki verið opnað 1971, þegar fyrsta könnun ráðuneytisins var gerð, en í 2. könnun þess árið 1974 voru starfsmenn 14.

Önnur sendiráð í Reykjavík eru verulega minni en þau þrjú, sem hér hafa verið gerð að umtalsefni.

2. Bandaríkin starfrækja hér upplýsingaskrifstofu og Sovétríkin fréttastofu.

Í bandarísku upplýsingaþjónustunni starfa 2 diplómatiskir starfsmenn og eru þeir taldir með starfslíði bandaríska sendiráðsins í heildartölunum hér að framan. Auk þeirra starfa 7 Íslendingar við stofnunina.

Sovétríkin starfrækja hér APN-fréttastofuna og vinna þar sovésk hjón ásamt 3 Íslendingum.

3. 117 fjölskyldumeðlimir dveljast hér með þeim 118 útsendu starfsmönnum, sem um er rætt í 1. tölulið.

4. a Erlend sendiráð eiga hér 18 fasteignir, samtals rökkegla 33 þúsund rúmmetra.

Sovétríkin eiga 4 fasteignir í Reykjavík, samtals 7261 rúmmetra, Bandaríkin 2, samtals 3923 rúmmetra, Kínverska alþýðulýðveldið 2, samtals 3739 rúmmetra og Sambandslýðveldið Þýskaland 2, samtals 3712 rúmmetra. Frakkland og Noregur eiga einnig 2 fasteignir hvort ríki, en þær eru talsvert minni í rúmmetrum talið. Önnur ríki eiga hér eina fasteign hvert, nema Pólverjar, sem ekki eru skráðir fyrir neinni fasteign hér á landi.

4. b Samkvæmt nýju yfirliti ráðuneytisins eru nú samtals 97 bifreiðar skráðar hér á landi í eigu erlendra sendiráða og sendiráðsstarfsmanna.

5. Leiguhúsnæði.

Pólska sendiráðið leigir húsnæði að Grenimel 7 og upplýsinga- og fréttastofnanirnar leigja að Neshaga 16 og Suðurgötu 13. Þeir starfsmenn, sem ekki búa í framangreindum fasteignum í eigu sendiráðanna, búa í leiguhúsnæði víðs vegar í Reykjavík og nágrennabygðum.

6. Erlendar ríkisstjórnir hafa ekki fengið heimild til neinnar annarrar starfsemi hér á landi en þeirrar, sem greinir í svörum við 1. og 2. tölulið fyrirspurnarinnar.

Aðurgreind skýrsla utanríkisráðuneytisins frá 1979 er fylgiskjal með svari þessu. Enn fremur nýtt yfirlit yfir bifreiðaeign sendiráðanna, svo og ný skrá yfir þá erlenda starfsmenn sendiráðanna, er fengið höfðu persónuskilríki 17. janúar 1980.

Sendiráð í Reykjavík í janúar/febrúar 1979.

Yfirlit yfir fjölda starfsmanna erlendra sendiráða í Reykjavík (Miðað er við starfsheitaflokkun Vínarsamningsins frá 1961 um stjórnmalasamband).

1. Bandaríki N.-Ameríku:

Bandarískir þegnar:

a) Stjórnarsendimenn	8 + 22	fjölskyldumeðlimir
b) Skrifstofu- og tæknimenn	10 + 6	„
Samtals	18 + 28	„

Íslenskir þegnar:

b) Skrifstofu- og tæknimenn	14	
Samtals	14	

Þegnar annarra ríkja:

b) Skrifstofu- og tæknimenn (br.)	1 + 1	fjölskyldumeðlimir
c) Þjónustustarfsmenn (br.d.)	2	„
Samtals	3 + 1	„

2. Bretland:

Breskir þegnar:

a) Stjórnarsendimenn	4 + 7	fjölskyldumeðlimir
b) Skrifstofu- og tæknimenn	1	„
Samtals	5 + 7	„

Íslenskir þegnar:

b) Skrifstofu- og tæknimenn	2	
Samtals	2	

Þegnar annarra ríkja:

b) Skrifstofu- og tæknimenn (fr.)	1	
d) Einkaðþjónustufólk (tanz.)	1	
Samtals	2	

3. Danmörk:

Danskir þegnar:

a) Stjórnarsendimenn	2	
b) Skrifstofu- og tæknimenn	2	
d) Einkaðþjónustufólk	1	
Samtals	5	

Íslenskir þegnar:

b) Skrifstofu- og tæknimenn	1	
c) Þjónustustarfsmenn	1	
Samtals	2	

Þegnar annarra ríkja:

a) Stjórnarsendimenn (br.irl.)	5	fjölskyldumeðlimir
d) Einkaðþjónustufólk (br.)	1	„
Samtals	1 + 5	„

4. Frakkland:

Franskir þegnar:

a) Stjórnarsendimenn	4 + 4	fjölskyldumeðlimir
b) Skrifstofu- og tæknimenn	5	„
d) Einkabjónustufólk	1	„
Sendikennari	1 + 1	„
Samtals	11 + 5	„

Íslenskir þegnar:

b) Skrifstofu- og tæknimenn	2	
Samtals	2	

Þegnar annarra ríkja:

c) Þjónustustarfsmenn (br.)	1	
Samtals	1	

5. Kína:

Kínverskir þegnar:

a) Stjórnarsendimenn	6 + 4	fjölskyldumeðlimir
b) Skrifstofu- og tæknimenn	9 + 5	„
c) Þjónustustarfsmenn	5 + 5	„
Samtals	20 + 14	„

6. Noregur:

Norskir þegnar:

a) Stjórnarsendimenn	2 + 2	fjölskyldumeðlimir
b) Skrifstofu- og tæknimenn	2	„
Samtals	4 + 2	„

Íslenskir þegnar:

b) Skrifstofu- og tæknimenn	1	
Samtals	1	

7. Pólland:

Pólskir þegnar:

a) Stjórnarsendimenn	2 + 2	fjölskyldumeðlimir
b) Skrifstofu- og tæknimenn	1 + 1	„
Samtals	3 + 3	„

8. Sovétríkin:

Sovéskir þegnar:

a) Stjórnarsendimenn	13 + 19	fjölskyldumeðlimir
b) Skrifstofu- og tæknimenn	16 + 17	„
c) Þjónustustarfsmenn	6 + 6	„
Samtals	35 + 42	„

9. Svíþjóð:

Sænskir þegnar:

a) Stjórnarsendimenn	2 + 1	fjölskyldumeðlimir
Samtals	2 + 1	„

Íslenskir þegnar:

b) Skrifstofu- og tæknimenn	1	
Samtals	1	

Þegnar annarra ríkja:

c) Þjónustustarfsmenn (n.)	1	
Samtals	1	

10. Tékkóslóvakía:

Tékkneskir þegnar:

a) Stjórnarsendimenn	1 + 1	fjölskyldumeðlimir
b) Skrifstofu- og tæknimenn	3 + 4	„
Samtals	4 + 5	„

11. Sambandslýðveldið Þýskaland:

Þýskir þegnar:

a) Stjórnarsendimenn	4 + 8	fjölskyldumeðlimir
b) Skrifstofu- og tæknimenn	3	
Samtals	7 + 8	„

Íslenskir þegnar:

b) Skrifstofu- og tæknimenn	1	
c) Þjónustustarfsmenn	4	
Samtals	5	

12. Þýska alþýðulýðveldið

Þýskir þegnar:

a) Stjórnarsendimenn	2 + 2	fjölskyldumeðlimir
b) Skrifstofu- og tæknimenn	2	
Samtals	4 + 2	„

Íslenskir þegnar:

c) Þjónustustarfsmenn	2	
Samtals	2	

Skýringar:

1. Skammstafanir í svigum á eftir þegnum annarra ríkja eru sem hér segir:
br. breskir þegnar
d. danskir þegnar
fr. franskir þegnar
írl. írskir þegnar
n. norskir þegnar
tanz. frá Tanzaníu
p. portúgalskir þegnar

2. Upplýsingar varðandi sendiráð Frakklands eru með fyrirvara, þar sem erindi ráðuneytisins var ekki svarað þrátt fyrir munnlegan eftirrekstur. Er því miðað við upplýsingar, sem fyrir hendi eru í skjalasafni ráðuneytisins, og jafnframt tekið tillit til þeirra breytinga, sem starfsfólki ráðuneytisins eru kunnar.
3. Börn sendiráðsmanna búsett erlendis eru ekki talin með í fjölskylduliðnum.
4. Makar og börn íslenskra starfsmanna sendiráða eru ekki talin með í fjölskylduliðnum.

II.

Yfirlit yfir fjölda starfsmanna sendiráða, sundurliðað í samræmi við starfsheitaflökkun Vínarsamningsins frá 1961 um stjórnálagasamband.

	Skrifst. og tæknimenn			Pj.starfsmenn		Einkaþj. starfsmenn		Þegnar annarra ríkja	Heildfj. starfsm.			Dagsetm. upplýsinga
	Stj.sendim.	sendir.	isl.	sendir.	isl.	sendir.	isl.		sendir.	isl.	aðrir	
1. Bandaríkin	8/22	10/6	14					3/1	18/28	14	3/1	16.1.1979
2. Bretland	4/7	1	2					2	5/7	2	2	16.1.1979
3. Danmörk	2/*	2	1		1	1		1/5	5/	2	1/5*	16.1.1979
4. Frakkland	5/5	5	2			1		1	11/5	2	1	(m. fyrirv.)
5. Kína	6/4	9/5		5/5					20/14			18.1.1979
6. Noregur	2/2	2	1						4/2	1		15.1.1979
7. Pólland	2/2	1/1							3/3			15.1.1979
8. Sovétríkin	13/19	16/17		6/6					35/42			8.2.1979
9. Svíþjóð	2/1		1					2	2/1	1	1	17.1.1979
10. Tékkóslóvakía	1/1	3/4							4/5			18.1.1979
11. Sambandslýðv. Þýskal.	4/8	3	1		4				7/8	5		18.1.1979
12. Þýska alþýðulýðv.	2/2	2			2				4/2	2		1.2.1979

Skýringar:

- Aftan við skástrík eru aðrir fjölskyldumедlimir.
 - Íslenskir ríkisborgarar eru því aðeins taldir, að þeir gegni sjálfstæðum störfum í sendiráði, þ. e. makar og börn eigi talin með.
- * makar og börn stjórnarsendimanna eru ríkisborgarar annarra ríkja.

III.

Tafla yfir heildarfjölda starfsmanna erlendra sendiráða í Reykjavík.

	Frá sendiríki + fjölskylda	frá öðrum erlendum ríkjum	íslenskir
1. Bandaríkin	18 + 28 = 46	3 + 1 = 4	14
2. Bretland	5 + 7 = 12	2	2
3. Danmörk	5 + * = 5	1 + 5* = 6	2
4. Frakkland	11 + 5 = 16	1	2
5. Kína	20 + 14 = 34		
6. Noregur	4 + 2 = 6		1
7. Pólland	3 + 3 = 6		
8. Sovétríkin	35 + 42 = 77		
9. Svíþjóð	2 + 1 = 3	1	1
10. Tékkóslóvakía	4 + 5 = 9		
11. Sambandslýðv. Þýskaland	7 + 8 = 15		5
12. Þýska alþýðulýðveldið	4 + 2 = 6		2
Samtals	118 + 117 = 235	4 + 6 = 14	29

Skýringar:

- * makar og börn stjórnarsendimanna eru ríkisborgarar annarra ríkja.

IV.

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

1. Upplýsingaþjónusta Bandaríkjanna

Forstöðumaður er Mr. Irving E. Rantanen. Þar vinnur einnig Mr. Paul J. Saxton og eru báðir kvæntir og eiga eitt barn hvor. Starfsmennirnir eru diplomatar á vegum sendiráðsins og eru taldir með í yfirliti yfir fjölda starfsmanna þess. Auk þeirra starfa nú 7 Ís-

lendingar við stofnunina, sem er til húsa í leiguhúsnæði að Neshaga 16.

2. APN fréttastofan (NOVOSTI)

Forstöðumaður er Evgeni Barbukhov. Auk hans starfar við stofnunina eiginkona hans, Natalia Barbukhova, og eiga þau eitt barn. Einnig starfa nú við stofnunina 3 Íslendingar. Íslensk kona er skráð ábyrgðarmaður ritsins „Fréttir frá Sovétríkjunum“, og starfar hún stöku sinnum við stofnunina.

V.

Fasteignir erlendra ríkja í Reykjavík vegna sendiráða.

1. Bandaríki N-Ameríku Laufásvegur 21—23		3.923.0 m³
2. Bretland Laufásvegur 33		1.595.0 m³
3. Danmörk Hverfisgata 29		3.065.0 m³
4. Frakkland Túngata 22	1.124.0 m ³	
Skálholtsstígur 6	1.630.0 m ³	2.754.0 m³
5. Kínverska alþýðulýðveldið Viðimelur 29	2.190.0 m ³	
Viðimelur 25	1.549.0 m ³	3.739.0 m³
6. Noregur Fjólugata 15	1.380.0 m ³	
Fjólugata 17	1.090.0 m ³	2.470.0 m³
7. Pólland Engin fasteign		
8. Sovétríkin Garðastræti 33	2.122.0 m ³	
Garðastræti 35	1.269.0 m ³	
Túngata 9	2.058.0 m ³	
Túngata 24	1.812.0 m ³	7.261.0 m³
9. Svíþjóð Fjólugata 9		1.816.0 m³
10. Tékkóslóvakía Smáragata 16		1.555.0 m³
11. Sambandslýðveldið Þýskaland Laufásvegur 70	1.198.0 m ³	
Túngata 18	2.514.0 m ³	3.712.0 m³
12. Alþýðulýðveldið Þýskaland Ægissíða 78		1.428.0 m³
Fasteignir erlendra ríkja vegna sendiráða í Reykjavík	Samtals	33.318.0 m³

VI.

Lóðareign erlendra ríkja í Reykjavík vegna sendiráða.

1. Bandaríki N-Ameríku Laufásvegur 21, 23 og Þingholtsstræti 36	981,0 m ²	
Þingholtsstræti 34	413,0 m ²	1.394,0 m²
2. Bretland Laufásvegur 31	1 270,5 m ²	
Laufásvegur 33	1 179,0 m ²	2 449,5 m²
3. Danmörk Hverfisgata 29		1 338,0 m²
4. Frakkland Túngata 22	1 000,3 m ²	
Skálholtsstígur 6	923,7 m ²	1 924,0 m²
5. Kínverska alþýðulýðveldið Viðimelur 29	810,0 m ²	
Viðimelur 25	900,3 m ²	1 710,3 m²
6. Noregur Fjólugata 15	929,6 m ²	
Fjólugata 17	913,0 m ²	1 842,6 m²
7. Pólland Engin fasteign		
8. Sovétríkin Garðastræti 33	1 162,1 m ²	
Garðastræti 35	1 130,5 m ²	
Túngata 9	555,3 m ²	
Túngata 24	824,2 m ²	3 672,1 m²
9. Svíþjóð Fjólugata 9		1 351,8 m²
10. Tékkóslóvakía Smáragata 16		971,4 m²
11. Þýska alþýðulýðveldið Ægissíða 78		1 059,0 m²
12. Sambandslýðveldið Þýskaland* Túngata 18	838,4 m ²	
Laufásvegur 70	660,0 m ²	1 498,4 m²
Lóðareign erlendra ríkja vegna sendiráða í Reykjavík	Samtals	19 211,1 m²

*Um er að ræða leigulóðir (til 75 ára).

VII.

Samanburður við sams konar kannanir, sem gerðar voru á árunum 1971 og 1974.

Heildarfjöldi starfsmanna sendiríkis og íslenskra starfsmanna:

	1971			1974			1979			Frá öðrum ríkjum.
	Samtals m. fjölsk.	Frá sendiríki Par af starfsm. a, b, og c.	Ísl.	Samtals m. fjölsk.	Frá sendiríki Par af starfsm. a, b, og c.	Ísl.	Samtals m. fjölsk.	Frá sendiríki Par af starfsm. a, b, og c.	Ísl.	
1. Bandaríkin	36	16	19	38	20	14	46	18	14	4
2. Bretland	21	7	6	18	7	3	12	5	2	2
3. Danmörk	7	6	2	8	5	3	5*	5	2	6*
4. Frakkland	8	8	4	20	10	2	16	11	2	1
5. Kína				15	14		34	20		
6. Noregur	8	5		6	4		6	4	1	
7. Pólland	6	2	2	7	3	1	6	3		
8. Sovétríkin	65	30		71	32		77	35		
9. Svíþjóð	7	4		7	3	1	3	2	1	2
10. Tékkóslóvakía	8	4		8	5		9	4		
11. Sambandslýðveldið Þýskaland	17	7	5	17	8	3	15	7	5	
12. Þýska alþýðulýðveldið				5	3		6	4	2	
Samtals	183	89	38	220	114	27	235	118	29	15

Fasteignir og lóðareign erlendra ríkja í Reykjavík vegna sendiráða:

	1971		1979	
	Fasteignir	Lóðareign	Fasteignir	Lóðareign
1. Bandaríkin	3 923,0 m ³	1 394,0 m ²	3 923,0 m ³	1 394,0 m ²
2. Bretland	1 595,0 m ³	2 449,0 m ²	1 595,0 m ³	2 449,0 m ²
3. Danmörk	3 065,0 m ³	1 338,0 m ²	3 065,0 m ³	1 338,0 m ²
4. Frakkland	2 754,0 m ³	1 924,0 m ²	2 754,0 m ³	1 924,0 m ²
5. Kína			A 3 739,0 m ³	A 1 710,3 m ²
6. Noregur	2 724,0 m ³	2 234,3 m ²	M 2 470,0 m ³	M 1 842,6 m ²
7. Pólland				
8. Sovétríkin	7 261,0 m ³	3 672,1 m ²	7 261,0 m ³	3 672,1 m ²
9. Svíþjóð	1 816,0 m ³	1 351,8 m ²	1 816,0 m ³	1 351,8 m ²
10. Tékkóslóvakía	1 555,0 m ³	971,4 m ²	1 555,0 m ³	971,4 m ²
11. Sambandslýðveldið Þýskaland	3 712,0 m ³	1 498,4 m ²	3 712,0 m ³	1 498,4 m ²
12. Þýska alþýðulýðveldið			1 428,0 m ³	A 1 059,0 m ²
Samtals	28 405,0 m ³	16 833,5 m ²	33 318,0 m ³	19 211,0 m ²

A = aukning
M = minnkun

VIII.

Nokkur atriði varðandi samanburð á tölum árána 1971, 1974 og 1979 viðvíkjandi erlendum starfsmönnum sendiráða og fjölskyldum þeirra.

1971 og 1974: Könnun ársins 1974 leiddi í ljós að útsendum starfsmönnum sendiríkja ásamt fjölskyldum búsettum hér á landi hafði fjölgað um **37**, þar af **25** sendimenn a, b og c. Fjölgunin átti aðallega rætur sínar að rekja til þess, að kínverska alþýðulýðveldið og þýska alþýðulýðveldið settu formlega á stofn sendiráð í Reykjavík. Útsendu starfslíði bandaríska og sovéska sendiráðsins fjölgaði sem hér segir: **Bandaríkin** 2 með fjölsk., þar af **4 sendim. a, b og c.** Sovétríkin 6 m/fjölsk., þar af **2 sendim. a, b og c.**

1974 og 1979: Á árinu 1979 hafði útsendum starfsmönnum sendiríkja, ásamt fjölskyldum, fjölgað um 15 frá því, sem þeir voru á árinu 1974. Könnun ársins 1979 gerir sérstaklega grein fyrir þegnum annarra ríkja en sendiríkis og gistiríkis, en þeir voru nú 14. Þurfa þessir 14 ríkisborgarar (aðallega vestrænna ríkja) að bætast við ofangreinda 15 til að gefa rétta mynd af hlutfalli milli árána þannig að heildaraukningin varð **29** frá og á vegum sendiríkis. Sendimönnum a, b og c fjölgaði um **4** á sama tíma.

1971 og 1979: Ef bornar eru saman tölur ársins 1971, þegar fyrst var tekið saman nákvæmt yfirlit yfir starfsfólk á vegum erlendra sendiráða, og ársins 1979 (jan./febr.) sést að útsendum starfsmönnum sendiríkis ásamt fjölskyldum hafi á þessum tæplega 8 árum fjölgað um 52.

Þegar við bætast ofangreindir 14 þegnar erlendra ríkja verður aukningin samtals 66 erlendir starfsmenn ásamt fjölskyldum, þar af 29 sendimenn a, b og c. Þessa miklu fjölgun má einkum rekja til tilkomu sendiráða Kína og Þýska alþýðulýðveldisins, sbr. ofangreint.

Útsendum starfsmönnum Bandaríkjanna, Sovétríkjanna og Kína fjölgaði sem hér segir:

Bandaríkin: 10 starfsmenn m/fjölsk., þar af 2 sendimenn a, b og c.

Sovétríkin: 12 starfsmenn m/fjölsk., þar af 5 sendimenn a, b og c.

Kína (frá '74) 19 starfsmenn m/fjölsk., þar af 6 sendimenn a, b og c.

Peir sem hafa persónuskilríki pr. 17. jan. 1980:

	Diplomatar	eiginkonur	starfsmenn	eiginkonur	börn	þjónustufólk
Sovétríkin	13	13	24	19		
Bandaríkin	7	4	11	1	17	
Bretland	4	3	2			
Kína	5	1	14			
Tékkóslóvakía	1	1	3	2	2	
Frakkland	8	4	1			1
V-Þýskaland	4	4	3	1	4	
A-Þýskaland	2	2				
Noregur	2	1	2			
Danmörk	2	2				1
Pólland	2	2	1	1	1	
Svíþjóð	2	2				1

Bifreiðar erlendra sendiráða í Reykjavík (í ársbyrjun 1980):

Sendiráð	Bifreiðar	Sendiráð	Bifreiðar
Kína	6	A-Þýskalands	3
Tékkóslóvakíu	5	Noregs	4
Danmerkur	6	Póllands	2
Frakklands	11	Svíþjóðar	3
V-Þýskalands	12	Sovétríkjanna	18
Bretlands	7		
Bandaríkjanna	20		
			Samtals 97

Sp. 332. Fyrirspurn [187. mál]

til utanríkisráðherra um erlend sendiráð, upplýsingastarfsemi og menningarstofnanir á vegum erlendra aðila hérlendis.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hve fjölmennt er starfslið erlendra sendiráða hér á landi hvers um sig, erlendir og innlendir ríkisborgarar, og hversu margt fjölskyldulið fylgir hinum útlendu starfsmönnum?
2. Hvaða erlendir aðilar, ríkisstjórnir eða aðrir, starfrækja hér upplýsingastarfsemi, fréttamiðlun og menningarstofnanir? Hve margir starfa að slíku á vegum hvers aðila og hvaða samningar hafa verið gerðir um þessa starfsemi?
3. Hverjar eru skráðar eignir ofangreindra erlendra aðila hér á landi, fasteignir, lóðir og bifreiðar og hvaða húsnæði hafa þeir á leigu?

Skriflegt svar óskast.

Ed.

333. Nefndarálit

[144. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Á haustþinginu voru fjölmargir fundir haldnir um málið í nefndinni þar sem stefnt var að afgreiðslu þess fyrir hátíðar sem þó tókst ekki. Þegar þing kom saman að nýju var aftur tekið að vinna að málinu. Hafa nefndinni borist margháttuð erindi og gögn og notið ágættrar aðstoðar embættismanna.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingartillögum sem hann flytur á sérstöku þingskjali. Minni hl. mun skila séráliti.

Umfjöllun fjárveitinganefndar um fjárlagafrumvarpið leiddi til breytinga sem jafnframt hafa áhrif á lánsfjárlagafrumvarpið. Nauðsynleg heimild til erlendrar lántöku A- og B-hluta ríkissjóðs er nú metin alls 1641 m. kr. í stað 1708 m. kr. eins og er í frumvarpi til lánsfjárlaga.

Ákvörðun ríkisstjórnar frá s. l. ári um að hækka lán Húsnæðisstofnunar um 50% jók útgjöld stofnunarinnar um 280—290 m. kr. 122 m. kr. koma til greiðslu á árinu 1984 og er því lagt til að heimild til innlendrar lánsfjáröflunar hækki um þá upphæð, þ. e. í stað 478 m. kr. er leitað heimildar til 600 m. kr. lántöku. Innlenda lánsfjáröflunin deilist þannig að ríkissjóði, A- og B-hluta, eru ætlaðar 278 m. kr. og Byggingarsjóði ríkisins 322 m. kr. Þess skal getið að á árinu 1983 hækkuðu lánveitingar Húsnæðisstofnunar vegna þessa verkefnis um 160 m. kr. og var það fjármagnað með 43 m. kr. skuldabréfasölu og um 120 m. kr. fjárúttegum ríkissjóðs. Þá er jafnframt í frumvarpinu heimild til 200 m. kr. skuldabréfaútgáfu vegna sérstakrar fjáröflunar til Byggingarsjóðs ríkisins eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið. Takist ekki að afla þess lánsfjár, sem lánsfjárlögin gera ráð fyrir, er óhjákvæmilegt að útlánaáform Húsnæðisstofnunar komi til endurskoðunar.

Við afgreiðslu fjárlaga urðu þær breytingar að lánsfjáröflun til vegagerðar lækkaði um 87 m. kr., m. a. vegna lækkunar á mörkuðum tekjum til vegagerðar. Á móti hækkaði fyrirhuguð lántaka Byggingarsjóðs rannsóknastofnana atvinnuveganna um 2.0 m. kr. og stefnt er að lántöku hjá Póst- og símamálastofnuninni, alls 30.0 m. kr., en heimild til þeirrar lántöku liggur fyrir í sérlögum. Í meðförum fjárhags- og viðskiptanefndar er að auki gert ráð fyrir lántöku vegna kaupa á flugleiðsögutækjum flugmálastjórnar að andvirði allt að 17.4 m. kr., en ekki var ætluð fjárveiting vegna þessa í fjárlögum 1984.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp um lántöku o. fl. vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli (140. mál). Þar er gert ráð fyrir að árlega verði lántökur til flugstöðvarframkvæmda ákveðnar í lánsfjárlögum. Hér er miðað við, eins og fram kemur í athugasemdum með lánsfjárfrumvarpinu, að lántaka verði 88.3 m. kr. Á þetta er bent vegna umfjöllunar um frumvarp um flugstöð í Keflavík.

Fjárhags- og viðskiptanefnd taldi nauðsynlegt að gefin yrði nánari sundurliðun en fram kemur í lánsfjáraætlun um ráðstöfun lánsfjár Landsvirkjunar til framkvæmda. Að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið er lagt til að framkvæmdum verði hagað í samræmi við þá skiptingu sem fram kemur í breytingartillögu meiri hl. við 3. gr.

Á 4. gr. frumvarpsins er gerð eftirfarandi breyting: Fyrirhuguð er lántökuheimild til grænófóðurverksmiðju í Skagafirði, alls 9.0 m. kr. Ráðgert er að þetta lán endurgreiðist með auknu hlutafé eignaraðila. Þá er lántaka vegna sjóefnavinnslu á Reykjanesi hækkuð um 11.0 m. kr., eða í 45 m. kr., og er þetta nauðsynlegt vegna vaxta og afborgana af eldri lánnum.

Við gerð áætlunar fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar láðist að taka tillit til fjármagnskostnaðar vegna skuldbreytinga á lánnum hitaveitunnar. Því er lögð til viðbótarlánsheimild að fjárhæð 14.0 m. kr. Þannig nemur lánsfjárheimildin alls 22.5 m. kr. Þá er fallist á ósk Hitaveitu Kjalarness um heimild til 25 m. kr. lántöku til stofnframkvæmda við lagningu hitaveitu í hreppnum.

Í aths. við 7. gr. frumvarpsins er greint frá 32 m. kr. hækkun lánveitinga og lánsfjáröflun Framkvæmdasjóðs. Gert var ráð fyrir að 6 m. kr. rynnu til Landflutningasjóðs, en það á að vera til Útflutningsláναςjóðs og leiðréttist hér með.

Við fjárlagaafgreiðslu á Alþingi fyrir árið 1984 var framlag ríkissjóðs til Iðnrekstrar-sjóðs hækkað úr 5 m. kr. í 15 m. kr. Í samræmi við þá afgreiðslu er nauðsynlegt að breyta 22. gr. frv. til samræmis við þetta.

Bætt er við nýrri grein í frumvarpið þar sem frestað er gildistöku ákvæðis um lánveitingar Láναςjóðs ísl. námsmanna á árinu 1984. Gert er ráð fyrir að 95% af umframfjárbörf námsmanna verði mætt, eins og var á árinu 1983.

Lagt er til að 28. gr. frv. breytist með tvennum hætti. Í fyrsta lagi þarf viðbótarheimild til erlendar lántöku vegna lánsfjárlaga fyrir 1983. Í ljós hefur komið að fjármagnsútgjöld vegna Kröflu og Byggðalínu reyndust verulega hærri en áður var talið og því er sótt um heimild til 400 m. kr. viðbótarlántöku í stað 340 m. kr. Í öðru lagi er leitað heimildar til ríkisábyrgðar vegna lántöku Hitaveitu Vestmannaeyja og Hitaveitu Rangæinga á árinu 1983, alls 39.2 m. kr.

Ekki er gerð brtt. við 29. gr., en rétt er að gera grein fyrir því að yfirdráttarskuld ríkissjóðs í árslok 1983 reyndist um 1220 m. kr. Heimildar til þess að mæta þessari fjárbörf er að hluta til leitað í 28. gr., 120 m. kr., en að öðru leyti í 29. gr. Fyrir áramót var gengið frá láni í Seðlabankanum, alls 20 m. SDR, eða um 600 m. kr., en eftir er að ganga frá eftirstöðvum yfirdráttarskuldurinnar.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um innlenda lánsfjáröflun, nú lög nr. 79/1983, var þess getið að markaður hinna hefðbundnu spariskírteina ríkissjóðs hefði þrengst, en með lögunum er ríkissjóði gert kleift að bjóða fjölbreyttara form skuldaviðurkenninga. Í samræmi við ákvæði þessara laga öfluðust 43 m. kr. á árinu 1983 sem ríkissjóður endurlánaði síðan Byggingarsjóði ríkisins. Þessi fjárúttegur kom í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar í október 1983 um 50% hækkun lánveitinga til húsbýggjenda sem lán höfðu fengið 1982 og 1983.

Að lokum skal þess getið að í yfirliti, sem fylgdi frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1983, var gert ráð fyrir erlendri lántöku Iðnþróunarsjóðs að fjárhæð 20 m. kr. Hins vegar tók sjóðurinn engin erlend lán á árinu 1983 og hefur farið fram á að mega flytja lántökuáform þessi yfir á árið 1984. Hér er lagt til að erlendar lántökur á árinu 1984 til Iðnþróunarsjóðs hækki frá fyrri áætlunum sem þessu nemur, eða úr 30 m. kr. í 50 m. kr.

Alþingi, 8. febr. 1984.

Ey. Kon. Jónsson,
form., frsm.

Lárus Jónsson.
Tómas Árnason.

Valdimar Indriðason.

Fylgiskjal I.

Lánsfjáröflun 1984 — Heildaryfirlit (í m. kr.)

	Spariskírteini verðbréfa kaup bankakerfis o. fl.	Lífeyrissjóðir	Önnur innlend lánsfjáröflun	Erlend lán	Heildarláns- fjárförð
1. Ríkissjóður					
A-hluti	666,7 ¹⁾	120,0	158,0	605,7	1 550,4
B-hluti				1 065,4	1 065,4
Fyrirtæki með eignaraðild ríkis- sjóðs				1 064,0	1 064,0
Sveitarfélög				136,3	136,3
	666,7	120,0	158,0	2 871,4	3 816,1
2. Húsbýggingasjóðir					
Byggingarsjóður ríkisins	45,0 ²⁾	525,4	437,0 ³⁾	—	1 007,4
Byggingarsjóður verkamanna	—	164,6	—	—	164,6
	45,0	690,0	437,0	—	1 172,0
3. Lánastofnanir					
Framkvæmdasjóður Íslands	250,0 ⁴⁾	110,0	—	652,0	1 012,0
Iðnþróunarsjóður	—	—	—	50,0	50,0
Stofnlánasjóður landbúnaðarins	—	18,0	—	—	18,0
	250,0	128,0	—	702,0	1 080,0
4. Atvinnufyrirtæki					
Sjá lánsfjáráætlun '84	—	—	—	1 000,0	1 000,0
Alls	961,7	938,0	595,0	4 573,4	7 068,1

1) Þar af 200 m. kr. ný útgáfa spariskírteina.

2) Skyldusparnaður ungmenna.

3) Sérstök spariskírteinaútgáfa 200 m. kr., fjáröflun vegna viðbótarlána 1983 122 m. kr. og lántaka hjá Atvinnuleysistryggingasjóði 115 m. kr.

4) Verðbréfa kaup bankakerfis.

Fylgiskjal II.

Lántökur til opinberra aðila 1984. (Í þús. kr.)

	Lántökur 1984
1.1. A-hluti:	
Vegagerð	393 000
Aðrar lántökur A-hluta	1 157 400
	Samtals A-hluti 1 550 400
1.2 B-hluti:	
Byggðasjóður	120 000
Landakaup kaupstaða og kaupþúna	1 000

	Lántökur 1984
Byggingasjóður Rannsóknarst. atvinnuv.	14 000
Lánasjóður ísl. námsmanna	258 437
RARÍK, almennar framkvæmdir	168 000
Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld	358 214
Orkusjóður, hitaveitulán	10 000
Orkusjóður, jarðhitaleit	10 000
Orkusjóður, sveitarafvæðing	7 000
Póstur og sími, sjálfvirkur sími	30 000
Flugstöð í Keflavík	88 770
Samtals B-hluti	1 065 421
1. Ríkissjóður, A- og B-hluti	2 615 821
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkisins:	
Landsvirkjun, Blönduvirkjun	200 000
Landsvirkjun, aðrar framkvæmdir	700 000
Orkubú Vestfjarða, framkvæmdir	30 000
Steinullarverksmiðja	80 000
Sjóefnavinnsla á Reykjanesi	45 000
Grænfoodurverksmiðja í Skagafirði	9 000
Samtals	1 064 000
3. Sveitarfélög:	
Hitaveita Kjalarness	25 000
Hitaveita Borgarfjarðar og Akraness	22 500
Hitaveita Akureyrar	88 800
Samtals	136 300
4. Ráðstöfun = Fjáröflun:	3 816 121
5. Innlend fjáröflun:	
Útgáfa nýrra spariskírteina	200 000
Innheimta umfram innlausn eldri skírteina	466 700
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	120 000
Önnur fjáröflun	158 000
Samtals	944 700
6. Erlend lán:	
Ríkissjóður, A- og B-hluti	1 671 121
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1 064 000
Sveitarfélög	136 300
Samtals	2 871 421

Ed.

334. Breytingartillögur

[144. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, TÁ, LJ, VI).

1. Við 1. gr. Í stað „1 708 700“ komi: 1 641 121 og í stað „478 000“ komi: 600 000.
Aftan við greinina bætist: þar af 322 000 þús. kr. vegna Byggingarsjóðs ríkisins.
2. 3. gr. orðist svo:
Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 900 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum. Lánsfénu skal varið með eftirtöldum hætti:

1. Blönduvirkjun	200 000 þús. kr.
2. Kvíslaveitur og Þórisvatn	350 000 þús. kr.
3. Sultartangastífla	35 000 þús. kr.
4. Suðurlína	143 000 þús. kr.
5. Aðveitustöðvar	25 000 þús. kr.
6. Línurannsóknir	6 000 þús. kr.
7. Framkvæmdir í rekstri	50 000 þús. kr.
8. Virkjanarannsóknir	70 000 þús. kr.
9. Annar rannsóknarkostnaður	21 000 þús. kr.

Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þessari grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.
3. Við 4. gr. Í stað „40 000“ komi: 54 000.
4. Við 6. gr., 1. tl. Í stað „8 500“ komi: 22 500.
Enn fremur bætist við greinina nýr tölulíður:
 3. Hitaveita Kjalarness, lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 25 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Við 22. gr. Í stað „5 000“ komi: 15 000.
6. Á eftir 26. gr. frumvarpsins komi ný grein er verði 27. gr. í II kafla frumvarpsins og hljóði svo:
Prátt fyrir 1. lið ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki, skal hlutfallstala lána af reiknaðri fjárþörf námsmanna eigi hækka í 100% fyrr en 1. janúar 1985.
7. Við 28. gr.
 - a. Í stað „340 000“ komi: 400 000.
 - b. Aftan við 28. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar er hljóði svo:
Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán í formi ríkis-skuldabréfa, spariskírteina og ríkisvixla fyrir 43 000 þús. kr. á árinu 1983 í samræmi við ákvæði 1. gr. laga nr. 79/1983.
Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs lán að fjárhæð 28 200 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem Vestmannaeyjakaupstaður hefur tekið til hitaveituf framkvæmda á árinu 1983. Jafnframt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs heimilt að veita sams konar ábyrgð vegna láns að fjárhæð 11 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem eignaraðilar Hitaveitu Rangæinga hafa tekið í sama tilgangi.

Ed. 335. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á lögum nr. 55 1981, um breyting á umferðarlögum, nr. 40 1968.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Salome Porkelsdóttir, Eiður Guðnason, Tómas Árnason, Skúli Alexandersson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Stefán Benediktsson.

1. gr.

2. málsgrein 6. greinar falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í maímánuði árið 1981 voru samþykkt lög þess efnis að hver sá sem situr í framsæti bifreiðar, sem búid er öryggisbelti, skuli nota það við akstur á vegum. Við lokaafgreiðslu laganna var ákveðið að eigi skyldi refsa fyrir brot gegn þeim fyrr en þeirri heildarendurskoðun umferðarlaga, sem hófst í september 1980, lyki. Á þeirri stundu ætluðu menn að endurskoðunin væri vel á veg komin þannig að um skammtímaráðstöfun væri að ræða varðandi refsiakvæði laganna. Nú, tæpum þremur árum seinna, er endurskoðuninni ekki lokið og því hefur raunverulegur vilji meiri hluta þáverandi alþingismanna í þessu máli enn ekki komið til framkvæmda.

Samkvæmt sérstakri skýrslu, sem tekin var saman á vegum Umferðarráðs um banaslys í umferðinni á árunum 1972 til ársloka 1983, kemur fram að á þessum 12 árum hafa 165 ökumenn og farþegar í bifreiðum beðið bana. Í skýrslunni er það mat lagt á að notkun öryggisbelta hefði að líkindum getað forðað 104 þessara manna frá dauða. Þar af eru 15 frá 1. október 1981 fram til ársloka 1983, þ. e. eftir að lög um skyldunotkun öryggisbelta tóku gildi. Á þessu sést að hér er um stórt mál að ræða sem í bókstaflegri merkingu getur skilið milli lífs og dauða, og því brýnt að nú þegar verði vanræksla á notkun öryggisbelta látin varða viðurlögum.

Fullreynt má nú teljast að ekki verði unnt með áróðri og fræðslustarfsemi einni að auka beltanotkun meira en orðið er, en samkvæmt síðustu talningu lögreglu og Umferðarráðs var notkun hér á landi um 27% hjá ökumönnum og 28% meðal farþega í framsæti. Er þessi reynsla fullkomlega í samræmi við það sem gerst hefur í öðrum löndum, t. d. í Noregi þar sem lagaákvæði án refsingar giltu um nokkurra ára skeið án þess að viðunandi árangur næðist. Í Sviss voru lög um skyldunotkun frá árinu 1976 numin úr gildi í árslok 1977 en öðluðust gildi á ný árið 1981. Kom fram greinileg sveifla á þessum árum þar sem beint samhengi reyndist milli lítillar notkunar öryggisbelta og fjölgunar látinna í umferðarslysum.

31. janúar s. l. var rétt ár liðið frá því að sett voru lög um skyldunotkun öryggisbelta í Bretlandi. Á þessu ári fækkaði banaslysum farþega í framsætum úr rúmlega 2200 í um 1500, eða um þriðjung. Auk mannlífanna er talið að öryggisbeltin hafi forðað fimm til sjö þúsund manns frá alvarlegum meiðslum. Andlitsmeiðslum hefur t. d. fækkað þar í sumum sjúkrahúsum um 70%, höfuðmeiðslum fækkað verulega og augnmeiðsli vegna bílslysa hafa nær horfið á mörgum sjúkrahúsum. Nú munu um 90 af hundraði breskra bílstjóra og framsætisfarþega nota beltí enda sekt um 2500 krónur ef út af er brugðið. Ef framsætisfarþegi hefur ökuréttindi og gerist brotlegur við löginn greiðir hann sektina sjálfur, annars verður bílstjórinn að greiða fyrir hann. Margir áhrifamiklir aðilar í Bretlandi lögðust á sínum tíma gegn lagasetningu um skyldunotkun öryggisbelta. Þeirra á meðal var félag breskra bíleigenda sem mælti með notkun án lögbindingunar. Í ljósi þeirrar reynslu, sem nú hefur fengist, hefur félagið snúið við blaðinu og styður löginn.

Alþt. 1983. A. (106. löggjafarþing).

215

Allt kemur þetta heim og saman við þá skoðun fjölmargra aðila hér á landi, þ. á m. Umferðarráðs, að lögum um skyldunotkun verði að fylgja refsíákvæði eins og umferðarlaganefnd lagði til árið 1981. Enda munu vandfundin lög þar sem dómsvaldinu er ekki ætlað að beita viðurlögum ef út af er brugðið. Á sama hátt má ætla að undansláttur í framkvæmd einnar lagagreinar leiði til minni virðingar manna fyrir öðrum lögum.

Sp. 336. Nefndarálit [2. mál]

um till. til þál. um könnun á orsökum hins háa raforkuverðs til almennings á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um könnun á orsökum hins háa raforkuverðs til almennings á Íslandi og hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar svo

BREYTTTRAR:

1. Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd þriggja óháðra sérfræðinga til að kanna gaumgæfilega orsakir verðmyndunar á raforku til almennings og almenns atvinnurekstrar og gera samanburð á verðmyndun á raforku héraðs og í nálægum löndum.

Nefndin ljúki störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi.

2. Fyrirsögn orðist svo: Könnun á raforkuverði á Íslandi.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Þorsteinn Pálsson og Geir Hallgrímsson.

Alþingi, 9. febr. 1984.

Ólafur P. Þórðarson,
form., frsm.

Stefán Benediktsson,
fundaskr.

Guðrún Helgadóttir.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Siggeir Björnsson.

Sp. 337. Tillaga til þingsályktunar [189. mál]

um fríðnaðarsvæði við Keflavíkurlugvöll.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Kjartan Jóhannsson, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að gera athugun á hvort hagkvæmt sé að koma á fót fríðnaðarsvæði við Keflavíkurlugvöll.

G r e i n a r g e r ð .

Tillaga þessi var flutt á fimm síðustu þingum en varð ekki útrædd.

Ýmsar blikur hafa verið á lofti í atvinnumálum Suðurnesja nokkur undanfarin ár. Af þeim sökum hefur Alþingi tvisvar ályktað að gerð verði athugun á atvinnulífi Suðurnesja og áætlun um eflingu þess. Árið 1978 ályktaði Alþingi að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að Framkvæmdastofnun ríkisins kannaði atvinnustöðu svo og félagslega aðstöðu íbúa byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurlugvallar. Í síðari ályktuninni, frá 1979, var Framkvæmdastofnun ríkisins falið að láta undirbúa og gera framkvæmda- og fjármögnunaráætlun um alhliða atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum.

1. Horfur í atvinnumálum Suðurnesja.

Atvinna á Suðurnesjum byggist að mestu á sjávarútvegi og starfsemi á Keflavíkurflugvelli. Vegna slæms ástands fiskstofna og vannýtrrar afkastagetu fiskiskipa er ekki hægt að gera ráð fyrir fjölgun sjómanna. Frystihús á Suðurnesjum eru tiltölulega mörg en lítil. Afkastageta þeirra nýtist illa vegna sveiflna í fiskveiðum og skorts á búnaði í mörgum tilvikum. Framtíðarþróun fiskvinnslunnar getur því allt eins leitt til aukinnar tæknivæðingar og hagræðingar fremur en meiri vinnuaflsnotkunar. Vegna mikillar samkeppni í Atlantshafsflugi er óvarlegt að ætla að um umtalsverða aukningu verði að ræða í flugrekstri á Keflavíkurflugvelli. Mikill samdráttur varð í flugrekstri á Atlantshafsleiðum um tíma og þótt nú gangi betur má gera ráð fyrir áföllum annað slagið. Af því, sem að framan segir, er ljóst að mjög lítill vöxtur, ef ekki samdráttur, er fyrirsjáanlegur í undirstöðuatvinnugreinum Suðurnesja.

Mjög stór hópur ungs fólks er nú að vaxa úr grasi á Suðurnesjum. Meðalstærð þeirra árganga, sem nú eru að byrja að koma inn á vinnumarkað, er ca. 270—290 manns, en meðalstærð þeirra árganga, sem hverfa af vinnumarkaði vegna aldurs, er ca. 50—70 manns. Aldrei skila allir sér inn á vinnumarkað, en varlega áætlað þurfa að bjóðast a. m. k. 150 ný störf á ári svo að allir þeir nýliðar, sem koma inn á vinnumarkað, eigi kost á atvinnu heima fyrir.

2. Hvað er til ráða?

Í drögum að iðnþróunaráætlun fyrir Suðurnes, sem byggðadeild Framkvæmdastofnunar birti í nóvember 1980, er bent á að uppbygging iðnaðar sé líklega besta leiðin til aukinnar atvinnu og bættra tekna á svæðinu. Á Suðurnesjum eru mjög góðar aðstæður til iðnþróunar hvað framboð á orku og hráefnum snertir, en hins vegar vantar þar mjög tækni- og verkunnáttu í iðnaði. Af þeim sökum er óeðlilegt að iðnaður vaxi í neinum mæli nema til komi sérstakar aðgerðir í iðnþróun. Það er reynslan frá Shannon á Írlandi, að tilkoma fríiðnaðarsvæðis þar hefur leitt til stóru aukinnar tækni- og verkþekkingar í iðnaði á svæðinu, auk annars konar ávinnings. Þess vegna er vel þess virði að athugað sé hvort einn liður í eflingu iðnaðar á Suðurnesjum gæti hugsanlega orðið stofnun fríiðnaðarsvæðis á Keflavíkurflugvelli.

3. Hugmyndir um fríiðnaðarsvæði.

Þegar þotur urðu algengar í Atlantshafsflugi laust fyrir 1960 féllu millilendingar til eldsneytistöku á Shannon á Írlandi að mestu niður. Hafði það í för með sér mikið atvinnuleysi í nálægum byggðarlögum. Stjórnvöld á Írlandi brugðust við þessum vanda með því að stofna sérstakt þróunarfélag Shannonflugvallar. Meginhlutverk þess var að finna leiðir til þess að tryggja vöxt og viðgang flugvallarsvæðisins, örva farþega- og vöruflutninga um völlinn og efla atvinnulíf í byggðarlögum nálægt völlum. Í þessu skyni kom þróunarfélagið á fót fríiðnaðarsvæði við Shannonflugvöll árið 1959. Strax í upphafi voru eftirfarandi fríðindi boðin fyrirtækjum er vildu koma til Shannon.

- a) Algjört tollfrelsi að því er snerti innflutning á hráefnum, vélum og tækjum til framleiðslunnar. Sama máli gegndi um útflutning fullunninnar vöru.
- b) Leiga til 25 ára á verksmiðjubyggingum sem þróunarfélagið reisti. Byggingar þessar voru annaðhvort staðlaðar byggingar eða reistar í samráði við fyrirtækið. Leigan miðaðist við byggingarkostnaðinn.
- c) Óafturkræf fjárframlög er svöruðu til helmings af kostnaðarverði véla sem kaupa þurfti fyrir hlutaðeigandi verksmiðju.
- d) Sérþjálfun verksmiðjufólks hinum erlendu fyrirtækjum að kostnaðarlausu.
- e) Algjört skattfrelsi til 1983. Þetta þýddi 25 ára skattfrelsi fyrir þau fyrirtæki sem fyrst hösluðu sér völlum í Shannon, en það gerðist árið 1959.

Skattfrelsi er boðið á útflutningshagnaði a. m. k. til 1990 ef starfsemi hefst fyrir 1981. Gildir þetta raunar fyrir öll útflutningsfyrirtæki á Írlandi. Fjármagnsfyrirgreiðsla hefur nú verið aukin og styrkir til rannsókna og vöruþróunar standa til boða. Þá má nefna þjónustu hvers konar við atvinnurekstur, bæði viðskiptalega og tæknilega.

Nú eru á Shannon-fríðnaðarsvæðinu iðnaðarfyrirtæki, þjónustufyrirtæki og vöruhús sem veita 4500 manns atvinnu og þekja um 200 þús. m² gólfplöt. Samtals eru þetta um 100 fyrirtæki og er mjög lítið um stórfyrirtæki þar. Framleiðslan er einkum á sviði rafeinda- og raftækjasmíði, efnaiðnaðar og verkfæragerðar.

Reynslan af fríðnaðarsvæðinu í Shannon er mjög góð. Auk þess að hafa veitt þúsundum Íra atvinnu hefur mikil verkþekking verið flutt inn í landið. Þá hafa Írar einnig öðlast á þessari starfsemi mikla reynslu í iðnþróunaraðgerðum. Má nefna að Shannon-þróunarfélagið vinnur nú að uppbyggingu atvinnu á um 4800 km² svæði umhverfis Shannon.

Fjölmargar þjóðir, sem búa við atvinnuleysi, einkanlega í þróunarlöndunum, hafa fylgt fordæmi Íra og eru nú rekin nokkur hundruð fríðnaðarsvæði í heiminum. Á öllum þessum stöðum eru mikil fríðindi í boði fyrir þau fyrirtæki sem þangað vilja koma. Mjög ólíklegt er að það sé fjárhagslega hagkvæmt fyrir Íslendinga að keppa á almennum grundvelli við önnur fríðnaðarsvæði í heiminum um að fá til sín erlend fyrirtæki. Á meðan atvinnuástand er jafngott og raun ber vitni á Íslandi getur varla talist hagkvæmt að bjóða erlendum fyrirtækjum sömu kjör og önnur fríðnaðarsvæði bjóða. Hins vegar virðist full þörf á að kanna hvort einhver erlend fyrirtæki sjái sér hag í því að koma á lakari kjörum en annars staðar vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem í boði yrðu, svo sem jarðhiti, ódýrt rafmagn, vinnuafli með tækniþekkingu í sjávarútvegi, að mestu tollfrjáls aðgangur að Evrópumörkuðum og lega mitt á milli Ameríku og Evrópu. Ekki er vafi á því að fjölmörg íslensk fyrirtæki mundu sjá sér hag í því að reka sína starfsemi á fríðnaðarsvæðinu. Varðandi slíkt þyrfti að kanna hvort fríðnaðarsvæði sé hagkvæm leið til þess að efla íslenskan útflutningsiðnað eða hvort einhverjar aðrar ráðstafanir væru jafngóðar eða betri.

4. Ávinningur af fríðnaðarsvæði á Keflavíkurlflugvelli.

Með því að setja á stofn fríðnaðarsvæði er verið að hvetja til stofnunar atvinnurekstrar sem að öðrum kosti væri vart mögulegur — eða hagkvæmur — í landinu. Þeir, sem helst virðast munu hafa áhuga á aðstöðu og rekstri á fríðnaðarsvæði á Keflavíkurlflugvelli, eru aðilar á eftirtöldum vettvangi:

- a) Japönsk og bandarísk fyrirtæki gætu séð sér hag í því að reka samsetningarverksmiðju hér vegna nálægðar við Evrópumarkað og vegna þess tollfrelsis sem þau nytu gagnvart innflutningi til landa EFTA og Efnahagsbandalagsins.
- b) Sérhæfð alþjóðleg fyrirtæki gætu séð sér hag í því að reka vöruheymslur á Keflavíkurlflugvelli vegna hagstæðrar legu hans mitt á milli Evrópu og Norður-Ameríku.
- c) Ekkert fríðnaðarsvæði í heiminum, svo vitað sé, getur boðið upp á jarðhita, en hann má nýta á ýmsa vegu í iðnaði. Einnig gæti reynst hagkvæmt að nýta hann til eldis á verðmætum krabbadýrum, t. d. humri og rækju, fiskum og e. t. v. til kjúklingaeldis í stórum stíl. Tollfrelsi á fódri mundi e. t. v. hafa mjög hvetjandi áhrif á slíka starfsemi.
- d) Einn möguleiki enn er að kjötvinnslufyrirtæki kaupi dilkakjöt og njóti útflutningsbóta á kjötinu eins og aðrir útflytjendur. Bæði í Færeyjum og á Nýfundnalandi er markaður fyrir unnar kjötvörur sem íslensk kjötvinnslufyrirtæki gætu hugsanlega komist inn á. Ekki er þó víst að fríðnaðarsvæði þurfi til þess að framkvæma þessa hugmynd.
- e) Þá eru ýmsir möguleikar fyrir hendi í rafeindaiðnaði sem er tengdur sjávarútvegi og nýtingu annarra auðlinda á hafi úti. Ef tækniþekking er fyrir hendi má þróa upp ný tæki á þessu sviði vegna þeirrar reynslu og verkþekkingar sem fyrir hendi er í fiskvinnslu og sjómennsku.

Eins og áður er drepið á virðast framtíðarmöguleikar atvinnulífs á Suðurnesjum að mestu bundnir við iðnað. Hins vegar er lítil reynsla og tækniþekking í iðnaði fyrir hendi á svæðinu. Ekki er vafi á því að stofnun fríðnaðarsvæðis mundi bæta þar verulega úr auk þess sem fjölbreytni á atvinnuvali mundi aukast. Þá gæti samstarf sveitarfélaga á Suðurnesjum og ríkisins um stofnun fríðnaðarsvæðis síðar meir leitt til stofnunar þróunarfélags atvinnulífs á Suðurnesjum öllum.

Hugmyndin um fríðnaðarsvæði á Keflavíkurflugvelli er vel þess virði að á henni verði gerð rækileg könnun. Hvers konar atvinnufyrirtæki mundu hafa áhuga á starfrækslu þar, hver væri efnahagslegur ávinningur að stofnsetningu þess og hvaða rekstrar- og eignarform væri heppilegast á svæðinu? Þótt tillaga þessi geri sérstaklega ráð fyrir að fríðnaðarsvæði verði á Keflavíkurflugvelli er rétt að geta þess að einnig kemur mjög til greina að fríðnaðarsvæði yrði við Straumsvík, en þar eru hafnarskilyrði mjög góð og aðstaða að mörgu leyti hentug. Í umræddri könnun mætti hafa þá staðreynd í huga. Jafnframt ber að vara við of mikilli bjartsýni af niðurstöðum slíkrar könnunar því að samkeppni á milli fríðnaðarsvæða í heiminum er mjög hörð og oft á tíðum boðin fjármagnsaðstoð sem er langt umfram það sem kemur til greina að bjóða hér á landi.

Ed.

338. Nefndarálit

[159. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við umfjöllun málsins og fylgifrumvarps þess, 160. máls Ed., var leitað margháttaðra upplýsinga embættismanna. Þá voru kvaddir á fund nefndarinnar fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og sendu hvor tveggja samtökin síðan skriflega umsögn. Skrifleg umsögn ásamt óskum um allveigamiklar breytingar á frumvarpinu kom einnig fram frá eftirtöldum félagasamtökum: Félagi ísl. iðnrekenda, Félagi ísl. prentiðnaðarins, Fél. ísl. stórkaupmanna, Kaupmannasamtökum Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Landssambandi ísl. rafverktaka, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sambandi fiskvinnslustöðvanna, Sambandi málm- og skipasmiðja, Sambandi veitinga- og gistihúsaeygenda, Verktakasambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Verslunarráði Íslands.

Eftir miklar umræður um málið og könnun þess varð það niðurstaða meiri hl. nefndarinnar að heppilegast væri að flytja engar breytingartillögur. Ekki komu heldur fram á fundum nefndarinnar neinar breytingartillögur frá minni hl. Þess er þó rétt að geta að nefndin flytur eina tillögu sem er til leiðréttingar á mistökum í prentun. Með þessum fyrirvara mælir meiri hl. nefndarinnar með samþykkt frumvarpsins eins og það var fram lagt. Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 9. febr. 1984.

Ey. Kon. Jónsson,
form., frsm.

Lárus Jónsson.

Tómas Árnason.

Valdimar Indriðason.

Ed. **339. Nefndarálit** [160. mál]

um frv. til l. um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með tilvísun til nefndarálits meiri hl. um 159. mál Ed. mælir meiri hl. með samþykkt frumvarpsins, sem er fylgfrumvarp þess máls, eins og það var fram lagt.

Alþingi, 9. febr. 1984.

Ey. Kon. Jónsson,
form., frsm.

Lárus Jónsson.
Valdimar Indriðason.

Tómas Árnason.

Ed. **340. Nefndarálit** [144. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1984 til athugunar og umræðu á allmörgum fundum. Embættismenn, m. a. frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, hafa mætt á fundum nefndarinnar og veitt margvíslegar upplýsingar.

Við fyrstu athugun frumvarpsins kom í ljós að þar vantaði eitt og annað og ýmsir liðir voru ýmist vanáætlaðir eða hreinlega utan frumvarpsins, eins og t. d. fjármagnskostnaður Sjöefnavinnslunnar hf. á Reykjanesi sem ríkið á 80% í.

Í meðförum nefndarinnar hafa ýmsir augljósir gallar á frumvarpinu verið lagfærðir og meiri hl. nefndarinnar flytur við það breytingartillögur.

Það gildir um þetta frumvarp til lánsfjárlaga eins og það hefur verið áður að það gefur alls ekki rétta mynd af því hvernig lántökum ríkisins verður hagað á yfirstandandi ári. Minni hl. nefndarinnar minnir sérstaklega á að fyrirhugað er, til viðbótar þeim lántökum sem greint er frá í frumvarpinu, að taka sérstök lán til að efla innlenda skipasmíði og enn fremur er fyrirhuguð lántaka til að styrkja stöðu útgerðarinnar. Þessa sér hvergi stað í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1984. Þá er það skoðun minni hl. að lántökur vegna atvinnuveganna, sem gert er ráð fyrir að séu 1000 millj. kr., séu verulega vanáætlaðar.

Samkvæmt frumvarpinu verður heildarlántaka á árinu 1984 4548 millj. kr. Endurgreiðslur af löngum lánum eru áætlaðar 3160 millj. Hrein skuldaaukning verður því 1388 millj. kr., eða um 2% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Samkvæmt spá Seðlabankans er nú áætlað að löng erlend lán verði í lok ársins 1984 tæp 60% af þjóðartekjum.

Þá er enn fremur augljóst að nú stefnir í mikinn halla á ríkisbúskapnum. Samkvæmt fjárlögum verður hallinn 388 millj. kr. við þetta bætast svo skattalækkanir í þágu atvinnurekstrarins sem ekki er ljóst hve háum upphæðum muni nema og enn fremur eru á döfinni ýmiss konar sparnaðaráform í ríkisrekstrinum sem vel flest hanga í lausu lofti og verða sennilega aldrei annað en óraunhæfar tölur á blaði. Sú skuldasöfnun ríkissjóðs, sem nú á sér stað í Seðlabankanum, er í rauninni sama eðlis og erlend lántaka.

Stjórnarandstaðan gerir ekki ágreining um einstök atriði í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1984 né flytur minni hl. breytingartillögur við frumvarpið. Með hliðsjón af því, sem áður segir, munu þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna sitja hjá við afgreiðslu málsins, en

greiða atkvæði gegn hinni miklu skerðingu á framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og Erfðafjárjóðs, sbr. 16. og 18. gr. frv.

Stefán Benediktsson sat fundi fjárhags- og viðskiptanefndar sem áheyrnarfulltrúi er fjallað var um málið og styður þessa skoðun minni, hl. nefndarinnar.

Alþingi, 9. febr. 1984.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
fundaskr.

Eiður Guðnason,
frsm.

Ragnar Arnalds.

Nd. 341. Frumvarp til laga [190. mál]

um orku fallvatna og nýtingu hennar, og um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðmundur Einarsson, Kristín Halldórsdóttir,
Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Orka fallvatna landsins er eign íslenska ríkisins sem eitt hefur heimild til nýtingar hennar, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu óskertar heimildir þeirra sem þegar hafa virkjað fallvötn til orkuframleiðslu samkvæmt gildandi lögum. Þá haldast heimildir réttthafa til virkjunar fallvatna sem hér segir:

- a. Til raforkuframleiðslu allt að 200 kW.
- b. Þeirra aðilja sem þegar hafa hafið virkjunarframkvæmdir.
- c. Þeirra aðilja sem virkjað hafa fallvötn til orkuframleiðslu innan 10 ára frá gildistöku laga þessara. Tefjist framkvæmdir við slíka virkjun af óviðráðanlegum ástæðum lengist frestur þessi sem þeirri töl nemur.

3. gr.

Til þess að reisa og reka vatnsaflsvirkjun, sem er stærri en 200 kW, þarf leyfi ráðherra. Nú veitir ráðherra leyfi skv. 1. mgr. þessarar greinar og skal þá líta svo á að það nái einnig til vatnsmiðlana sem nauðsynlegar eru vegna virkjunar.

4. gr.

Áður en leyfi skv. 3. gr. er veitt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs, sbr. lög nr. 47/1971.

5. gr.

Leyfi skv. 3. gr. má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til þess að tryggja almannahagsmuni, m. a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón eða vegna gróðurspjalla sem leiða af virkjunarframkvæmdum.

6. gr.

Nú er veitt leyfi til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun og getur ráðherra þá heimilað leyfishafa að taka eignarnámi nauðsynleg landsvæði undir virkjunarmannvirki, þar með talið land undir vatnsmiðlanir, spennistöðvar og orkutaugar, enn fremur mannvirki er standa kunna virkjunarframkvæmdum í vegi, rétt til orkuframleiðslu allt að 200 kW, sbr. a. lið 2. gr., og annað sem nauðsynlegt er til framkvæmdar virkjunar og starfrækslu hennar.

Um eignarnámið skal fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

7. gr.

Í 1. tl. 49. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, á eftir orðunum „til að vinna úr því orku“ komi: allt að 200 kW.

8. gr.

Um nýtingu orku og vatns fallvatna skulu að öðru leyti gilda ákvæði vatnalaga, nr. 15/1923, eftir því sem við á.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema hærri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er afrakstur af starfi nefndar sem skipuð var af iðnaðarráðuneytinu í apríl 1979 til að semja „tillögu að frumvarpi til laga um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign“. Stefnumörkun um þetta efni var tekin inn í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1. september 1978 sem studd var af Alþýðubandalagi, Alþýðuflokkki og Framsóknarflokkki. Áttu fulltrúar frá þessum flokkum sæti í nefndinni ásamt sérfræðingum. Nefndin skilaði álit með bréfi dagsettu 22. september 1981 og fylgir það hér á eftir sem sérstakt fylgiskjal. Þar segir m. a.:

„Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar, Árni Reynisson, Bragi Sigurjónsson, Guðmundur Vigfússon og Jakob Björnsson, leggur til að lögfestar verði almennar reglur um eignarrétt á orku fallvatna landsins og nýtingu hennar á þann veg sem rakið er í meðfylgjandi drögum að „frumvarpi til laga um orku fallvatna og nýtingu hennar“.

Og nokkru síðar segir í sama bréfi:

„Minni hluti nefndarinnar, Páll Pétursson, sem vegna anna gat ekki setið nema nokkra af fundum nefndarinnar, þótt hann fylgdist að öðru leyti með störfum hennar, lýsti sig í grundvallaratriðum ósammála álit meiri hlutans. Hann skilar sérálit sem einnig fylgir bréfi þessu þar sem hann gerir grein fyrir viðhorfum sínum, en hann leggur ekki fram sérstaka frumvarpstillögu.“

Nefndarálit minni hlutans, Páls Péturssonar alþingismanns, og lögfræðilegt álit er því fylgdi, er birt sem fylgiskjal með þessu frumvarpi, en álit meirihlutans fylgir hér á eftir í heild sem greinargerð með frumvarpi þessu sem nefndin samdi, svo og athugasemdir við einstakar greinar.

Gengið hefur verið úr skugga um að núverandi ríkisstjórn hyggst ekki taka þetta upp með þeim hætti sem gert er í þessu frumvarpi.

Flutningsmenn taka hins vegar undir þá stefnu að sem mest af náttúruauðlindum landsins beri að lýsa sameign þjóðarinnar, þar á meðal réttinn til virkjunar fallvatna, þó með þeim takmörkunum sem fram koma í 2. gr. frumvarpsins. Því er mál þetta nú flutt á Alþingi til að láta reyna á hvort ekki sé vilji til að lögfesta ákvæði frumvarpsins, e. t. v. með einhverjum breytingum á einstökum ákvæðum þess í meðferð þingsins.

Hér fara á eftir athugasemdir þær sem meiri hluti nefndarinnar lét fylgja með frumvarpsdrögum í álit sínu:

„Með bréfi dags. 9. apríl 1979 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til þess að semja tillögu að frumvarpi til laga um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign. Í nefndina voru skipaðir: Jakob Björnsson orkumálastjóri, formaður, Árni Reynisson framkvæmdastjóri, Björn P. Guðmundsson prófessor, Bragi Sigurjónsson alþingismaður, Guðmundur Vigfússon deildarstjóri og Páll Pétursson alþingismaður. Í skipunarbréfi er kveðið á um að Gísli

Einarsson fulltrúi í iðnaðarráðuneytinu starfi með nefndinni. Í febrúar 1981 tók Pétur Thorsteinsson lögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu við störfum hans. Ritari nefndarinnar var Páll Hafstað fulltrúi hjá Orkustofnun. Þegar Bragi Sigurjónsson tók sæti í ríkisstjórn haustið 1979 fól hann Sigþóri Jóhannessyni verkfræðingi að gegna störfum fyrir sig meðan hann sæti í ríkisstjórn. Í byrjun júní 1981 hætti Björn P. Guðmundsson formlegum störfum í nefndinni að eigin ósk.

Nefndin hélt 18 fundi og lauk hún störfum 21. september 1981. Skoðaði hún fjölda gagna er varða virkjunarréttindi fallvatna og leitaði álits hjá sérfræðingum. Nefndin var ekki sammála um afgreiðslu málsins og skilaði Páll Pétursson alþingismaður séráliti.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði almennar reglur um eigarrétt að orku fallvatna landsins og nýtingu hennar. Er kveðið á um að orka fallvatna sé eign ríkisins sem eitt hafi heimild til nýtingu hennar. Frá þeirri meginreglu eru þó gerðar undantekningar, sem snúa að virkjunarréttindum og koma fram í 2. gr. frumvarpsins. Meginundantekningin kveður á um að réttur landeiganda haldist til virkjunar allt að 200 kW. Þeir sem þegar hafa nýtt heimildir sínar til virkjunar á fallvatni halda þeim rétti að sjálfsgöðu, svo og þeir sem hafið hafa framkvæmdir við slíkt verk. Loks er þeim, sem virkjunarheimildir hafa, veittur 10 ára aðlögunarfrestur til þess að nýta sér þær heimildir.

Í frumvarpinu er enn fremur kveðið á um að ráðherra geti veitt leyfi til þess að virkja fallvötn með þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja, m. a. um uppgræðslu lands í stað gróðurspjalla sem leiða af virkjunarframkvæmdum. Áður en virkjunarleyfi er veitt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs.

Í vatnalögum, nr. 15/1923, er kveðið á um vissar nýtingarheimildir landeigenda á virkjunarréttindum, svo og annarra sem heimildir á þeim hafa tekið. Þar segir í 2. gr.: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila.“ Og í 1. tl. 49. gr. segir: „Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.“

Forsaga vatnalaganna er í stórum dráttum sú að í byrjun aldarinnar voru sett lög nr. 55/1907, um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum á Íslandi og eignarnám á þeim o. fl. Árið 1917 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um skipan nefndar til að fjalla um setningu heildarlöggjafar um nýtingu vatns hér á landi. Nefndist sú nefnd fossanefnd og skipuðu hana Bjarni Jónsson frá Vogu, Guðmundur Björnsson, Guðmundur Eggerz, Jón Þorláksson og Sveinn Ólafsson. Varð ágreiningur í nefndinni um hversu víðtækur réttur til nýtingar á vatnsréttindum ætti að fylgja landareign. Meiri hluti (Bjarni Jónsson frá Vogu, Guðmundur Björnsson og Jón Þorláksson) taldi að vatnsréttindi ættu að meginstefnu til að vera í eigu ríkisins, þar með talin virkjunarréttindi að mestu leyti, en vissar hagnýtingarheimildir ættu að fylgja landareign. Minni hlutinn taldi hins vegar að réttur til hagnýtingar á vatni ætti alfarið að fylgja landareignum.

Frumvarp, sem byggði á meirihlutaáliti fossanefndar, náði ekki fram að ganga. Niðurstaðan varð sú að sjónarmið bæði meiri og minni hlutans voru sameinuð í einu frumvarpi með þeim árangri sem að ofan greinir, þ. e. að vissar nýtingarheimildir eru taldar upp í vatnalögum varðandi virkjunarréttindi. Þær voru þó háðar verulegum takmörkunum, m. a. að leyfi ráðherra þurfti til að virkja flest öll vatnsföll, þ. e. sem voru meiri en 500 eðlishestöfl (368 eðliskílówött eða 3,22 GWh/ári að náttúrulegri orku). Þessar heimildir voru síðan verulega takmarkaðar með raforkulögum, nr. 12/1946, þar sem kveðið var á um að ríkinu einu væri heimilt að reisa og reka raforkuver sem eru stærri en 100 hestöfl (74 kW). Ákvæði þessi voru rýmkuð með núverandi orkulögum, nr. 58/1967, þar sem einkarétti

ríkisins til þess að reisa og reka raforkuver var aflétt, en leyfi ráðherra þarf til slíkra framkvæmda ef virkjun er stærri en 200 kW. Samkvæmt þessu er gerður greinarmunur á stærð fallvatna annars vegar (skv. vatnalögum) og stærð raforkuvers hins vegar (skv. orkulögum). Þar sem 49. gr. vatnalaga hefur ekki verið numin úr gildi þarf enn leyfi ráðherra til þess að virkja öll fallvötn sem hafa meira afl en 500 eðlishestöfl.

Margþættar ástæður leiddu til þess að Alþingi samþykkti árið 1923 að virkjunarréttur skyldi fylgja landareign. Ein ástæðan var eflaust sú, að Norðmenn settu sambærilega löggjöf 14. desember 1917. Síðan hafa Noregur og Ísland haft nokkra sérstöðu í heiminum hvað þetta efni varðar. Einar Arnórsson prófessor skilaði langri og ítarlegri greinargerð um vatnsréttindi á Íslandi þar sem hann rakti helstu lagaákvæði er snertu þau mál frá upphafi byggðar. Niðurstaða hans var að landareign fylgdu ekki virkjunarréttindi utan tiltekinn þróngra nýtingarheimilda. Byggði meiri hluti fossanefndar á þeirri niðurstöðu. Ýmsir aðrir töldu hins vegar tillögu meiri hlutans vega að ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar. Varla hefur það þó haft mikil áhrif á niðurstöðu Alþingis þar sem greinargerð Einars Arnórssonar prófessors virðist taka af allan vafa um að svo var ekki. Ein mikilvægasta ástæðan fyrir niðurstöðu þingsins var e. t. v. sú að Alþingi taldi að með því að láta virkjunarréttindi fylgja landareign mundi það hvetja einstaklinga til þess að virkja fallvötn landsins þjóðinni í hag en láta ekki þá skyldu hvíla á ríkinu. Frá þessum tímum hafa orðið miklar breytingar og forsendur nú allt aðrar en þá. Þróunin hefur orðið sú að virkjun fallvatna hefur fallið í hlut opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga. Miðar frumvarp þetta að því að auðvelda opinberum aðilum að þjóna almannahag á mikilvægu sviði orkumála með því að virkja fallvötn til raforkuframleiðslu án þess að skerða réttmæt réttindi einstaklinga.

Samkvæmt framansögðu hafa nýtingarheimildir á virkjunarréttindum fallvatna fylgt landareignum, sem þau liggja á, frá árinu 1923 er vatnalögin voru sett. Með frumvarpi þessu takmarkast þó virkjunarréttindi við 200 kW sem samsvarar þeirri orku sem nægir til heimilis- og búsparfa. Ráðherra er heimilt að ráðstafa því, sem umfram er, bótalaust, þó þannig að allt annað tjón sem leiðir af virkjunarframkvæmdum verði bætt.

Sú spurning hlýtur að vakna hér hvort slík tilhögum brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar um eignarnám. Í lögum hér og í öðrum löndum með sambærilegt stjórnarkerfi hefur alltaf verið talið að vissar takmarkanir á eignarréttindum einstaklinga væru heimilar án þess að um eignarnám sé að ræða. Vitna má í þessu sambandi til Ólafs Lárussonar prófessors (Eignarréttur, bls. 34—5) sem hefur haft mikil áhrif á íslenska löggjöf: „(Ljóst er að ákvæðum 67. gr. stjkskr.) var ætlað að veita eignarréttinum víðtæka vernd En hér hlýtur einnig annað sjónarmið að koma til álita, það að tryggja almannahagsmunum gegn hagsmunum einstaklinganna. Einstrengisleg vernd einkahagsmuna getur orðið þjóðfélaginu fjötur um fót og heft eðlilega þróun þess með ýmsum hætti. Þarf þar á meðalvegi að halda, er samræmi svo sem föng eru á þessi tvö sjónarmið, tryggi rétt einstaklinganna án þess að hefta athafnafrelsi þjóðfélagsins um skör fram. Heimildin til eignarnáms er þar ekki nægileg. Bótaskyldan, er því fylgir, myndi oftlega tálma ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum. Niðurstaðan hefur því orðið sú, að talið er, að löggjafarvaldið hafi rétt til að setja almennar reglur um eignarréttindi manna, er geti haft að geyma ýmis konar takmarkanir á þeim, framar því sem ákvæði stjkskr. 67. gr. heimila, og verði eigendurnir að þola þær takmarkanir bótalaust. En mörkin milli þessara almennu takmarkana annars vegar og þeirra takmarkana, sem varða bótum, hins vegar, eru engan veginn skýr.“

Þar sem skýrar reglur hafa ekki mótast um mörkin milli eignarnáms og annarra eignartakmarkana, þegar ýmsum hefðbundnum skerðingum sleppir, svo sem neyðarrétti, skattlagningu, friðunarlöggjöf o. fl., hefur verið reynt að orða ýmsar leiðbeiningarreglur um þessi mörk. Um þetta segir Ólafur Lárusson (Eignarréttur, bls. 35): „að takmörkunin sé

almenn, taki til allra eigna af tilteknu tagi, telja flestir að ráði því, hvort hún er heimil án bóta, og jafnframt hitt, að ástæðurnar til þess að hún er gerð séu almenns eðlis“.

Telja verður að sú eignartakmörkun, sem felst í frumvarpi þessu, sé almenn þar sem hún nær til allra virkjunarheimilda sömu tegundar, bæði þar sem nú er talið hagkvæmt að virkja og annars staðar, og að ástæðurnar til takmörkunarinnar séu almenns eðlis, þ. e. að auðvelda orkuöflun í almannabágu. Hins vegar verður að hafa í huga að framangreind vísiregla ein sker ekki úr um það hvort eingartakmörkun sé heimil án bóta. Líta verður á fleiri atriði og veða þau síðan og meta í heild, t. d. verður að skoða hvort eðlileg nýting eignar er skert, hversu umfangsmikil eða þungbær skerðingin er, hvort aðilaskipti að eignarheimildum eiga sér stað o. s. frv. Almennt séð verður að styðjast við vissan jafnréttis- og réttlætismælikvarða. Gæta verður þess að ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar er gamalt að stofni til, eða frá 18. öld, og tekur mið af öðrum þjóðfélagsaðstæðum. Mörk eignarnáms og almennra takmarkana á eignarrétti og beitingu hans eru því breytileg eftir þjóðfélagsháttum og aðstæðum, t. d. ef stýrjaldarhætta eða stríðsástand er fyrir hendi. Með öll framangreind atriði í huga verður að telja að ákvæði þessa frumvarps brjóti ekki í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Eins og áður segir nær frumvarpið ekki til virkjunar allt að 200 kW. Til samanburðar má geta þess að meðalbýli nota aðeins um 10 kW eða þar undir. Einkarafstöðvar á landinu munu flest allar vera undir 100 kW að stærð. Í flestum tilvikum er hagkvæmara að kaupa orku frá rafveitum en að notast við einkarafstöð. Almenningsrafveitur munu nú ná til yfir 95% býla á landinu og minnkar sá fjöldi stöðugt sem ekki nýtur þess að geta keypt raforku frá þeim.

Frumvarpið nær heldur ekki til virkjaðra fallvatna né til fallvatna þar sem virkjunarframkvæmdir eru hafnar. Eru þetta sambærilegar undantekningar og gerðar voru við setningu raforkulaga, nr. 12/1946, þegar kveðið var á um einkarétt ríkisins að virkjun fallvatna yfir 100 kW.

Að auki er í frumvarpinu mikilvæg undantekning frá virkjunarheimildum ríkisins, en það eru heimildir þeirra aðila sem virkja fallvötn til orkuframleiðslu innan 10 ára frá gildistöku laganna. Þykir sanngjarnt að þeir sem hafa hug á slíkum framkvæmdum við setningu laganna haldi þeim réttindum. Einnig þykir eðlilegt að veita öðrum þennan aðlögunarfrest til þess að nýta þessi réttindi. Er þetta í samræmi við það sjónarmið að taka mið af nýtingarmöguleikum eigna, sbr. það sem áður var nefnt í sambandi við mat á mörkum eignarnáms og almennum eignartakmörkum. Tefjist framkvæmdir er gert ráð fyrir að fresturinn lengist sem töfinni nemur.

Á undanförunum árum og áratugum hafa aðrar þjóðir leitast við að ná yfirráðum yfir náttúruauðlindum sínum. Af fjölda dæma er að taka, t. d. settu Norðmenn lög nr. 21 4. maí 1973 þar sem réttur til olíu undir norsku landssvæði, og þess hluta landgrunns sem háð er einkaeignarrétti, er lýstur eign ríkisins án bóta til landeigenda. Danir settu lög nr. 181, 8. maí 1950, þar sem kveðið var á um að öll hráefni neðanjarðar, sem ekki höfðu verið nýtt af einkaeignarrétti, er lýstur eign ríkisins án bóta til landeigenda. Danir settu lög nr. 181 8. maí einnig til jarðhita. Nýsjálendingar settu lög árið 1953 (The Geothermal Energy Act) þar sem jarðhiti var lýstur almannaeygn án bóta til landeigenda, nema þar sem hann var beinlínis nýttur af landeigendum eða ábúendum. Fleiri dæmi mætti nefna þar sem gengið er lengra en hér er gert í því að takmarka eignarráð landeigenda.

Rétt þykir að minnast hér á skoðanir sem fram hafa komið héraendis um rétt ríkisins til þess að lýsa eignarrétti sínum yfir jarðhita með löggjöf fyrir neðan visst dýpi, án bóta til landeigenda, en þar er að finna vissa hliðstæðu við virkjunarréttindi.

Í vatnalögum nr. 15/1923 segir að landeigandi megi hagnýta sér hvergi og laugar á landareign sinni með þeim takmörkunum sem lögin tilgreina. Sambærileg ákvæði voru sett í lög nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita, og síðar í orkulög, nr. 58/1967. Árið

1956 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um jarðhita þar sem kveðið var á um rétt ríkisins til umráða og hagnýtingar jarðhita sem liggur dýpra eða er sóttur dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar. Fylgdi því ítarleg greinargerð um eignar- og umráðarétt að jarðhita eftir Ólaf Jóhannesson, prófessor í stjórnskipunarrétti. Segir þar m. a.: „Eins og lögum er háttað nú, verður réttur landeiganda til jarðhitans ekki takmarkaður við tiltekið dýpi, t. d. ákveðna metratölu, heldur verður að meta það í hverju falli, ef á reynir, með hlidsjón af réttmætri þörf landeiganda, almannahagsmunum og vandkvæðum þeim, sem á því eru að skipta jarðhita, sem djúpt liggur, á milli fleiri eigenda. Sú aðalregla, er að framan greinir, er í samræmi við það, sem gildir um vatnsréttindi og námuréttindi að íslenskum lögum.“ Niðurstaða Ólafs er „að eðlilegt er að draga mörk milli þess jarðhita sem til landareignar heyrir (þ. e. til heimila og búsparfa), og þess jarðhita, sem er eftir eðli sínu eins konar almenningseign . . . Því verður ekki neitað, að það er sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls, að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar“.

Telur hann að löggjöf, er kveði á um að eignar- og umráðaréttur ríkisins yfir jarðhita fyrir neðan visst dýpi, án bóta til landeiganda, brjóti ekki í bága við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Þótt nýting jarðhita og fallvatna til orkuframleiðslu sé um margt ólík eru viss meginsjónarmið varðandi eignarrétt að þeim sambærileg, svo sem þau sem fram koma hér að framan.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er lagt til að lögfestur verði eignarréttur ríkisins að orku fallvatna og nýtingu hennar. Þó eru vissar nýtingarheimildir annarra aðila heimilaðar, sbr. 2. gr.

Um 2. gr.

Í þessari grein koma fram vissar takmarkanir á eignarumráðum ríkisins yfir virkjunar-réttindum fallvatna. Fyrst er þess að geta að þeir, sem þegar hafa nýtt heimildir sínar til virkjunar á fallvötnum, halda að sjálfsögðu þeim réttindum. Að auki eru gerðar þrjár takmarkanir á eignarráðum ríkisins:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að hér eftir sem hingað til fylgi landareignum réttur til nýtingar vatnsafls til raforkuframleiðslu vegna heimilis- og búsparfa. Mörkin eru miðuð við 200 kW sem samsvarar því afli sem nú má virkja leyfislaust, sbr. gildandi orkulög.

Í öðru lagi halda þeir, sem hafið hafa virkjunarframkvæmdir, réttindum til nýtingar þeirri orku sem þeir hafa ætlað sér að virkja.

Í þriðja lagi er umráðamönnum virkjunarréttinda veittur viss frestur, 10 ár frá gildistöku laganna, til þess að nýta þau réttindi sem þeir hafa. Gert er ráð fyrir að þessi frestur geti í sumum tilfellum lengst fram yfir 10 ár ef virkjunarframkvæmdunum gat lokið fyrir þann tíma, en þær dregist af óviðráðanlegum ástæðum. Lengist þá fresturinn sem töfinni hefur numið. Með „óviðráðanlegum ástæðum“ er hér átt við „force majeure“, þ. e. náttúruhamfarir, stríð, verkföll o. s. frv.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að ráðherra veiti leyfi fyrir stærri virkjunum en 200 kW með þeim skilyrðum sem hann telur eðlilegt að setja, sbr. 5. gr. Um veitingu slíkra leyfa gilda til uppfyllingar ákvæði vatnalaga, sbr. 8. gr. Tekið er fram að leyfi skv. þessari grein geri sérstakt leyfi óþarft fyrir vatnsmiðlanir vegna virkjunar, en kveðið er á um slík leyfi í vatnalögum.

Grein þessari er ekki ætlað að breyta ákvæði orkulaga, nr. 58/1967, um leyfi Alþingis fyrir stærri virkjanir en 2000 kW.

Um 4. gr.

Með þessu ákvæði er reynt að tryggja að sem fyllstar upplýsingar umhverfis- og náttúruverndarmál liggja fyrir við ákvörðun um leyfisveitingu til byggingar virkjunar.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að leyfi skv. 3. gr. megi binda nauðsynlegum skilyrðum m. a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón eða vegna gróðurspjalla sem leiða af virkjunarframkvæmdum.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta kveður á um að landeigendur og aðrir rétthafar eigi rétt á bótum vegna tjóns er þeir verða fyrir vegna virkjunarframkvæmda og aðgerðum sem þeim eru samfara, t. d. jarðrask, óþægindi o. fl. Að sjálfsögðu geta aðilar eftir atvikum samið um uppgræðslu lands vegna gróðurspjalla. Þá er kveðið á um að þeir eigi rétt á bótum fyrir virkjunarréttindi, allt að 200 kW, sbr. a. lið 2. gr. Ef eignarnám fer fram skal það fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

Um 7. gr.

Hér er lögð til breyting sem nauðsynleg er á vatnalögum, nr. 15/1923, og leiðir af frumvarpi þessu. 1. tl. 49. gr. vatnalaga hljóðar svo:

„Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, né bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.“

Ekki eru lagðar til aðrar breytingar á vatnalögum eða orkulögum.

Um 8. gr.

Grein þessi felur í sér að ákvæði vatnalaga skulu að öðru leyti en hér er kveðið á um gilda um nýtingu orku og vatns fallvatna. Má sérstaklega benda á í þessu sambandi 49. gr., VI. kafla, XIV. kafla, 140., 143. og 144. gr. laganna.

Í 49. gr. er fjallað um rétt landeiganda til að virkja á landi sínu og annarra sem við þeim heimildum hafa tekið. Hefur þetta ákvæði þýðingu fyrir virkjanir allt að 200 kW.

Í VI. kafla vatnalaga er fjallað um vatnsmiðlanir.

Í XIV. kafla laganna eru almenn ákvæði um vatnsvirki. Þar segir t. d. í 133. gr. 1. lið m. a. að áður en byrjað er að gera mannvirki eða vinna önnur verk, sem breytingum valda á vatnsborði, straumstefnu eða straummagni o. s. frv. skal tilkynna það ráðherra.

Í 143. og 144. gr. laganna er fjallað um meðferð vatnamála. Í c-lið 144. gr. segir m. a. að áður en ákvörðun er tekin um málefni þau, er í 133. gr. 1. lið segir, skal leita álits þeirra manna er ákvörðun kann að varða o. s. frv.

Í 140. gr. vatnalaga er fjallað um mat bóta fyrir eignarnumin réttindi, en ákvæði um það efni er ekki að finna í lögum um framkvæmd eignarnáms.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Hr. Hjörleifur Guttormsson
iðnaðarráðherra
Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík

22. sept. 1984.

Nefndarálit um virkjunarrétt fallvatna.

Með bréfi, dags. 9. apríl 1979, skipuðu þér, hæstvitur iðnaðarráðherra, nefnd til þess að semja „tillögu að frumvarpi til laga um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign“. Í nefndina voru skipaðir: Jakob Björnsson orkumálastjóri, formaður, Árni Reynisson framkvæmdastjóri, Björn P. Guðmundsson prófessor, Bragi Sigurjónsson alþingismaður, Guðmundur Vigfússon deildarstjóri og Páll Pétursson alþingismaður.

Í skipunarbréfi er kveðið á um að Gísli Einarsson fulltrúi í iðnaðarráðuneytinu starfi með nefndinni. Í febrúar 1981 tók Pétur Thorsteinsson lögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu við störfum hans. Ritari nefndarinnar var Páll Hafstað fulltrúi í Orkustofnun.

Bragi Sigurjónsson tók sæti í ríkisstjórn haustið 1979 og fól þá Sigþóri Jóhannessyni verkfræðingi að gegna störfum fyrir sig meðan hann sæti í ríkisstjórn.

Í byrjun júlí 1981 hætti Björn P. Guðmundsson formlegum störfum í nefndinni að eigin ósk.

Nefndin hélt 18 fundi frá 22. maí 1979 til 21. september 1981, en þá lauk hún störfum. Skoðaði hún fjölda gagna varðandi virkjunarréttindi fallvatna og leitaði jafnframt álits hjá sérfræðingum.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar, Árni Reynisson, Bragi Sigurjónsson, Guðmundur Vigfússon og Jakob Björnsson, leggur til, að lögfestar verði almennar reglur um eignarrétt í orku fallvatna landsins og nýtingu hennar á þann veg sem rakið er í meðfylgjandi drögum að „frumvarpi til laga um orku fallvatna og nýtingu hennar“. Er þar kveðið á um að orka fallvatna sé eign ríkisins sem eitt hafi heimild til nýtingar hennar. Frá þeirri meginreglu eru þó gerðar undantekningar sem snúa að virkjunarréttindum og koma fram í 2. gr. frumvarpsins. Meginundantekningin kveður á um að til frambúðar haldist réttur landeiganda til virkjunar allt að 200 kW. Þeir, sem þegar hafa nýtt heimildir sínar til virkjunar á fallvatni, halda þeim rétti svo og þeir sem hafið hafa framkvæmdir við slíkt verk þegar löggin eru sett. Þeim, er virkjunarheimildir hafa, er veittur 10 ára aðlögunarfrestur til að nýta sér þær heimildir áður en virkjunarrétturinn verður eign ríkisins. Felld eru inn í frumvarpsdrögin ákvæði orkulaga um að leyfi ráðherra þurfi fyrir virkjunum stærri en 200 kW. Því til viðbótar er kveðið á um að það leyfi feli einnig í sér heimild til að gera þær vatnsmiðlanir sem nauðsynlegar eru vegna virkjunarinnar. Sömuleiðis er kveðið á um að leita skuli umsagnar Náttúruverndarráðs áður en slíkt leyfi er veitt og að ráðherra geti bundið leyfið skilyrðum sem hann telur nauðsynleg til að tryggja almannahagsmunum, m. a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón, eða vegna gróðurspjalla sem leiða af virkjunarframkvæmdum. Í frumvarpsdrögnum er einnig að finna eignarnámsákvæði. Þá er 49. grein vatnalaga samræmd ákvæðum þessara laga, en að öðru leyti er gert ráð fyrir að vatnalög standi óbreytt áfram.

Minni hluti nefndarinnar, Páll Pétursson, sem vegna anna gat ekki setið nema nokkra af fundum nefndarinnar, þótt hann fylgdist að öðru leyti með störfum hennar, lýsti sig í grundvallaratriðum ósammála álitum meiri hlutans. Hann skilar séráliti sem einnig fylgir bréfi þessu þar sem hann gerir grein fyrir viðhorfum sínum, en hann leggur ekki fram sérstaka frumvarpstillögu.

Nefndin ræddi ítarlega á fundum sínum mismunandi leiðir til að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign. Meðal annars var það rætt hvort lögfesta mætti að slíkur réttur skyldi vera eign ríkisins fortakslaust og án takmarkana. Leitaði nefndin álits Gauks Jörundssonar prófessors á því hvort slíkt teldist brjóta í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Var það álit hans að slík lagaákvæði yrðu ekki samrýmd 67. grein stjórnarskrárinnar ef ekki væri gert ráð fyrir bótum til eiganda. Með hliðsjón af því álitu meðal annars taldi nefndin rétt að stefna að takmörkuðum eignarrétti ríkisins sem þó næði því meginmarkmiði að þjóðarheildin geti nýtt þá miklu auðlind sem vatnsorka landsins er án þess að þurfa að greiða fyrir það stórar fúlgur til einstakra manna sem oftast missa einskis í við slíka nýtingu, en hafa stundum af henni margvíslegt hagræði. Eftir ítarlegar umræður og eftir að hafa skoðað ýmsar leiðir í því efni var niðurstaða meiri hlutans á þann veg sem rakið hefur verið hér að ofan. Samkvæmt henni verður vatnsorka landsins að meginhluta eign ríkisins og rétturinn til nýtingar hennar án þess þó að torvelda á nokkurn hátt eða trufla virkjunarframkvæmdir eigenda vatnsréttinda, innan þess ramma sem slíkum aðilum eru í gildandi lögum heimilaðar virkjanir án afskipta ríkisvaldsins. Langsamlega flestar einkarafstöðvar verða t. d. óháðar þessum nýju lagaákvæðum. Með þessu móti væntir meiri hlutinn þess, að höfðu samráði við ýmsa lögfróða menn, að lagafrumvarp þetta verði skoðað sem almenn takmörkun eignarréttar á vatnsréttindum, en ekki eignarupptaka, enda skerðir það ekki þá nýtingu vatnsréttinda sem eigendur þeirra, aðrir en ríkið, hafa í reynd hér á landi möguleika á, samkvæmt gildandi lögum og við þær aðstæður sem hér ríkjá.

Varðandi sjónarmið minni hluta nefndarinnar í þessu efni vísast til sérálits hans.

Með þessu telur nefndin sig hafa leyst það verkefni sem henni var falið og leyfir sér að óska þess að verða leyst frá störfum.

Allra virðingarfyllst,
f. h. nefndarinnar
Jakob Björnsson,
formaður.

Fylgiskjal II.

Álit minni hluta virkjunarréttindanefndar fallvatna, Páls Péturssonar.

Samkvæmt meðfylgjandi texta í skipunarbréfi frá iðnaðarráðherra, dags. 9.4.1979, tók ég undirritaður sæti í virkjunarréttindanefnd: „Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna er kveðið á um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign.“

Nefndin hóf störf og aflaði ýmissa gagna varðandi fyrirhugað verkefni sitt. Fljótlega eftir að nefndin hóf störf kom þó í ljós að upphaflegur tilgangur með skipun nefndarinnar fékk ekki staðist ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um eignarréttinn, sjá m. a. greinargerð þá er dr. Gaukur Jörundsson samdi fyrir nefndina og fylgir hér með álitu minni hl. sem fylgiskjal. Greinargerð dr. Gauks sannaði það, að ekki væri kleift eða réttlætanlegt að stofna til löggjafar sem svipti menn bótalaust eignum sínum, virkjunarrétti fallvatna á fullkomnum eignarlöndum, og stangaðist þannig á við eitt af grundvallaratriðum stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins, en í greinargerð próf. Gauks segir m. a.:

„Meginreglan um rétt landeigenda til nýtingar orku vatns kemur fram í 49. gr. vatnalaga en þar segir meðal annars svo: „Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, er heimildir hafa á þeim, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku . . .“

Síðar segir í greinargerð próf. Gauks:

„Við setningu vatnalaga, nr. 15 1923, var samkvæmt framansögðu tekið af skarið um að landeigendur ættu einir rétt til að hagnýta vatnsorku þeirra vatna sem um landareign þeirra rynni. Erú vatnsréttindi landeigenda þannig þáttur í eignarrétti þeirra sem verndar nýtur

samkv. 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Í samræmi við það hefur eignarnámi verið beitt samkvæmt vatnalögum eða sérstökum lögum og eignarnámsbætur greiddar þegar afla hefur þurft vatnsréttinda í einkaeigu í þarfir virkjana. *Verður að telja tvímælalaust að ekki yrðu samrýmd 67. gr. stjórnarskrárinnar lagaákvæði sem lýstu rétt til virkjunar vatna rikiseign án endurgjalds til eigenda*“.

Hins vegar hefði getað komið til álita að setja löggjöf um virkjunarrétt fallvatna „utan fullkominna eignarlanda“. Á það ber þó að líta að víða eru mörk óljós um það hvaða lönd skuli teljast „utan fullkominna eignarlanda“ og hugtakið „fullkomin eignarlönd“ er mjög teygjanlegt og ekki unnt að marka það með efalausum hætti hver þau landssvæði eru sem liggja „utan fullkominna eignarlanda.“ Af þeirri ástæðu er óráðlegt að fara að setja lög um einhvern óskilgreindan hluta landsins þar sem í flestum tilfellum þyrfti að fá úr því skorið með dómi fyrst hvort lögin ættu við eða ekki og jafnvel búinn til vandi með hugtakinu „utan fullkominna eignarlanda“.

Meiri hluti nefndarinnar lét, þótt undarlegt megi virðast, hin skýru rök próf. Gauks Jörundssonar sem vind um eyru þjóta. Þess ber raunar að geta að einn nefndarmanna, próf. Björn Þ. Guðmundsson, óskaði að hætta störfum í nefndinni.

Meiri hlutinn (Jakob Björnsson, Bragi Sigurjónsson, Árni Reynisson og Guðmundur Vigfússon) tók sér fyrir hendur að setja saman frumvarp til laga, ekki samkvæmt ákvæðum samstarfsyfirlýsingar ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar, sem vildi vinna að því „að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign,“ heldur samdi meiri hlutinn „frumvarp til laga um orku fallvatna og nýtingu hennar,“ en 1. gr. hljóðar svo: „Orka fallvatna landsins er eign íslenska ríkisins sem hefur heimild til nýtingar hennar, sbr. þó 2. gr. . . .“ Í 2. gr. kemur svo upptalning léttvægra undantekninga. Þetta tel ég að ekki hafi falist í skipunarbréfi nefndarinnar, hvað þá í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar og engan veginn í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens, en þar er ekkert ákvæði um vatnsréttindi, heldur einungis sagt að „sett verði lög um eignar- og umráðarétt jarðhita“.

Ekki verður um það deilt að „virkjunarréttur fallvatna“ og „orka fallvatna“ eru tvö mismunandi hugtök og tel ég því að hugsjónir sumra nefndarmanna, og þá sérstaklega Braga Sigurjónssonar, hafi teymt meiri hlutann út í ógöngur.

Meiri hluti nefndarinnar lætur ýtarlegar athugasemdir fylgja frumvarpi sínu og er þar gerð tilraun til að leiðrétta gerðir meiri hlutans. Ekki getur minnihlutinn með nokkru móti fallist á það viðhorf meiri hlutans, í fyrsta lagi, að hér sé ekki verið að brjóta í bág við ákvæði 67. gr. stjórnarskrár; í öðru lagi að lög samkvæmt frumvarpi þessu geti komið til framkvæmda „án þess að skerða réttmæt réttindi einstaklinga“ og í þriðja lagi þessi ályktunarorð meiri hlutans: „*Gæta verður þess að ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar er gamalt að stofni til, eða frá 18. öld, og tekur mið af öðrum þjóðfélagsaðstæðum . . .*“ (sjá athugasemdir við lagafrumvarp þetta). Þetta telur minni hlutinn léttvæga afsökun, að friðhelgi eignarréttar verði ómerkari vegna þess að á 18. öld hafi menn aðhyllt svipuð viðhorf. Minni hlutinn vill raunar minna á að samkv. Gamla testamentinu, 5. Mósesbók, 5. kafla, 19. og 21. versu, var sama hugsun lögð til grundvallar siðsamlegri breytni eins og býr að baki 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Þegar metin er þörf á lagasetningu eins og þessari er rétt að hafa það í huga að ef og þegar almannahagur krefst er ekkert því til fyrirstöðu að beita eignarnámi ef þurfa þykir. Hefur eignarnámi einnig verið beitt ótæpilega.

Hvað varðar almennan eignarrétt á afréttum landsins, þá tel ég að svo sé best tryggð skynsamleg og hófleg nýting og varðveisla afréttanna að eignarrétturinn sé áfram í höndum bænda eða samtaka þeirra. Þeir þekkja landið best og hafa næmasta tilfinningu fyrir því. Ég hef þess vegna aldrei verið þess fýsandi að láta undan þráfaldri ásókn þeirra manna sem hafa linnulaust reynt að ná eignarréttinum á landinu, gögnum þess og gæðum, úr höndum bænda.

Niðurstaða.

Samkvæmt framanrituðu sé ég ekki ástæðu til þess að setja lög í stíl við frv. það sem meiri hluti nefndarinnar aðhyllist. Um allar meiri háttar virkjanir þarf að setja sérstök lög hvort sem er, og þar er auðvelt að hafa eignarnámsákvæði ef þurfa þykir. Þess vegna er núverandi skipan fullnægjandi, en samkv. 54. gr. vatnalaga er ráðherra rétt að taka lögnámi sérhvert fallvatn virkjað eða óvirkjað til að virkja úr því orku til almenningsþarfa.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens eru enda engin áform um þessa lagasetningu.

Þá er að lokum spurningin um það hvort og hve mikið eigi að þrengja að rétti bænda á landinu til varðveislu og nýtingar þess og hvar eigi að nema staðar.

Reykjavík, 30. sept. 1981.
Páll Pétursson.

Fylgiskjal með álitni minni hluta virkjunarréttindanefndar fallvatna.

Um eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar og setningu löggjafar er lýsi réttindi til virkjunar vatna ríkiseign.

I.

Óskað hefur verið eftir því við mig undirritaðan að ég láti uppi álit mitt á því hvort 67. gr. ísl. stjórnarskrárinnar sé því til fyrirstöðu að sett verði löggjöf er lýsi rétt til virkjunar vatna ríkiseign án þess að bætur komi fyrir til landeigenda. Fer svar mitt hér á eftir.

II.

Um síðustu aldamót hófst fyrir alvöru umræða um löggjöf um nýtingu vatns hér á landi. Í fyrstu snerist umræðan einkum um það hvort og þá að hve miklu leyti ætti að hindra útlendinga í að eignast vatnsréttindi hérlandis. Leiddi það til setningar laga nr. 55/1907, um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o. fl., svonefndra fossalaga.

Fljótlega varð mönnum ljós nauðsyn á því að setja heildarlöggjöf um nýtingu vatns hér á landi. Þegar á Alþingi 1917 var samþykkt tillaga til þingsályktunar um skipun fimm manna nefndar til að íhuga fossamál landsins, sbr. Alþt. 1917, A-deild, bls. 1489—1490 og 1545—1546, og B-deild, d. 2282—2296. Í samræmi við þingsályktun þessa var hinn 22. október 1917 skipuð nefnd, svokölluð fossanefnd, en í henni áttu sæti Bjarni Jónsson frá Vogu, Guðmundur Björnsson, Guðmundur Eggerz, Jón Þorláksson og Sveinn Ólafsson.

Í fossanefndinni varð ágreiningur með nefndarmönnum um hve víðtækur réttur fylgdi og ætti að fylgja landareign til hagnýtingar á vatni. Meiri og minni hluti nefndarinnar skiluðu hvor um sig ítarlegu álitni á árinu 1919. Meirihlutinn (Bjarni Jónsson frá Vogu, Guðmundur Björnsson og Jón Þorláksson) taldi að landareign fylgdu og ættu að fylgja aðeins tilteknar hagnýtingaheimildir sem skyldu í höfuðatriðum vera afmarkaðar í vatnalögum, en að öðru leyti væri ríkið aðili vatnsréttinda. Minni hlutinn (Guðmundur Eggerz og Sveinn Ólafsson) leit hins vegar svo á að landareignum einstaklinga fylgdi og ætti að fylgja réttur til hvers konar hagnýtingar vatns. Mestu máli skiptir að réttindi til hagnýtingar vatnsorku fylgdu ekki landareignum einstaklinga samkvæmt álitni meiri hlutans, andstætt skoðun minni hlutans.

Frumvarp til vatnalaga var lagt fyrir Alþingi 1919 og var síðan til meðferðar á hverju þingi uns frv. til vatnalaga var samþykkt á Alþingi 1923. Frumvarp það, sem lagt var fram á Alþingi 1919, var byggð á álitni meiri hluta fossanefndar, en þá þegar var talið ljóst að sú skipan vatnsréttinda naut ekki meirihlutfyllis á þingi. Fór svo að árin 1921 og 1923 var lagt fyrir Alþingi nýtt frumvarp til vatnalaga sem var byggð á meginsjónarmiðum minni hluta

Alþt. 1983. A. (106. löggjafarþing).

217

fossanefndar um tilhögun vatnsréttinda, en að öðru leyti hafði við samningu nýja frumvarpsins verið stuðst við álit bæði meiri og minni hluta nefndarinnar. Á Alþingi 1923 var þó gerð breyting í meðferð frumvarpsins á þingi er hafði í för með sér að lögin geyma upptalningu á því hverjar hagnýtingarheimildir fylgja eignarrétti að landareign þegar um meiriháttar vötn er að ræða, en þar eru á hinn bóginn taldar allar helstu hagnýtingarheimildir, þar á meðal réttindi til orkuvinnslu.

Meginreglan um rétt landeiganda til nýtingar orku vatns kemur fram í 49. gr. vatnal., en þar segir meðal annars svo:

„Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku . . .“

Ofangreindum réttindum landeiganda til hagnýtingar vatns til orkuvinnslu er hins vegar ýmis veigamikil takmörk sett bæði í vatnalögum og orkulögum.

III.

Við setningu vatnalaga, nr. 15/1923, var samkvæmt framansögðu tekið af skarið um að landeigendur ættu einir rétt til að hagnýta vatnsorku þeirra vatna sem um landareign þeirra rynnu. Eru vatnsréttindi landeigenda þannig þáttur í eignarrétti þeirra sem verndar nýtur samkvæmt 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Í samræmi við það hefur eignarnámi verið beitt samkvæmt vatnalögum eða sérstökum lögum og eignarnámsbætur greiddar þegar afla hefur þurft vatnsréttinda í einkaeign í þarfir virkjana. Verður að telja tvímælalaust að ekki yrðu samrýmd 67. gr. stjórnarskrárinnar lagaákvæði sem lýstu rétt til virkjunar vatna ríkiseign án endurgjalds til eigenda. Þetta á þó að sjálfsögðu aðeins við vatnsréttindi sem fylgja landareign í einstaklingseign samkvæmt gildandi lögum og getur því gegnt öðru máli um afrétti og almenninga eins og vikið verður að í kafla IV. hér á eftir.

IV.

Í lögjafarstarfi og úrlausnum dómstóla hefur stundum verið gert ráð fyrir aðgreiningu milli (fullkominna) eignarlanda og landa sem eru afréttareign. Ef um er að ræða (fullkomið) eignarland þá á eigandi landið með öllum gögnum þess og gæðum, þar á meðal vatnsréttindum. Ef land er aðeins afréttareign ákveðins aðila, þá er þessi aðili aðeins talinn eiga upprekstrarétt (beitarrétt), lax- og siglunguveidirétt, sbr. 5. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og ef til vill einhverjar aðrar nýtingaheimildir, sbr. t. d. 2. gr. tilskipunar frá 20. júní 1849, um veiði á Íslandi, en ekki vatnsréttindi almennt.

Í dómi Hæstaréttar frá 2. desember 1971 (hrd. 42.1137) kom fram að svonefndar Gullberastaðatungur á afrétti Andakílhrepps í Borgarfirði höfðu á sínum tíma verið hluti jarðarinnar Gullberastaða í Lundaerreykjadalshreppi, en jörð þessi hafði verið seld Andakílhreppi á árinu 1898. Í þessum dómi Hæstaréttar var svo litið á að Andakílhreppur ætti botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni fyrir þessu landi eins og hverju öðru fullkomnu eignarlandi. Um annað land, sem einnig liggur að vatninu, er hins vegar tekið fram í dóminum að ekki verði ráðið hvort það sé fullkomið eignarland Lundaerreykjadalshrepps eða aðeins afréttareign. Að svo vöxnu máli var Lundaerreykjadalshreppi aðeins dæmdur veiðiréttur í vatninu en ekki lagður dómur á kröfu hreppsins um vatns- og botnsrétt. Sömu sjónarmið koma fram í dómi Hæstaréttar frá 25. febrúar 1955 (hrd. 26.108), sbr. enn fremur dóm frá 29. apríl 1960 (hrd. 40.510).

Við undirbúning vatnalaga, nr. 15/1923, var fossanefndin sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna, sbr. Nefndarálit minni hluta fossanefndar, bls. IV. og 32, og Nefndarálit meiri hluta fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. frumvarps meiri hlutans og athugasemdir við þær greinar. Við undirbúning námulaga var byggt á því að ríkið eitt ætti rétt til jarðefna á landi í afréttareign, sbr. Alþt. 1971, A-deild, bls. 505-510 (pskj. 142).

Miðað við ofangreindar forsendur varðandi réttstöðu landa í afréttareign er 67. gr. stjórnarskrárinnar ekki því til fyrirstöðu að í löggjöf sé því slegið skilmálalaust föstu að réttur til virkjunar vatns á slíkum löndum eða í almenningum sé þjóðar- eða ríkiseign. Hins vegar verður að telja ærna ástæðu til að kanna ýmis lögfræðileg vandamál sem þarna eru á ferðinni, m. a. það hvernig draga beri mörkin milli landa sem eru afréttarlönd og eignarlanda jarða í einstaklingseign.

Reykjavík, 14. janúar 1980.

Gaukur Jörundsson.

Nd. 342. Frumvarp til laga [191. mál]

um lágmarkslaun.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Óheimilt er að greiða lægri laun fyrir dagvinnu eins og hún er ákveðin í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins en svo að laun til útborgunar nemi 15 þúsund krónum á mánuði og samsvarandi fyrir hluta úr mánuði.

2. gr.

Með launum skv. 1. gr. er átt við grunnlaun að viðbættum ákvædis-, álags- og bónusgreiðslum. Til launa teljast hins vegar ekki greiðslur til launþega vegna útlagðs kostnaðar við störf, svo sem fæðis- og fatapeningar, dagpeningar á ferðalögum o. þ. h.

Ákvæði laga þessara breyta ekki umsömdum launatöxtum aðila vinnumarkaðarins né viðmiðunum sem á þeim eru byggðar.

3. gr.

Þann 1. júní og 1. desember ár hvert, í fyrsta skipti þann 1. júní 1984, skal endurskoða fjárhæð lágmarkslauna skv. 1. gr. þannig að kaupmáttur lágmarkslaunanna verði sá hinn sami og við gildistöku laga þessara. Kauplagnesnefnd skal ákveða þær breytingar sem gera skal á launafjárhæðinni skv. ákvæðum þessarar greinar. Til að úrskurða þarf einfaldan meirihluta nefndarmanna.

4. gr.

Launagreiðendum er óheimilt að draga af kaupi starfsmanna sinna fyrir útborgun hærri fjárhæð en svo að lágmarkslaun skv. ákvæðum 1. gr. komi ávallt til greiðslu, þó að frádregnum iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs.

Launagreiðendur eru eigi ábyrgir gagnvart innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarsjóða og öðrum, sem lögum samkvæmt geta gert kröfur í launagreiðslur, fyrir hærri fjárhæðum en þeim er heimilt að halda eftir af launum starfsmanna skv. ákvæðum þessara laga.

5. gr.

Félagsmálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd laganna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1984 skal samanlögð fjárhæð örorku- og ellilífeyris og óskertra uppbóta á lífeyri, tekjutryggingu skv. 19. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, eigi vera lægri en svarar 16 870 kr. fyrir hjón og 9 697 kr. fyrir einstakling á mánuði. Þessar fjárhæðir skal endurskoða 1. júní og 1. desember 1984 með sama hætti og af sama aðila og greinir í 3. gr. þessara laga.

Greinargerð.

Frumvarp þetta um lágmarkslaun felur í sér einfalda lausn á því vandamáli að af ýmsum ástæðum hefur ekki tekist að tryggja íslensku verkafólki boðleg lágmarkslaun í frjálsum samningum. Flókin launakerfi, þar sem stór hópur launafólks sækir verulegan hluta tekna sinna með álags- og hlunnindagreiðslum ofan á lága viðmiðunarkauptaxta, hafa ásamt öðrum valdið því að á grundvelli kaup-taxtakerfisins er nær ógerlegt að hækka kaup láglaunafólks sérstaklega án þess að hærri tekjuhópar fái jafnframt margfalda slíka launahækkun í sinn hlut. Fólkið á lægstu kaup-töxtunum, sem engar álags-, ákvæðis- eða hlunnindagreiðslur hefur, er jafnframt minnihlutahópar í launþegahreyfingunni með mjög takmörkuð áhrif og meirihlutavilji hefur ekki verið fyrir því á borði að kjör þessa minnihlutahóps fái bætt beint eða óbeint á kostnað þeirra betur stæðu.

Vinnuveitendur hafa einnig verið mun fúsari til samninga um kauphækkunar við hálaunahópa en lágtekjufólk. Þannig hefur launakerfið í landinu, skortur á samhæfðri launamálástefnu launþegasamtaka og afstaða vinnuveitenda í sameiningu bæði meðvitað og ómeðvitað beinst gegn lágtekjufólkinu og haldið kjörum þess niðri. Eins og nú er komið málum er kaupið, sem lægst launaða fólkinu er ætlað að lifa af fyrir fulla vinnu, landi okkar og þjóð til skammar. Fimmtán þúsund króna mánaðarlaun fyrir fulla dagvinnu nægja engum Íslendingi nema fyrir einföldustu frumþörfum. Eigi að síður er til þess ætlast að talsverður hópur fólks þiggi allt að þriðjungi lægri laun fyrir störf sín. Hver heilvita maður sér að við slíkar aðstæður hefur fólk ekki nema um tvennt að velja: annaðhvort að vinna nótt með degi til þess eins að hafa í sig og á og halda á sér hita ellegar neita sér um einföldustu frumþarfir mannlegs lífs svo að ekki sé nú talað um annað sem þorri landsmanna telur vera sjálfsagðan þátt í daglegu lífi fólks á Íslandi.

Lífskjörin, sem þessu láglaunafólki er ætlað að búa við, eru í svo hróplegu ósamræmi við lífshætti mikils meiri hluta þjóðarinnar að líkast er sem órævegur annaðhvort í tíma eða í fjárlægð á hnettinum skilji að þá tvo hópa fólks — hinn bjargálma meiri hluta og hinn fátæka minni hluta sem saman byggja land vort. Slíkt ástand er okkur öllum til vansæmdar. Fáist ekki bót á því í frjálsum kjarasamningum — en það virðist sem sakir standa næsta vonlítið — ber stjórnvöldum skylda til þess að taka í taumana. Í kaup- og kjaramálum er skylda stjórnvalda í grundvallaratriðum aðeins ein: að tryggja að enginn þurfi að búa við fátækt og skort. Fáist slík trygging ekki fram með öðrum hætti er skylt að beita til þess lögum. Hneykslanlegt athæfi stjórnvalda er að kynna niðurstöður úr kjarakönnun Kjara-rannsóknarnefndar, sem staðfestir hlydýpið milli hins bjargálma meiri hluta og hins fátæka minni hluta og neyð hins síðarnefnda, eins og skritilegt fyrirbæri líkt og tvíhöfða kálf eða fisk með fjóra sundmaga og láta svo við það sitja og lýsa allri ábyrgð af höndum sér. Þetta athæfi lýsir ekki bara ábyrgðarleysi heldur því kaldrifjafa miskunnarleysi sem samfélagið og stjórnendur þess sýna fátæku fólki. Í rauninni er það ekki vansalaust að ræða um þá óveru sem 15 þúsund krónur á mánuði eru sem launagreiðslu fyrir fullt starf því að engum duga þær tekjur til edlilegs lífsframtæris. Við þá fjárhæð lágmarkslauna er þó miðað í þessu frv. m. a. vegna þess að sjálf verkalýðssamtökin hafa við ríkjandi aðstæður ekki treyst sér til þess að setja markið hærra, en flm. telur nærri lagi, miðað við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu, að ætlast til að lágmarkslaun fyrir fulla dagvinnu séu eigi lægri en 20 þús. kr. því að lægri fjárhæð dugar vart fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, og dagvinnutekjur eiga að nægja öllum þjóðfélagsþegnum fyrir frumþörfum daglegs lífs. M. a. með vísan til þess að óskertar 15 þús. kr. launatekjur á mánuði er það allra lægsta sem launafólk kemst af með sér til lífsframtæris er lagt til í frv. að launagreiðendum sé óheimilt að snerta þá lágmarksfjárhæð svo sem til þess að halda eftir af því kaupi að kröfu annars aðila. Samkvæmt frumvarpinu, ef að lögum verður, fá því allir launamenn í landinu tryggingu fyrir að fá útborgað í það minnsta 15 þúsund krónur í hverjum mánuði og samsvarandi fyrir hluta mánaðar og þá fjárhæð fær enginn að snerta annar en launamaðurinn sjálfur.

Með frv., ef að lögum verður, hefur hinu raunverulega lágtekjufólki verið lyft mjög verulega í launum án þess að það komi tekjuhærri hópum til góða því að 15 þús. kr. lágmarkslaun hafa engin áhrif á sjálft kauptaxtakervið og breyta í engu álagsgreiðslum, hlunnindagreiðslum eða viðmiðunum sem herra launaðir hópar nota í launakerfum sínum. Eftir að Alþingi og stjórnvöld hafa þannig ákveðið hvaða tekjulágmark setja beri í þjóðfélaginu þannig að enginn þurfi að búa við skort er það svo að sjálfsögðu ákvörðunaratriði aðila vinnumarkaðarins hvaða launakjör samið er um ofan þeirra marka. Sambærileg lágmarksákvæði tekjutryggingar og í frv. er gerð tillaga um að sett skuli gagnvart launafólki ber auðvitað einnig að setja gagnvart öðrum landsmönnum, svo sem gömlu fólki og öryrkjum sem aðeins hafa lífeyristekjur. Í bráðabirgðaákvæðum með frv. er lagt til að sambærileg hækkun verði veitt á lágmarkstekjur elli- og örorkulífeyrisþega og gert er ráð fyrir gagnvart kaupmi láglaunafólks. Bráðabirgðaákvæðin kveða aðeins á um árið 1984 af þeirri ástæðu að flm. gerir ráð fyrir að á því ári verði almannatryggingalögin endurskoðuð til samræmis.

Sú viðbára að atvinnurekstur á Íslandi, jafnvel heilar atvinnugreinar, geti ekki risið undir að greiða starfsfólki sínu 15 þús. kr. lágmarkslaun á mánuði er ekki bara fráleit heldur stórháskaleg. Atvinnurekstur, sem ekki getur þrífist nema starfsfólki sé haldið neðan fátæktarmarka, á ekkert erindi hér á landi. Enn síður má hann eiga framtíð fyrir sér því að sú framtíð byggist á að hluta þjóðarinnar verði haldið á lífskjaraþigi, sem er vansæmandi, eða neyddur til vinnubrælkunar til þess að hafa í sig og á með yfirvinnu sem girðir fyrir allt eðlilegt fjölskyldu- og menningarlíf. Framtíð í atvinnumálum Íslendinga má ekki liggja í slíkum atvinnurekstri. Við höfum nóg önnur og þarfari framtíðarverkefni að vinna en þau sem láta hluta barna okkar og barnabarna lifa bónbjargarlífi. Atvinnuvegir, sem greiða góð laun, eru framtíðin en ekki starfsemi af því tagi sem telur afkomu sína byggjast á því að starfsfólk beri úr bótum 10—12 þús. kr. á mánuði fyrir fullan vinnudag. Þá er það einnig ósæmlegt að stofnanir hins opinbera, t. d. á sviði hinnar dýru og fullkomnu heilbrigðisþjónustu, skuli ætlast til þess að hluti starfsfólks vinni upp á þau býti að hljóta röska tug þúsunda fyrir mánaðarvinnu á sama tíma og hópur starfsfélaga á sömu vinnustöðum tilheyrir mestu hálaunahópum landsins. Þetta nær engri átt og ber að leiðrétta eins og hér er gerð tillaga um.

Lögfest ákvæði um lágmarkslaun eru síður en svo einsdæmi. Slík ákvæði voru m. a. lögleidd í Singapore, m. a. til þess að koma í veg fyrir starfrækslu fyrirtækja þar sem byggðu tilveru sína á lægri launum en talin voru sæmandi og um leið til þess að tryggja að sá atvinnurekstur, sem þar ætti framtíð, greiddi góð laun. Lög um lágmarkslaun voru sett í Bandaríkjunum af stjórn Roosevelts árið 1938 og giltu með breytingum þar til núverandi forseti Bandaríkjanna tók við völdum, en hann lét það verða eitt af sínum fyrstu embættisverkum að afnema þau í anda þeirrar efnahagsstefnu sem hann fylgir. Lágmarks-laun eru einnig í lögum í Bretlandi og í Frakklandi þar sem ríkisstjórn ákveður með tilskipun upphæð lágmarkslauna að fengnum upplýsingum um þjóðarhag, þróun kaupmáttar og verðlags. Núverandi Frakklandsforseti og stjórn hans létu það verða sitt fyrsta verk að hækka lágmarkslaun í Frakklandi um 5% umfram verðlagsþróun og gengu þannig til móts við lágtekjufólk í landinu, öfugt við það sem ríkisstjórn Íslands hefur gert.

Til fróðleiks fylgja hér á eftir sem fylgiskjöl þýðingar á bandarísku og frönsku lágmarkslaunalögum eins og þau hljóðuðu árið 1981, en frá því ári eru þýðingarnar.

Fylgiskjal I.

Frönsk lög um lágmarkslaun

(þýðing)

LAUN

INNGANGUR

Grein L. 141-1.

Ákvæði kaflanna I—VIII í þessum hluta eiga sem sé við launþega opinberra stofnana og ráðuneyta, mennta- og vinnugreina, borgaralegra félaga, fagfélaga og hvers kyns félagsskapar.

1. KAFLI

Lágmarkslaun.

Grein L. 141-1.

Ákvæði þessa kafla eiga við launþega er falla undir atvinnugreinar og starfsemi sem skilgreindar eru í greinunum L. 131-1 og L. 134-1, 1. lið.

Grein L. 141-2.

Lágmarkslaunin veita þeim launþegum, sem kauplægstir eru, kaupmáttartryggingu og hlutdeild í hagþróun þjóðarinnar.

Grein L. 141-3.

Kaupgeta kauplægstu launþega er tryggð með því að vísitölubinda lágmarkslaunin við þróun þjóðarvísitölu verðlags í neyslu sem sett hefur verið sem viðmiðun með tilskipun frá ríkisráði eftir álit frá yfirnefnd heildarsamninga.

Þegar vísitala þessi nær þeirri hæð að samsvara að minnsta kosti hækkingu um 2 af hundruði miðað við vísitöluna, sem gengið var úr skugga um við setningu vísitölu næst á undan, eru lágmarkslaun hækkuð í sama hlutfalli og talið frá fyrsta degi þess mánaðar sem kemur næstur á eftir auglýsingu þeirrar vísitölu sem hefur í för með sér þessa uppfærslu.

Grein L. 141-4.

Í því skyni að tryggja kauplægstu launþegum hlutdeild í hagþróun þjóðarinnar eru lágmarkslaun ákvörðuð — og er sú ákvörðun óháð því að beitt sé grein L. 141-3 — ár hvert með gildi frá 1. júlí við skilyrði sem nú greinir:

Yfirnefnd heildarsamninga fær í tæka tíð frá ríkisstjórninni sundurgreiningu á hagreiðingum þjóðarinnar og skýrslu um almenn hagskilyrði.

Hún fjallar um þessa þætti, tekur tillit til þeirra breytinga sem orðið hafa á árinu og lætur ríkisstjórninni í té rökstudda álitsgerð ásamt skýrslu þar sem tilgreind er, ef ástæða er til, staða meiri hlutans og eins eða fleiri minni hluta.

Þegar ríkisstjórnin hefur kynnt sér efni þessara gagna ákvarðar hún með tilskipun í ríkisráði hina nýju ákvæðistölu lágmarkslauna.

Grein L. 141-5.

Árleg kaupgetuaukning lágmarkslauna má ekki í neinu tilviki vera minni en helmingur af kaupgetuaukningu meðaltímakaups sem skráð er í ársfjórðungslegri rannsókn atvinnu- málaráðuneytisins. Viðmiðunarvísitölunni má breyta með tilskipun í ríkisráðinu eftir álitsgerð frá yfirnefnd heildarsamninga.

Grein L. 141-6.

Með árlegum uppfærslum skal stefna að því að bægja burt öllu varanlegu misræmi milli framþróunar lágmarkslauna og þróunar almennra hagskilyrða og tekna. Í því skyni skal búa út og taka í notkun rannsóknaraðferð og starfsáætlun innan ramma margra ára áætlunarinnar um hag- og þjóðfélagsþróun.

Með tilskipun, sem ákveðin er í ríkisráðinu eftir álitgerð frá yfirnefnd heildarsamninga, má á árinu færa lágmarkslaunin í meiri hæð en þá sem verður við það að beitt er ákvæðum greinarinnar L. 141-3.

Þá kaupgetubót, sem fram kemur vegna málgreinarinnar hér á undan, eftir 1. júlí fyrra árs, skal taka með í reikninginn, þegar beitt er reglunni, sem kveðið er á um í grein L. 141-5, við ákvörðun lágmarkslauna.

Grein L. 141-8.

Í öllum löggjafar- og reglugerðarákvæðum, sem fela í skírskotun til heitisins S.M.I.G. (salaire minimum (national) interprofessionnel garanti: lágmarkslaun), skal heiti þetta víkja og í staðinn fyrir það koma frá og með gildistöku laganna nr. 70-7 frá 2. janúar 1970 tryggt lágmark sem er ákvarðað með því að fara eftir ákvæðum greinarinnar L. 141-3, með fyrirvara um ákvæði sem gert er ráð fyrir í 4. og 5. grein nefndra laga.

Þetta tryggða lágmark má með tilskipun í ríkisráði færa í meiri hæð en þá sem verður við að beita undanfarandi málgrein.

Grein L. 141-9.

Í heildarvinnusamningum og heildarsamkomulagi um ákvörðun eru bönnuð þau ákvæði sem fela í sér vísitölubindingu við lágmarkslaun eða miða við þau í því skyni að ákvarða og endurskoða laun sem gert er ráð fyrir í þessum samningum og samkomulagi.

(Þýðing eftir Magnús G. Jónsson, löggiltan skjalapýðanda.
Reykjavík, 25. október 1981.)

Fylgiskjal II.

Bandarísk lög um lágmarkslaun (þýðing frá 1981)

LÁGMARKSKAUP 6. gr.

6. gr.

(a) Vinnuveitendur skulu greiða starfsmönnum sínum, sem í vinnuviku starfa að verslun eða framleiðslu verslunarvarnings eða eru ráðnir til starfa í fyrirtæki sem starfar að verslun eða framleiðslu verslunarvarnings, kaup sem hér segir:

(1) ekki undir \$2.65 á klukkustund árið sem byrjar 1. janúar 1978, ekki undir \$2.90 á klukkustund árið sem byrjar 1. janúar 1979, ekki undir \$3.10 á klukkustund árið sem byrjar 1. janúar 1980 og ekki undir \$3.35 á klukkustund eftir 31. desember 1980, nema öðruvísi sé ákveðið í þessari grein.

(2) ef starfsmaður er heimaverkamaður í Puerto Rico eða á Jómfrúeyjum, ekki minna en lágmarks-ákvæðislaun samkvæmt reglugerð, eða ef engin lágmarks-ákvæðislaun eru í gildi, hver þau ákvæðislaun sem vinnuveitandi ákveður, þó ekki lægri en lágmarkstímakaup. Lágmarks-ákvæðislaun þessi skulu samsvara lágmarkstímakaupi samkvæmt þessari grein. Atvinnumálaráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð á hvern hátt ákvæðum þessarar

málgreinar verði framfylgt, að skilgreina störf heimaverkamanna í Puerto Rico eða Jómfrúeyjum, að ákvarða lágmarksákvæðislaun þeirra, að mæla fyrir um vinnustaðla, að skilgreina hugtakið „heimaverkamaður“ og að mæla fyrir um vinnuádstöðu.

(3) ef starfsmaður er ráðinn á Samoa, ekki minna en atvinnumálaráðherra ákvarðar samkvæmt tillögu nefndar sem hann skipar á sama hátt og hann skipar nefnd sem fer með sams konar mál varðandi Puerto Rico og Jómfrúeyjar.

(4) ef starfsmaður er ráðinn sem sjómaður á bandarískt skip, ekki minna en sem samsvarar tímakaupi sbr. (1) fyrir þann tíma, sem hann er á vakt, eða

(5) ef starfsmaður er ráðinn til landbúnaðarstarfa, ekki minna en lágmarksskaup sem í gildi er 31. desember 1977 sbr. (1).

(2) (A) Taxi í málgrein (1), sem nemur að minnsta kosti \$2 á klukkustund 31. desember 1977, skal hækka, nema eins og tekið er fram í málgrein (3), sem hér segir:

(i) frá 1. janúar 1978 um \$0.25 á klukkustund, eða um hærri upphæð samkvæmt tillögu sérstakrar iðnaðarnefndar, og

(ii) frá 1. janúar 1979 og 1. janúar hvert ár eftir það um \$0.30 á klukkustund, eða um hærri upphæð samkvæmt tillögu sérstakrar iðnaðarnefndar.

(B) Taxi í málgrein (1), sem er lægri en \$2 á klukkustund 31. desember 1977, skal hækka, nema eins og tekið er fram í málgrein (3)

(i) frá 1. janúar 1978 um \$0.20 á klukkustund, eða um hærri upphæð samkvæmt tillögu sérstakrar iðnaðarnefndar, og

(ii) frá 1. janúar 1979 og 1. janúar hvert ár eftir það

(I) þar til taxtinn er orðinn \$2.30 á klukkustund um \$0.25 á klukkustund eða um hærri upphæð samkvæmt tillögu sérstakrar iðnaðarnefndar, og

(II) ef taxtinn er orðinn \$2.30 á klukkustund, um \$0.30 á klukkustund, eða um hærri upphæð samkvæmt tillögu sérstakrar iðnaðarnefndar.

(3) Ef taxi er hækkaður samkvæmt þessari grein að því marki að hann verði jafnhár taxtanum í (a) (1) eða hærri, þá skal hann gilda.

(4) Allir lágmarkstaxtar samkvæmt málgrein (2) skulu gilda, nema nýr og hærri taxi komi til.

(d) (1) Óheimilt er vinnuveitendum að mismuna starfsmönnum í kaupi eftir kynferði þegar um er að ræða störf sem krefjast sömu leikni, áreynslu og ábyrgðar og unnin eru við sömu skilyrði, nema þegar greitt er eftir (i) starfsaldri, (ii) verðleikum, (iii) kerfi sem mælir tekjur eftir afköstum og gæðum framleiðslunnar, eða (iv) mismuni sem byggist á einhverju öðru en kynferði.

(2) Verkalýðssamtökum er óheimilt að hafa áhrif á vinnuveitendur í þá átt að þeir mismuni starfsmönnum.

(3) Kaup, sem vinnuveitandi hefur haldið eftir, gagnstætt ákvæðum þessarar greinar, telst óbreytt lágmarksskaup samkvæmt lögunum.

(4) „Verkalýðssamtök“ samkvæmt þessari grein teljast hvers konar félagssamtök sem fjalla um starfsmenn, umkvartanir þeirra, vinnudeilur, kaupgjaldsmál, starfsskilyrði og því um líkt.

(f) Starfsmönnum, sem vinna heimilisstörf, skulu greidd lágmarkslaun samkvæmt lögunum.

Fylgiskjal III.

Kynningarbæklingur bandaríska vinnuáráðuneytisins um lágmarkslaunalög. (Þýðing frá 1981.)

Lög um sanngjörn vinnulaun kveða á um lágmarkskaup, yfirvinnu, skráningu og vinnu barna og taka lög in til yfir 50 milljón manna í fullu starfi og starfi að hluta.

Grunnkaup.

Starfsfólk, sem ekki er undanskilið í lögnum, á rétt á lágmarkskaupi sem er að minnsta kosti \$ 3.35 á klukkustund frá 1. janúar 1981 og á það að fá greidda yfirvinnu, sem er ekki undir einum og hálfum sinnum fastakaupið eftir 40 stunda vinnuviku.

Kaupið, sem lög in taka til, ber að greiða reglulega fyrir unnin tíma. Frádráttur frá kaupi fyrir t.d. peningavöntun, vöruvöntun o. s. frv. er ólögmetur ef hann lækkar kaup starfsmanna niður fyrir lágmarkskaup það, sem lög in mæla fyrir um, eða lækkar lögboðið yfirvinnukaup.

Sjúkrahús og dvalarstofnanir geta með samkomulagi við starfsfólk komið á 14 daga yfirvinnu í stað venjulegrar 7 daga vinnuviku ef starfsfólkinu er greitt kaup sem nemur að minnsta kosti fullu kaupi og hálfu betur fyrir vinnu sem fer fram úr 8 stundum á dag eða 80 stundum á 14 daga tímabili, hvort heldur nemur fleiri yfirvinnustundum.

Lög in fela í sér nokkrar undantekningar frá þessum grunni. Sumar þeirra taka til sérstakra viðskipta, aðrar til sérstakrar vinnu.

Enda þótt í lögnum felist lágmarksgrunnkaup og yfirvinnukaup og þau komi skipulagi á unglingsvinnu, þá eru ýmsar venjur í atvinnumálum sem lög in taka ekki til, þar með talið: orlof, sundurslitin vinna eða veikindi, hvíldartími frá starfi, helgar- eða helgidagavinna, kauphækkningar eða hlunnindi, uppsagnir, ástæður fyrir uppsögn eða lokagreiðsla launa til starfsmanna sem láta af störfum.

Slík mál og önnur svipuð eru samkomulagsatriði milli starfsmanna og vinnuveitenda eða lögmetra fulltrúa þeirra.

Til hverra ná lög in?

Lög in taka til allra starfsmanna ákveðinna fyrirtækja sem annast milliríkjavíðskipti, framleiðslu varnings til milliríkjavíðskipta eða á annan hátt fara með slíkan varning. Starfsfólk það, sem hér um ræðir, vinnur við:

- 1) þvott eða hreinsun fatnaðar, eða
- 2) byggingu eða endurbyggingu, eða
- 3) rekstur sjúkrahúss, stofnun sem aðallega sér um sjúklinga, aldraða, geðsjúka í eigin húsakynnum, skóla fyrir þroskahefta, forskóla, barnaskóla, gagnfræðaskóla eða æðri menntastofnun, eða
- 4) eitt eða fleiri smásölu- eða þjónustufyrirtæki (eins og þau eru skilgreind í lögnum) og hafi heildarvelta fyrirtækis á ári ekki verið undir \$ 275 000 frá 1. júlí 1978, \$ 325 000 frá 1. júlí 1980, \$ 362 500 frá 1. janúar 1982,
- 5) allar aðrar tegundir fyrirtækja með heildarveltu sem nemur að minnsta kosti \$ 250 000 á ári.

Ríkisstarfsmenn eru háðir ákvæðum laganna um lágmarks- og yfirvinnukaup og vinnu barna. Starfsmenn einstakra ríkja og sveitarstjórna eru háðir sömu ákvæðum, nema þeir annist hefðbundin stjórnarstörf. Hæstiréttur hefur gefið í skyn að starfsemi í skólum, á sjúkrahúsum, við brunavarnir, löggæslu, heilbrigðisþjónustu og störf við útivist séu hefðbundin.

Starfsmenn, sem lögin taka ekki til, geta þó átt rétt á lágmarks- og yfirvinnukaupi og vernd gegn vinnu barna ef þeir annast milliríkjaviðskipti, þar með talið starfsfólk sem vinnur við

- a) samgöngur og flutninga,
- b) skipaafgreiðslu í milliríkjaviðskiptum,
- c) skrifstofustörf, og aðrir þeir sem nota póst- og símaþjónustu reglulega í milliríkjaviðskiptum,
- d) skrifstofustörf, gæslustörf og viðhald, eða vinnur hjá fyrirtækjum sem annast verslun eða framleiðslu.

Lögin taka til fólks sem annast heimilisstörf, þar með taldar þjónustustúlkur, ráðskonur, bílstjórar, eldabuskur eða fólk sem gætir barna, ef vinnuveitendur greiða þeim að minnsta kosti \$ 50 í peningum á ársfjórðungi eða ef unnar eru meira en 8 stundir á viku.

Hlunnindi sem vinnuveitandi lætur í té.

Sanngjarnan kostnað vegna fæðis og húsnæðis má meta sem hluta af kaupi ef starfsmaður samþykkir.

Ákvæði um kaup undir lágmarki.

Í vissum tilvikum má greiða lærlingum og námsmönnum í fullu námi minna en lágmarkskaup í smásölu-, þjónustu- og landbúnaðarfyrirtækjum eða í æðri menntastofnunum. Samkvæmt lögnum má ákveða lægri taxta fyrir starfsfólk í Puerto Rico, Jómfrúeyjum og Samoa en þann sem almennt er í gildi.

Einnig má ráða aldraða, þroskahefta eða fatlaða með skerta starfsorku fyrir lægra kaup en lágmarkstaxti segir til um.

Undanþegnir bæði lágmarks- og yfirvinnukaupi.

Starfsmenn á sviði framkvæmda, stjórnunar, embættismenn og opinberir starfsmenn (þar með taldir kennarar og starfsmenn á sviði mennta- og skólamála) og einnig sölumenn; starfsmenn ákveðinna smásölu- og þjónustufyrirtækja;

starfsmenn ákveðinna árstímabundinna fyrirtækja sem sjá um skemmtanir, starfsmenn ákveðinna smáblaða, símaörslumenn, sjómenn skráðir á erlend skip og starfsmenn sem fást við fiskveiðar;

landbúnaðarverkamenn í þjónustu manna sem höfðu meir en 500 vinnudaga einhvern ársfjórðung fyrri árs;

fólk sem annast barnagæslu eða er ráðið til að aðstoða aldraða eða sjúka.

Undanþegnir ákvæðum um yfirvinnu aðeins.

Sumir starfsmenn með há umboðslaun í smásölu- eða þjónustufyrirtækjum, sölumenn og viðgerðarmenn bifreiða, landbúnaðartækja, báta og flugvéla;

starfsmenn járnbrauta og flugflutninga, leigubílstjórar, sjómenn skráðir á bandarísk skip;

útvarps- og sjónvarpsþulir, fréttastjórar og tæknimenn ákveðinna útvarpsstöðva;

fólk sem annast heimilisstörf og býr hjá vinnuveitendum;

fólk sem starfar við kvikmyndahús og landbúnað.

Ákvæði um vinnu barna.

Ákvæðin um vinnu barna eru ætluð til þess að ungmenni fari ekki á mis við tækifæri til menntunar og til þess að banna ráðningu þeirra til starfa sem skaðleg eru heilsu þeirra. Í

ákvæðunum er listi yfir áhættumikil störf sem atvinnumálaráðherra telur of hættuleg ungmennum.

Reglur um ráðningu ungmenna til starfa, annarra en í landbúnaði, eru nokkuð frábrugðnar reglum um landbúnaðarstörf. Í starfsgreinum öðrum en landbúnaði eru greinar og vinnustundir eftir aldri sem hér segir:

18 ára eða eldri, hvaða starf sem er, hvort heldur áhættumikið eða ekki og stundafjöldi ótakmarkaður;

16 og 17 ára, hvaða starf sem er sem ekki er áhættumikið og stundafjöldi ótakmarkaður;

14 og 15 ára, utan skóla í ýmsum störfum öðrum en framleiðslu eða námagreftri sem hér segir: ekki meira en 3 stundir á skóladegi, 18 stundir á skólavíku, 8 stundir á dag þegar engin kennsla er eða 40 stundir á viku þegar engin kennsla er. Vinnu má ekki hefja fyrir kl. 7 að morgni og ekki má vinnu ljúka eftir kl. 7 að kvöldi nema frá 1. júní til og með fyrsta mánuði í september, en þá má vinna fram til kl. 9 að kvöldi.

Fjórtán ár er lágmarksaldur í flestum starfsgreinum öðrum en landbúnaði. Þó mega ungmenni á hvaða aldri sem er bera út blöð, koma fram í útvarpi, sjónvarpi, í kvikmyndum eða leiksýningum, vinna hjá foreldrum í einkafyrirtækjum þeirra (nema við framleiðslu eða áhættusöm störf).

Leyfileg störf og vinnustundir ungmenna í landbúnaði eru sem hér segir:

16 ára og eldri, hvaða starf sem er, hvort heldur áhættumikið eða ekki og stundafjöldi ótakmarkaður;

14 og 15 ára, hvaða starf í landbúnaði sem er og ekki er áhættusamt, utan skólagöngu;

12 og 13 ára, utan skólagöngu í störfum sem ekki eru áhættumikil, annaðhvort með skriflegu leyfi foreldra eða á býli foreldra;

Undir 12 ára aldri, störf á býli sem foreldrar eiga eða reka eða með skriflegu leyfi foreldra utan skólagöngu á býli þar sem lágmarkskaup á ekki við.

Börn 10 og 11 ára gömul mega ekki vinna yfir 8 vikur á tímabilinu 1. júní til 15. október.

Börn og ungmenni á hvaða aldri sem er mega gegna hvaða starfi sem er á býli sem foreldrar þeirrar eiga eða reka.

Skýrslugerð.

Vinnuveitendum ber að halda skrár um kaup, vinnustundir og önnur atriði eins og mælt er fyrir um í reglugerð. Flestar upplýsingar eru sama eðlis og þær sem almennt eru notaðar í viðskiptum samkvæmt lögum og reglugerðum. Ekki þarf að hafa neitt sérstakt form á skránum og stimpilklukkur eru óþarfar. Vinnuveitendur, sem háðir eru lágmarks- og yfirvinnukaupi, þurfa að skrá eftirtalið:

- Persónulegar upplýsingar, þar með talið nafn starfsmanns, heimilisfang, starfsheiti, kyn og fæðingardag (ef undir 19 ára aldri).
- Stund og dag sem vinnuvika hefst.
- Unnar stundir hvern vinnudag og hverja vinnuvíku.
- Heildarupphæð sem starfsmaður vinnur sér inn á dag eða viku.
- Tímakaup þær vikur sem yfirvinna er unnin.
- Heildaryfirvinnukaup fyrir vinnuvíkuna.
- Frádrættir eða viðbætur við kaup.
- Heildarkaupgreiðslur fyrir hvert greiðslutímabil.
- Dag þann sem kaup er greitt og fyrir hvaða tímabil.

Hugtök sem notuð eru í lögnum.

Vinnuvika er 168 klukkustunda tímabil sem deilt er í sjö samfleytt 24 stunda tímabil. Vinnuvikan getur hafist hvern þann dag og á hverri þeirri stundu sem vinnuveitandi ákveður. Hver vinnuvika er einstök og sér að því er varðar lágmarks- og yfirvinnukaup. Meðaltal tveggja eða fleiri vikna kemur ekki til greina (nema að því er varðar starfsfólk sjúkrahúsa, sem vinnur eftir 8" og 80" kerfinu, eða sjómenn sem skráðir eru á bandarísk skip).

Unnar stundir.

Starfsfólki, sem lögin taka til, verður að greiða fyrir allar þær stundir sem unnar eru í vinnuvikunni. „Unnar stundir“ merkir almennt allan þann tíma sem starfsmaður verður að vera á vakt eða á vinnustað vinnuveitanda eða á öðrum vinnustað sem ákveðinn hefur verið. Einnig er meðtalin hver sá viðbótartími sem starfsmaður verður að vinna eða er leyft að vinna.

Útreikningur yfirvinnukaups.

Yfirvinnu verður að greiða að minnsta kosti í hlutfallinu einum og hálfum sinnum kaupið fyrir hverja klukkustund vinnuvikunnar umfram hámarksvinnu í hverri atvinnugrein. Í venjulegum taxta eru almennt fólgnar allar greiðslur sem vinnuveitandi innir af hendi til starfsmanns eða hans vegna. Eftirtalin dæmi eru byggð á 40 stunda vinnuviku:

1. Tímakaup. Ef yfir 40 stundir eru unnar ber að greiða að minnsta kosti einum og hálfum sinnum fastakaup fyrir hverja klukkustund sem unnin er umfram 40.

Dæmi: Starfsmaður, sem fær \$ 3.80 á klukkustund, vinnur 44 stundir á vinnuviku. Hann á rétt á að minnsta kosti einum og hálfum sinnum \$3.80 eða \$5.70 fyrir hverja stund umfram 40. Kaup fyrir vikuna mundi vera \$152 fyrir fyrstu 40 stundirnar, að viðbættum \$22.80 fyrir fjögurra stunda yfirvinnu, eða alls \$174.80.

2. Ákvæðisvinna. Fastakaup starfsmanns, sem fær greiðslu á grundvelli ákvæðisvinnu, fæst með því að deila heildarupphæð þeirri, sem hann vinnur sér inn á viku, með þeim stundafjölda sem hann vann í sömu viku. Starfsmaðurinn á kröfu á hálfu sinni fastakaupi til viðbótar fyrir hverja unna klukkustund umfram 40, auk fullrar greiðslu fyrir ákvæðisvinnuna.

Dæmi: Starfsmaður, sem fær greiðslu fyrir ákvæðisvinnu, vinnur 45 stundir á viku og vinnur sér inn \$162. Fastakaupið fyrir þá viku er \$162, deilt með 45, sem verða \$3.60 fyrir hverja klukkustund. Í viðbót við fastakaupið á hann kröfu til \$1.80 (hálf fastakaup) fyrir hverja klukkustund umfram 40.

Önnur leið til að greiða fólki í ákvæðisvinnu fyrir yfirvinnu, ef samþykkt er áður en vinna hefst, er að greiða einum og hálfum sinnum ákvæðisvinnutaxta fyrir hvern hlut sem framleiddur er í yfirvinnu. Ákvæðisvinnutaxtinn verður að vera sá sem raunverulega er greitt eftir í dagvinnu og verður að nægja til að gefa í aðra hönd að minnsta kosti lágmarkstímakaup.

3. Laun — hin fastákveðna greiðsla til starfsmanns sem tekur laun fyrir tiltekinn vinnustundafjölda í viku fæst með því að deila klukkustundunum í launaupphæðina. Til skýringar má hugsa sér að vinnustundir starfsmannsins séu mismargar frá einni viku til annarrar, en samkvæmt samningi við vinnuveitanda séu honum greiddir \$200 á viku fyrir þær vinnustundir sem krafist er. Samkvæmt þessu greiðslufyrirkomulagi verða launin mismunandi þær vikur sem yfirvinna er unnin. Ef starfsmaður vinnur 50 stundir er fastákveðna greiðslan \$4 (\$ 200 deilt með 50 klukkustundum). Auk launanna ber að greiða helming fastákveðnu upphæðarinnar, þ. e. \$ 2 fyrir hverja yfirvinnustund, sem eru 10 talsins, eða alls \$ 220 fyrir vikuna. Ef starfsmaðurinn vinnur 54 stundir verður fastákveðna

greiðslan \$ 3.70 (\$ 200 deilt með 54). Í þessu tilviki ber að greiða \$ 1.85 fyrir hverja yfirvinnustund, sem eru 14 talsins, eða alls \$ 225.90 fyrir vikuna. Fastákvæðna upphæðin má aldrei vera lægri en lágmarkskaup samkvæmt lögnum.

Ef laun eru ekki greidd vikulega verður að ákvarða vikukaup til þess að hægt sé að reikna út fastákvæðnu upphæðina og yfirvinnukaup. Ef launin eru fyrir hálfan mánuð verður að margfalda þau með 24 og deila útkomunni með 52 vikum til þess að fá út jafngildi vikukaups. Mánaðarlaun ber að margfalda með 12 og deila í útkomuna með 52.

Framkvæmd.

Kauplagsdeild sér um framkvæmd laganna að því er varðar einkaaðila, starfsmenn ríkis og sveitarfélaga, alríkisstarfsmenn Landsbókasafnsins, Póstþjónustunnar og Tennessee Valley fyrirtækisins. „The Office of Personnel Management“ sér um framkvæmd laganna gagnvart öllum öðrum alríkisstarfsmönnum.

Starfsmenn Kauplagsdeildar um gjörvöll Bandaríkin sjá um framkvæmd laganna um sanngjörn vinnulaun og er þeim heimilt að framkvæma rannsóknir og safna gögnum um kauplagsmál. Ef um brot á lögnum er að ræða geta þeir einnig ráðlagt breytingar á starfsháttum vinnuveitenda til að færa þá til samræmis við lög.

Það telst brot á lögnum um sanngjörn vinnulaun ef manni er vikið úr starfi eða honum mismunað á annan hátt fyrir að bera fram kvörtun eða taka þátt í málaferlum út af lögnum.

Brot á lögnum af ásettu ráði má sækja fyrir sakadómi og dæma hinn brotlega í \$ 10 000 sekt. Annað brot getur varðað fangelsi.

Brot á ákvæðum um vinnu barna varða \$ 1 000 fjársekt fyrir hvert brot.

Innheimta ógreiddra vinnulauna.

Í lögum um sanngjörn vinnulaun er að finna ákvæði um innheimtu lágmarks- og yfirvinnukaups ef vanskil verða:

1. Kauplagsdeild getur haft eftirlit með greiðslu kaups í vanskilum.
2. Atvinnumálaráðherra getur krafist greiðslu á vangoldnum vinnulaunum og sömu upphæðar í skaðabætur með málsókn.
3. Starfsmaður getur höfðað mál vegna vangoldinna vinnulauna og sömu upphæðar í skaðabætur að viðbættum málskostnaði.
4. Atvinnumálaráðherra getur með lögbanni aftrað manni frá því að brjóta lög, þar með talið að halda eftir lögmætu lágmarkskaupi og greiðslu fyrir yfirvinnu.

Starfsmaður getur ekki höfðað mál ef honum eða henni hefur verið greitt vangoldið kaup samkvæmt eftirliti Kauplagsdeildar eða ef atvinnumálaráðherra hefur þegar höfðað mál til innheimtu kaupsins.

Vangoldið kaup fyrnist á 2 árum, eða 3 árum ef um lagabrot af ásettu ráði er að ræða.

Kauplagsdeild.

Auk laga um sanngjörn vinnulaun fer Kauplagsdeild með framkvæmd margra annarra laga um atvinnumál.

Ákvæði um jafnrétti.

Lög um sanngjörn vinnulaun kveða á um bann við mismunun kynja að því er varðar kaup, þ. e. mismunun karla og kvenna sem ráðin eru til sama fyrirtækis til starfa sem krefjast leikni, áreynslu og ábyrgðar og unnin eru við sömu skilyrði.

Ed. 343. Breytingartillaga [159. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. l. nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

13. gr. orðist svo:

Í stað „varasjóð skv. 12. tl. l. mgr. 31. gr.“ í l. mgr. 57. gr. laganna komi: fjárfestingarsjóð skv. 11. tl. 31. gr., sbr. 54. gr.

Nd. 344. Frumvarp til laga [192. mál]

um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

I. KAFLI

Umdæmaskipting þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Landinu er skipt í kirkjusóknir. Sóknir mynda prestaköll, prófastsdæmi og biskupsdæmi, svo og kjördæmi vegna kosninga til kirkjuþings.

Mörk sókna og prestakalla og prófastsdæma skulu óbreytt vera, svo sem þau hafa mótast af lögum og í lagaframkvæmd, en um breytingar á þeim fer eftir því, sem greinir í lögum þessum og í öðrum lögum, er við eiga, sbr. einkum lög nr. 35/1970.

Um mörk vígslubiskupsdæma fer eftir því sem segir í lögum nr. 38/1909 og um kjördæmi vegna kosninga til kirkjuþings svo sem greinir í lögum nr. 48/1982.

Landið allt er eitt biskupsdæmi uns önnur skipan kann að verða á því gerð.

II. KAFLI

Um kirkjusóknir og skipan þeirra.

a. Almenn ákvæði.

2. gr.

Kirkjusókn er félag þess fólks innan þjóðkirkjunnar, sem býr innan sóknarmarka.

Kirkjusókn er sjálfstæð fjárhags- og félagsleg eining, en tengist öðrum sóknum innan prófastsdæmis með sameiginlegum héraðsfundi og með annars konar samstarfi, sem héraðsfundur kann að mæla fyrir um, eða einstakar sóknarnefndir stofna til.

Sóknarmenn eiga rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni, sbr. 8. og 9. gr., og bera sameiginlegar skyldur eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum eða með lögmætum ákvörðunum.

b. Stærð kirkjusókna, sóknarmörk og breytingar á þeim.

3. gr.

Í kirkjusókn skulu að jafnaði eigi vera fleiri en 4000 sóknarmenn og eigi færri en 100. Nú verða sóknir mannfleiri eða mannfærri, og skal héraðsfundur þá gera tillögur um, hvernig við skuli bregðast, að fengnum tillögum sóknarnefnda og aðalsafnaðarfunda.

Sóknarmörk skulu vera glögg. Við ákvörðun þeirra skal taka tillit til félagslegra aðstæðna, samgangna, staðhátta og hefðar.

Við skipulagningu í þéttbýli skal taka mið af líklegri skipan sókna og staðsetningu kirkna og höfð í því efni samráð við sóknarprest, sóknarnefndir og prófast.

4. gr.

Aðalsafnaðarfundur eða aðalsafnaðarfundir, ef mál varðar fleiri sóknir en eina, gera tillögur til héraðsfunda um skiptingu kirkjusóknar, sameiningu sókna og um sóknarmörk svo og um niðurlagningu kirkju eða tilfærslu. Héraðsfundur (safnaðarráð) getur einnig átt frumkvæði að tillögum í þessu efni, einkum er 1. málsg. 3. gr. á við, en mál skal þá leggja fyrir aðalsafnaðarfund (aðalsafnaðarfund) til samþykktar.

Ákvarðanir samkvæmt 1. málsg. taka gildi, ef aðalsafnaðarfundur samþykkir þær eða meirihluti aðalsafnaðarfunda, ef því er að skipta, svo og héraðsfundur. Nú ná tillögur um þessi efni eigi samþykki allra þeirra aðilja, sem greindir voru, og sker kirkjumálaráðherra þá úr, að fengnum tillögum biskups.

Þegar ný sókn er löglega stofnuð, er presti þess prestakalls, sem hin nýja sókn tekur yfir, skylt að annast þar kirkjulega þjónustu.

Nú er hin nýja sókn hluti af tveimur prestaköllum, og ákveður þá kirkjumálaráðherra, að fengnum tillögum biskups, hvor hinna tveggja presta á að þjóna sókninni. Sama er, ef sókn er hluti úr fleiri en tveimur prestaköllum.

5. gr.

Nú er kirkjusókn skipt og tekin upp ný sókn eða sóknarmörk færð til, og skal þá miða fjárskipti sóknanna við hlutfallslegan fjölda þeirra sóknarmanna, sem breytingin tekur til. Ef aðilja greinir á um fjárskiptin, geta viðkomandi sóknarnefndir krafist þess, að kirkjumálaráðherra skipi tvo menn í nefnd með prófasti, er útkljái ágreiningsefnið til fullnaðar. Prófastur er formaður nefndarinnar. Nefndin veitir aðiljum færi á að skýra mál sitt, og kannar hún málefni eftir föngum. Hún kveður að svo búnu á um fjárskiptin, þ. á m. um greiðslukjör.

6. gr.

Nú er sókn aflögð með því að hún sameinast annarri sókn eða sóknum, og skulu eignir hennar þá renna til þeirrar sóknar eða þeirra sókna, sem sóknarmenn hinnar aflögðu sóknar hverfa til, og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við fjölda sóknarmanna, er hverri sókn bætist.

Þegar sókn er aflögð vegna þess að hún eyðist af fólki, skal prófastur varðveita eignir hennar, en lausafé skal þá ávaxtað í Hinum almenna kirkjusjóði með bestu fánlegu kjörum. Nú er aflögð sókn endurreist og veitt sóknarréttindi á ný með samþykki héraðsfundar, og á sú sókn þá rétt til framangreindra eigna.

Þegar sókn er aflögð samkvæmt ákvæðum 1. og 2. málsg., getur biskup, að fengnum tillögum aðalsafnaðarfundar og héraðsfundar, þá mælt svo fyrir, að sóknarkirkjan verði greftrunarkirkja.

III. KAFLI

Um sóknarmenn og rétt þeirra til kirkjulegrar þjónustu.

a. Sóknarmenn.

7. gr.

Sóknarmenn eru allir þeir, sem lögheimili eiga í sókn, miðað við 1. desember næstliðinn, hafa hlotið skírn og eru skráðir í þjóðkirkjunni. Um skráningu óskírðra í þjóðkirkjunni fer að öðru leyti eftir ákvörðun laga um trúfélög nr. 18/1975.

b. Réttur sóknarmanna á kirkjulegri þjónustu o. fl.

8. gr.

Sóknarmenn eiga rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni og þátttöku í almennu safnaðarstarfi. Þeir sóknarmenn, sem ekki geta notið kirkjulegrar þjónustu í sókn sinni, svo sem vegna vistunar á stofnunum utan sóknar eða vegna dvalar utan sóknar ella, t. d. vegna sjúkleika eða af atvinnuástæðum, eiga rétt á slíkri þjónustu í þeirri sókn, sem þeir búa í eða dveljast.

9. gr.

Sóknarmenn eiga rétt á guðsþjónustum í sóknum sínum, er skal að jafnaði miða við eftirfarandi tilhögun:

A. Ef sóknarmenn eru 600 hið fæsta skal almenn guðsþjónusta haldin hvern helgan dag. Ef tveir prestar þjóna sömu sókn, skulu a. m. k. vera tvær guðsþjónustur hvern helgan dag.

B. Í sókn með 300 til 600 sóknarmönnum skal vera almenn guðsþjónusta annan hvern helgan dag.

C. Í sókn með 100 til 300 sóknarmönnum skal vera almenn guðsþjónusta fjórða hvern helgan dag.

D. Í sókn með færri en 100 sóknarmönnum skal vera almenn guðsþjónusta áttunda hvern helgan dag.

Prófastur endurskoðar þjónusturétt vegna fjölgunar eða fækkunar sóknarmanna eigi sjaldnar en fimmta hvert ár og kveður á um hann, að fengnum tillögum sóknarnefnda.

10. gr.

Sóknarmenn njóta kosningarréttar og kjörgengis á safnaðarfundum og í öðrum opinberum kosningum innan þjóðkirkju, þegar þeir eru fullra 16 ára.

Sóknarmönnum er skylt að hlíta þeim skyldum, sem á þá eru lagðar með lögum og lögmætum samþykktum safnaðarfunda og ákvörðunum kirkjustjórnar, sem stöð eiga í lögum.

IV. KAFLI

Um safnaðarfundum.

11. gr.

Aðalsafnaðarfundur skal halda ár hvert. Þar skulu rædd málefni sóknarinnar, þar á meðal þau mál, sem lögmælt er, að undir hann beri, svo og þau mál, sem héraðsfundur, sóknarprestur, prófastur, biskup eða kirkjumálaráðherra skýtur þangað. Aðalsafnaðarfundur er vettvangur starfsskila og reikningsskila af hendi sóknarnefndar og einstakra nefnda innan sóknarinnar.

Aðalsafnaðarfundur fer með æðsta ákvörðunarvald innan sóknarinnar í málum þeim, sem undir fundinn heyra samkvæmt lögum eða lögmætum ákvörðunum.

Aðra safnaðarfundum skal halda, ef meirihluti sóknarnefndar óskar þess eða einn fjórði hluti sóknarmanna, sem atkvæðisrétt eiga á safnaðarfundum, sbr. 10. gr. 1. málsg.

12. gr.

Sóknarnefnd boðar safnaðarfundum með þriggja daga fyrirvara hið skemmsta á sama hátt og tíðkanlegt er um messuboð í sókninni.

Fundarefni skal kynnt í fundarboði.

Fundur er ályktunarfær, ef rétt er til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á safnaðarfundum.

V. KAFLI

Um sóknarnefndir, skipun, störf og starfshætti.

a. Sóknarnefndir, skipun og verkaskipting. Endurskoðendur.

13. gr.

Í hverri kirkjusókn er sóknarnefnd, sem annast framkvæmdir á vegum sóknarmanna og styður kirkjulegt starf í sókninni ásamt sóknarpresti eða sóknarprestum og starfsmönnum sóknarinnar.

14. gr.

Sóknarnefndarmenn eru þrír í sóknum, þar sem sóknarmenn eru færri en 300, en ella fimm, þó svo að þegar sóknarmenn eru 1000 hið fæsta mega sóknarnefndarmenn vera sjö, og níu, ef sóknarmenn eru 4000 eða fleiri, allt miðað við 1. desember næstliðinn. Fjölga skal sóknarnefndarmönnum, ef því er að skipta, á næsta aðalsafnaðarfundi, þegar kjör sóknarnefndarmanna á fram að fara, eftir að þeir verða 1000 eða 4000 hið fæsta. Nú fækkar sóknarmönnum niður fyrir greind mörk, og ákveður aðalsafnaðarfundur þá, hvort fækka skuli sóknarnefndarmönnum.

Kjósa skal a. m. k. jafnmarga varamenn og aðalmenn eru, og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð, sem þeir voru kosnir í.

Heimilt skal sóknarnefnd að kveðja varamenn sér til liðsinnis, þegar hún telur ástæðu til.

15. gr.

Sóknarnefnd skal kosin til fjögurra ára í senn, sbr. þó 3. málsg.

Á fyrsta aðalsafnaðarfundi, sem haldinn er eftir gildistöku laga þessara, skal kjósa sóknarnefndir samkvæmt þeim í öllum kirkjusóknum landsins, og fellur umboð sóknarnefndar niður, þegar ný sóknarnefnd hefir verið kosin samkvæmt þessu.

Að tveimur árum liðnum frá kosningunni skal nokkur hluti kjörinna aðalmanna og varamanna ganga úr nefndinni, þ. e. einn af þremur, tveir af fimm, þrír af sjö og fjórir af níu, og ræður hlutkesti, nema samkomulag sé um þetta innan nefndarinnar. Kjörtímabili hins hluta nefndarinnar lýkur eftir fjögur ár frá frumkosningu. Skal þessi kjörtilhögun síðan gilda til frambúðar að breyttu breytanda.

Nú andast sóknarnefndarmaður, flytur úr sókninni eða hverfur úr sóknarnefnd af öðrum ástæðum. Skal þá kjósa aðalmann í hans stað á næsta aðalsafnaðarfundi fyrir þann hluta kjörtímabilsins, sem þá er eftir að því er þann mann varðar. Varamaður hans gegnir starfi uns sú kosning fer fram.

16. gr.

Sóknarmönnum er skylt að taka við kjöri í sóknarnefnd. Sóknarmenn, sem hafa náð sextugsaldri, geta þó skorast undan kosningu. Sá, sem átt hefir sæti í sóknarnefnd, getur vikist undan endurkosningu um jafnlangan tíma og hann gegndi þar störfum.

Aðalsafnaðarfundi er heimilt að kveða svo á, að hver sóknarnefndarmaður hafi ákveðið verk svið í safnaðarstarfinu. Skal það þá kynnt á aðalsafnaðarfundi, áður en kosning fer fram.

Sóknarnefnd skiptir að öðru leyti með sér verkum formanns, gjaldkera og ritara þegar eftir að kjör í sóknarnefnd hefir farið fram. Skipa þeir framkvæmdanefnd, þegar sóknarnefndarmenn eru fleiri en fimm.

Sóknarnefnd getur skipað nefndir úr sínum hópi eða utan hans til að fjalla um einstök málefni, þ. á m. um byggingarframkvæmdir.

Aðalsafnaðarfundur kýs tvo menn og aðra tvo til vara til fjögurra ára í senn til að endurskoða reikninga sóknarinnar og kirkjubyggingareikninga, ef því er að skipta.

b. Starfshættir og verkefni sóknarnefnda.

17. gr.

Formaður boðar fundi í sóknarnefnd og stýrir þeim. Fundur er ályktunarfær, ef meirihluti nefndarmanna sækir fundinn. Sóknarprestur skal að jafnaði sitja sóknarnefndarfundum. Ennfremur organisti, meðhjálpari, hringjari, kirkjuvörður og formenn kirkjulegra félaga, sem tengjast sókninni, ef málefni þessara aðilja eru sérstaklega til umræðu þar.

18. gr.

Sóknarnefnd vinnur að þeim verkefnum, sem henni eru ætluð í lögum og stjórnvaldsreglum eða fengin henni með samþykktum safnaðarfunda, svo og að málum, sem héraðsfundur, sóknarprestur, prófastur eða biskup vísar til hennar.

19. gr.

Sóknarnefnd er í fyrirsvari fyrir sóknina gagnvart stjórnvöldum og einstökum mönnum og stofnunum. Hún hefir umsjón með kirkju safnaðarins svo og safnaðarheimili og ræður því, ásamt sóknarpresti, hvernig afnotum af þeim skuli háttað.

Sóknarnefnd skal gæta að réttindum kirkju og gera prófasti viðvart, ef út af bregður.

20. gr.

Sóknarnefnd sér um, að viðunandi húsnæði og búnaður sé til guðspjónustuhalds og annars safnaðarstarfs í sókninni. Skal hún ásamt sóknarpresti hafa forystu um kirkjubyggingu, endurbyggingu kirkju eða stækkun kirkju og byggingu safnaðarheimilis, eftir því sem aðalsafnaðarfundur mælir fyrir um.

Sóknarnefnd sér um, að kirkju sé vel við haldið og búnaði hennar, og skal leitast við að fegra og prýða kirkju og umhverfi hennar eftir því sem kostur er. Á þetta einnig við um safnaðarheimili.

Sóknarnefnd annast vörslu og ávöxtun á lausafé kirkjunnar (safnaðarheimilis) og ber ábyrgð á fjárreiðum sóknarinnar og skal reikningsfærsla öll vera skipuleg og glögg. Sóknarnefnd leggur fram á aðalsafnaðarfundum endurskoðaða reikninga sóknarinnar fyrir umliðið ár. Að fenginni samþykkt þeirra skulu reikningarnir sendir áritaðir af sóknarnefnd til prófasts eigi síðar en 1. júní ár hvert, nema prófastur veiti rýmri frest. Nú gerir prófastur athugasemdir við reikning, sem sóknarnefnd getur eigi fallist á, og er henni þá kostur að láta fylgja skýringar sínar og andsvör til héraðsfundar, er úrskurðar reikninginn, sbr. 32. gr.

21. gr.

Sóknarnefnd er sóknarpresti og starfsfólki sóknarinnar til stuðnings í hvívetna og stuðlar að eflingu kristinnar trúar og siðgæðis meðal sóknarmanna.

Um afskipti sóknarnefndar af álagningu kirkjugjalda og innheimtu þeirra er mælt í lögum.

Um ráðningu starfsmanna sókna eru ákvæði í 25. gr.

Um störf sóknarnefndar í sambandi við veitingu prestsembætta fer svo sem fyrir er mælt í lögum.

c. Safnaðarfulltrúar.

22. gr.

Sóknarnefnd kys úr sínum hópi safnaðarfulltrúa og annan til vara til setu á héraðsfundi. Þá skal kjósa til fjögurra ára í senn. Umboð núverandi safnaðarfulltrúa fellur niður, er nýkjörin sóknarnefnd, sbr. 15. gr. 2. málsgl., hefir kosið safnaðarfulltrúa samkvæmt lögum þessum.

Sóknarnefnd sendir prófasti starfsskýrslu sóknarinnar eigi síðar en þremur vikum áður en héraðsfundur er haldinn. Safnaðarfulltrúi gerir grein fyrir störfum og samþykktum héraðsfundar á næsta safnaðarfundi eftir að héraðsfundur var haldinn.

d. Bókhald og erindisbréf.

23. gr.

Sóknarnefnd heldur þessar bækur:

1. Gerðabók og skulu þar bókaðar fundargerðir sóknarnefnda og safnaðarfunda. Ef byggingarnefnd kirkju er skipuð, skal hún halda sérstaka gerðabók.
2. Bréfabók, þar sem varðveitt skulu bréf til sóknarnefndar og afrit af bréfum, er hún ritar.
3. Sjóðsbók, þar sem bókfærð eru öll útgjöld sóknarinnar og tekjur, gjafir, áheiti og annað, er fjármál varðar, og vísað til fylgiskjala.
4. Kirkjubók og skal í hana rita allar kirkjuathafnir og greina í megindráttum frá öðrum safnaðarstörfum.
5. Kirkjuskrá um sóknarkirkju, byggingarsögu hennar, viðhald kirkju og réttindi hennar o. fl.

Bækur samkvæmt 1.–3. tölulið löggildir prófastur, en sóknin kostar andvirði þeirra. Bækur samkvæmt 4. og 5. tölulið löggildir biskup og leggur sókninni til.

24. gr.

Biskup Íslands setur sóknarnefndum almennt erindisbréf, að fenginni umsögn prófasts-fundar og kirkjuráðs.

VI. KAFLI

Um starfsmenn kirkjusókna.

25. gr.

Sóknarnefnd ræður organista, meðhjálpara, hringjara, umsjónarmann kirkju (kirkju-vörð) og aðra slíka starfsmenn og semur um kaup þeirra, kjör og ráðningartíma. Rétt er sóknarnefnd að ráða starfsmenn til að annast ákveðin safnaðarstörf, enda hafi safnaðarfundur heimilað það. Um kaup og kjör og ráðningartíma fer sem í 1. málsgr. greinir.

Biskup Íslands staðfestir erindisbréf sóknarnefndar fyrir þessa starfsmenn.

Starfsmenn sökna, sem ráðnir eru í hálf starf hið minnsta, eiga rétt á setu á héraðsfundi með málfrelsi og tillögurétti, sbr. 31. gr.

26. gr.

Stofna skal til námskeiða fyrir sóknarnefndarmenn, safnaðarfulltrúa og aðra starfsmenn sökna, eftir því sem fé er veitt til þess, og skal þar fjallað um almenn safnaðarstörf eða sérstaka þætti þeirra. Námskeiðin skulu haldin á vegum prófastsdæmis, biskupsdæmis eða kirkjulegra samtaka. Skulu sóknarnefndir sjá um að þátttakendur fái greiddan dvalar- og ferðakostnað.

27. gr.

Aðalsafnaðarfundur getur kveðið svo á, að mynda skuli starfsmannanefnd innan sóknar. Þar eiga sæti sóknarprestur (sóknarprestar), sóknarnefnd, formenn safnaðarfélaga og kirkjukórs og starfsmenn sóknarinnar, sem ráðnir eru í hálf starf hið minnsta. Starfsmannanefnd fjallar um störf og starfsháttu starfsmanna sóknarinnar, starfsskilyrði þeirra og það, sem til umbóta horfir og samræmingar í þeim efnum. Formaður sóknarnefndar boðar fundi starfsmannanefndar, er haldnir skulu a. m. k. einu sinni á ári, en skylt er að boða til fundar, ef þrír þeirra, sem sæti eiga í nefndinni, æskja þess. Starfsmannanefnd heldur sérstaka gerðabók. Samþykktir hennar eru ekki bindandi, nema safnaðarfundur staðfesti þær..

28. gr.

Nú kemur upp ágreiningur varðandi störf starfsmanna innan sóknar og verður eigi leystur þar á vettvangi. Er þá rétt að vísa málinu til prófasts, sem leitar lausnar í samráði við sóknarprest. Ef eigi tekst að leysa málið, skal ágreiningnum vísað til héraðsfundar til úrskurðar, en aðiljar geta skotið þeim úrskurði til biskups til fullnaðarúrlausnar.

VII. KAFLI

Um héraðsfundi og héraðsnefndir.

a. Um héraðsfundi.

29. gr.

Héraðsfundi skal halda í prófastsdæmi eigi síðar en 31. október ár hvert, en til aukahéraðsfunda skal stofna samkvæmt því, sem segir í 33. gr.

Héraðsfundur er vettvangur prófastsdæmis til umræðna um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar í prófastsdæminu. Þar skulu rædd þau málefni, sem lög leggja til héraðsfunda eða stjórnvöld kirkjumála vísa þangað til umfjöllunar, umsagnar eða úrlausnar eða safnaðarfundir, sóknarnefndir, sóknarprestar og starfsmenn sókna óska, að þar séu rædd.

30. gr.

Prófastur boðar héraðsfund skriflega með hálfsmánaðar fyrirvara og skal fundarboð, er greini fundarefni, sent öllum þeim, sem rétt eiga til setu á héraðsfundi, sbr. 31. gr.

Fundur er ályktunarfær, ef rétt er til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á héraðsfundi.

Mál, sem eigi eru greind í fundarboði, verða eigi tekin til umræðu, nema tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra fundarmanna samþykki.

31. gr.

Atkvæðisrétt á héraðsfundi eiga þjónandi prestar prófastsdæmis og safnaðarfulltrúar. Á héraðsfundi Reykjavíkurprófastsdæmis skulu safnaðarráðsfulltrúar hafa atkvæðisrétt.

Sóknarnefndarmenn og aðrir þeir, sem sæti eiga í starfsmannanefnd sóknar, sbr. 27. gr., eiga rétt á fundarsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

32. gr.

Prófastur leggur fram á héraðsfundi endurskoðaða reikninga kirkna í héraðinu fyrir næstliðið reikningsár til umræðu og úrskurðar. Á héraðsfundi skal ennfremur gerð grein fyrir starfsemi og fjárreiðum héraðssjóðs á umliðnu starfsári, ef slíkum sjóði er til að dreifa, og fjárreiðum prófastsdæmis.

33. gr.

Prófastur boðar aukahéraðsfund, ef þurfa þykir. Skyllt er að boða slíkan fund, ef ¼ hluti atkvæðisbærra fundarmanna óskar þess. Um fundarboðun fer samkvæmt 30. gr.

34. gr.

Hver sá, sem rétt á til setu á héraðsfundi, getur óskað að bera þar upp tillögur sínar um kirkjuleg málefni, sem heyra undir starfssvið héraðsfunda. Hann skal mælast til þess við héraðsnefnd, að málefni þessi verði rædd þar og greind í fundarboði.

35. gr.

Þeir fundarmenn á héraðsfundi, sem verða í minni hluta við einstakar samþykktir fundarins, geta óskað þess, að sérálit þeirra fylgi ályktunum fundarins til biskups, ef um er að ræða málefni, sem til úrskurðar hans eða kirkjumálaráðherra kemur.

b. Um héraðsnefnd.

36. gr.

Héraðsnefnd prófastsdæmis skal starfa milli héraðsfunda og er hún framkvæmdarnefnd héraðsfunda. Prófastur er formaður héraðsnefndar, en héraðsfundur kýs aðra nefndarmenn, einn safnaðarfulltrúa og einn prest, til fjögurra ára í senn og varamenn þeirra með sama hætti.

Héraðsfundur kýs tvo endurskoðendur reikninga héraðssjóðs og tvo til vara til fjögurra ára í senn.

Héraðsnefnd fylgir eftir samþykktum héraðsfunda og sendir þær biskupi og öðrum, sem eiga hlut að máli. Hún er í fyrirvari fyrir prófastsdæmið gagnvart stjórnvöldum og einstökum mönnum og stofnunum að því er varðar sameiginleg málefni prófastsdæmisins. Héraðsnefnd fer með stjórn héraðssjóðs og gerir tillögur um kirkjulega starfsemi á vegum prófastsdæmisins. Er henni heimilt með samþykki héraðsfundar að ráða starfsmenn til að gegna einstökum verkefnum. Héraðsnefnd undirbýr héraðsfundi.

Prófastur kveður héraðsnefnd saman til fundar svo oft sem þörf krefur. Nefndarmenn fá greidda reikninga fyrir útlagðan kostnað úr héraðssjóði.

VIII. KAFLI

Stjórnvaldsreglur, gildistaka og brottfallin lög.

37. gr.

Kirkjumálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um einstök atriði, er varða framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum biskups og kirkjuráðs.

38. gr.

Lög þessi taka þegar gildi, og skulu kosningar á sóknarnefndum, safnaðarfulltrúum og héraðsnefndum prófastsdæma fara fram jafnskjótt og föng eru á, en umboð núverandi sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa fellur niður, þegar slík kosning hefir farið fram, sbr. 15. og 22. gr.

Við gildistöku laganna falla úr gildi 4. gr. tilskipunar um tilhlýðilegt helgihald sabbatsins og annarra helgra daga á Íslandi, lög nr. 36 16. nóvember 1907 um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda og lög nr. 71/1941 og nr. 39/1961 um breytingu á þeim lögum, og enn fremur 11.–13. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð. Enn fremur önnur þau ákvæði laga, er eigi fá samrýmst ákvæðum laga þessara.

Prátt fyrir ákvæði 3. gr. haldast ákvæði lokamálsgreinar 1. gr. laga nr. 35/1970, þó svo, að í stað tölunnar 5000 kemur töluorðið 4000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur kirkjulaganefnd að meginstofni til samið. Í henni áttu upphaflega sæti dr. Sigurbjörn Einarsson, biskup og síðar eftirmaður hans, Pétur Sigurgeirsson og enn fremur dr. Ármann Snævarr, hæstaréttardómari og Baldur Möller, ráðuneytisstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Frumvarp kirkjulaganefndar var að tilhlutan kirkjuráðs lagt fyrir kirkjuþing í nóvember 1982 til umfjöllunar.

Kirkjuþing gerði smávægilegar breytingar á frumvarpinu og hafa þær verið felldar inn í frumvarpið eins og það liggur nú fyrir.

Frumvarpið var lagt fyrir Alþingi skömmu fyrir þinglok vorið 1983 og fékk ekki umfjöllun.

Með frumvarpinu fylgdi frá kirkjulaganefnd eftirfarandi greinargerð. Á henni hafa verið gerðar smávægilegar breytingar til samræmis við þær breytingar, sem kirkjuþing gerði á frumvarpinu.

Greinargerð.

I.

Allt fram á síðara hluta 19. aldar kvað lítið eða nánast ekkert að afskiptum þjóðkirkjumannanna annarra en kennimanna af málefnum þjóðkirkjunnar. Kirkjan var miðstýrð. Á síðustu áratugum 19. aldar hefst hér merkileg og öflug hreyfing, er stefndi að aukinni hluttöku safnaðarmanna í stjórnun kirkjumála og að frjálsræði í trúarefnum. Frumvörp mörg og athyglisverð voru lögð fyrir Alþingi, flest þeirra samin af kirkjumálanefnd þeirri, sem skipuð var á 8. áratug þeirrar aldar. Mörg frumvörpin urðu að lögum, og ollu þau straumhvörfum í þessum efnum. Af þeim og öðrum lögum, sem lögleidd voru um þessar mundir, má nefna lög nr. 5/1880 um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda (viðaukalög 12/5 1882, 22/5 1900 og breytingarlög 16/9 1898), lög 27/2 1880 um skipun prestakalla, fyrstu lögin, er mæltu fyrir um afskipti leikmanna af veitingu prestsembætta, þótt með öðru móti væri en síðar, lög 9/1882 um leysing sóknarbands, lög 12/5 1882 um kosningarrétt kvenna m. a. á safnaðarfundum, þ. e. ekkna og „ógiftra kvenna, sem standa fyrir búi eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar,“ lög 1/1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða og lög 4/1886 um utanþjóðkirkjumenn. Þetta var hinn mesti fjörkippur, er kirkjulöggjöf tók. Á næstu árum við þetta tímabil varð einnig talsverð gróska í kirkjulöggjöf. Má nefna í því sambandi lög 36/1907 um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda, lög 28/1907 og síðar lög 32/1915 um veitingu prestakalla, svo og lög 38/1909 um vígslubiskupa og lög 21/1921 um biskupskosningu, en þessi síðastnefndu lög tvenn mæltu fyrir um kosningu til embætta án þess að vísu að veita leikum mönnum rétt til hluttöku í kjöri. Þýr enn að þeirri miklu skorpu í setningu kirkjulaga, sem hér var vikið að, því að ýmis þessara laga eru enn í gildi, lítið breytt.

Hin lýðræðislega uppbygging innan þjóðkirkjunnar markast bæði af hluttöku sóknarmanna í stjórnun kirkjusóknar á vettvangi safnaðarfunda og með kjöri sóknarnefnda og með þátttöku leikmannafulltrúa á héraðsfundum, að því er varðar málefni prófastsdæmis. Síðar hefir svo komið til seta leikmanna í kirkjuráði (1931) og á kirkjuþingi (1957), sem fjalla um miðlæg stjórnunarmál þjóðkirkjunnar. Þá má benda á prestskosningar og hluttöku þjóðkirkjumannanna í þeim, en fyrsti vísir að afskiptum sóknarmanna af þeim stafar frá 1880 (bundið við sóknarnefndir), sbr. síðar lög frá 1886, 1907 og nú lög nr. 32/1915. Á Alþingi 1980 var samþykkt frv. til laga um biskupskosningar, sbr. lög 96/1980, sem felur í sér, að leikmenn fái með vissum hætti kosningarrétt við biskupskjör.

Um lýðræði í málefnum þjóðkirkju ber auk þessa að benda á ákvæði 79. gr. 2. málsg. stjórnarskrár, sem mælir fyrir um þjóðaratkvæði, ef Alþingi hefir samþykkt frv. til laga um breytingu á kirkjuskipun ríkisins, svo sem hún er greind í 62. gr. stjórnarskrár.

II.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, fjallar um kirkjusóknir, safnaðarfundir, sóknarnefndir og héraðsfundi o. fl.

Rétt hefir þótt að hefja frv. á ákvæði um umdæmaskiptingu landsins innan þjóðkirkjunnar. Er þar leitast við að draga upp heildarmynd. Er hún fólgin í samtaki úr ýmsum lögum og áréttingu á þeim og tilvísun til einstakra ákvæða. Að öðru leyti fjallar frv. um kirkjusóknir, stjórnunarmálefni og félagsmálefni þeirra og þ. á m. lýðræði innan þeirra, svo og um samstarf sóknanna á héraðsfundum prófastsdæma, sem mjög tengjast þessu máli.

Athyglisvert er, að eigi eru fyrirmæli í kirkjulögum um samstarf sókna innan tiltekins prestakalls undir forystu sóknarprests, sem er eðlilegur tengiliður milli þeirra. Er vissulega ekkert því til fyrirstöðu, að slíku samstarfi verði við komið, og tíðkast að nokkru marki.

Kirkjusóknin er grunneining í umdæmisskiptingu þjóðkirkjunnar. Hún er smæsta einingin þar og jafnframt á ýmsan veg virkasta aflið í kirkjulegu starfi eða umgerð um það – sá þátturinn, sem snýr gagnert að einstökum þjóðkirkjumanni og mestu skiptir um rétt hans til kirkjulegrar þjónustu og færi hans á þátttöku í kirkjustarfinu. Á vettvangi kirkjusóknar afmarkast fyrst og fremst staða þjóðkirkjumanns innan kirkju sinnar.

Hér á landi hefir um langan aldur hagað svo til, að oftast eru fleiri en ein sókn í prestakalli. Hins gætir þó einnig í þéttbýli, að prestur þjóni aðeins einni sókn, og til er, að tveir prestar þjóni einni og sömu sókninni. Margar kirkjusóknir hér á landi eru vissulega mannfáar og verður torvelt fyrir sóknarmenn að standa undir kostnaði við kirkjubjónustu. Í frv. til laga um sóknarkirkjur o. fl. er brotið upp á þeirri tillögu, að kirkjusóknir geti sameinast um kirkju. Í þessu frv. er gert ráð fyrir þeim úrkosti, að sóknir geti sameinast. Í báðum tilvikum eru það hin breyttu félagslegu viðhorf, með stórbættum samgöngum o. fl., sem um margt hafa raskað forsendum fyrir sóknarskiptingunni. Hins vegar verður hér að fara að með allri gát, því að kirkjusóknin sem slík gegnir veigamiklu hlutverki til samstarfs og samstöðu sóknarmanna, og er varhugavert að skipa málum svo, að í berhögg gangi við vilja þorra sóknarmanna í þessu efni.

Reynslan leiðir á hinn veg í ljós, að mjög fjölmennar kirkjusóknir ala af sér ýmiss konar vandkvæði í kirkjustarfi. Er þá m. a. hætt við, að tengsl sóknarmanna og sóknarprests verði ópersónuleg og þjónusta prests ófullnægjandi. Er eðlilegt, að svigrúm sé veitt til að mynda nýjar sóknir, þegar mannfjöldi hefir náð tilteknu marki, svo sem gert er ráð fyrir í þessu frv. sbr. 3. gr., sjá til samanburðar lok 1. gr. og 3. gr. laga nr. 35/1970.

Í sambandi við kirkjusóknir og tilhögun þeirra leitar á sú spurning, hvort prestaköll í núverandi mynd séu til frambúðar. Hafa komið fram hugmyndir um að hverfa frá þeim, halda sókninni sem grundvallareiningu og efla prófastsdæmið að sínu leyti. Mætti hugsa sér að mynda starfsstöðvar presta í hverju prófastsdæmi og verði þá þörfum sóknanna fullnægt með skipulögðu starfi slíkra stöðva, þó svo að hver einstök sókn eigi aðgang að tilteknum presti til almennrar kirkjubjónustu. Þetta er mál, sem þarfnast mikillar athugunar, en hugmyndin er athyglisverð. Auðsætt er, að langur aðdragandi yrði að því að koma á slíkri skipan, þótt horfið yrði að því ráði að keppa að henni sem stefnumiði. Úrlausn þess máls þarf ekki að hafa áhrif á frumvarp það, sem hér hefir verið tekið saman, og verður það því eigi rætt frekar, en tekið skal fram, að ákvæði frv. þessa um héraðsnefnd og ákvæði frv. til laga um sóknargjöld að því er varðar héraðssjóði ættu að stuðla að slíkri þróun.

Frumvarp þetta er samið m. a. með hliðsjón af tillögum starfsháttanefndar þjóðkirkjunnar.

III.

Við samningu frv. þessa voru tekin til endurskoðunar lög nr. 36/1907 um sóknarnefndir og héraðsnefndir, svo og ákvæði, er varða sóknir og sóknarskipun í öðrum lögum, einkum 11. – 13. gr. laga nr. 35/1970. Skal nú reifað stuttlega helsta efni frv.

III. 1. Þess er fyrr getið, að rétt þótti að hefja frv., sbr. 1. gr., á heildarákvæði um umdæmaskiptingu þjóðkirkjunnar.

III. 2. Ákvæðin um kirkjusóknir eru talsvert dreifð í kirkjulöggjöfinni, og er leitast við í II. kafla frv. að setja þau fram í samfelldu máli. Er þar m. a. veitt skýrgreining á hugtakinu kirkjusókn. Safnað er saman í eitt ákvæðum um sóknir, stærð sókna og sóknarmörk, breyting á sóknarmörkum og sameiningu sókna og niðurlagningu þeirra.

III. 3. Í III. kafla eru ýmis nýmæli varðandi það, hverjir séu sóknarmenn og hver sé

réttur þeirra og hverjum skyldum þeir skuli hlíta. Er hér að nokkru leyti um lögfestingu að ræða á tíðkanlegri framkvæmd mála, en einnig öðrum þræði nýmæli að stofni til.

III. 4. Í IV. kafla eru ákvæði um safnaðarfundir, og er leitast við að ganga tryggilegar frá boðun þeirra og dagskrá en nú er, a. m. k. miðað við skráð lög. Reynt er og að afmarka frekar en nú er, hvert sé viðfangsefni funda þessara. Þar er þó ekki um tæmandi ákvæði að ræða, sbr. þegar ýmis ákvæði V. kafla, svo og annarra kirkjulaga.

III. 5. Í V. kafla eru fyrirmæli um sóknarnefndir, skipun, störf og starfshætti. Þar eru ýmis nýmæli, sem lýst verður í athugasemdum við V. kafla eða einstakar greinar þar. Geta má þess, að ný ákvæði eru um tölu sóknarnefndarmanna og verður hún líkar hærrí í þéttbýli en verið hefir. Ber þar þó að hafa aðgát, því að varhugavert er að hafa slíkar nefndir úr hófi fjölmennar. Mælt er fyrir um kosningu sóknarnefnda á aðalsafnaðarfundum, kjörtímabil, varamenn, svo og kosningu endurskoðenda kirkjureikninga og reikninga vegna kirkjubyggingar, en það er nýmæli. Um stöðu nefndarinnar og verkefni eru ákvæðin nokkru rækilegri en nú er, svo og um ályktunarfæri nefndarinnar. Þá er mælt fyrir um fundarsókn prests svo og um fundarsókn starfsmanna sóknar, þegar fjallað er um málefni þeirra sérstaklega, og er það sumpart nýmæli. Í 22. gr. frv. er lagt til í samræmi við ályktanir kirkjubings, að safnaðarfulltrúi, sem á sæti á héraðsfundum prófastsdæmis, sé kosinn af sóknarnefnd, en eigi á aðalsafnaðarfundum, svo sem nú er, sbr. 16. gr. laga nr. 36/1907, og er sóknarnefnd bundin við að kjósa fulltrúann úr sínum hópi. Þá er kjörtímabil safnaðarfulltrúa stýtt úr 6 árum í 4 ár. Sú breyting felst einnig í 22. gr. frv., að sóknarnefndarmenn eiga almennt rétt til setu á héraðsfundum með málfrelsi og tillögurétti, en atkvæðisrétt hefir aðeins hinn kjörni safnaðarfulltrúi (varasafnaðarfulltrúi). Einnig er það nýmæli, að biskup skuli setja sóknarnefndarmönnum almennt erindisbréf, sbr. 24. gr. frv.

III. 6. Í VI. kafla frv. er kveðið á um starfsmenn sókna, og geymir sá kafla að verulegu leyti nýmæli. Sum þeirra eru þó lögfesting á venjubundinni framkvæmd.

Ný að stofni til eru ákvæði um námskeið fyrir sóknarnefndarmenn, safnaðarfulltrúa og aðra starfsmenn sókna, sbr. 26. gr. og um starfsmannanefnd innan sókna, sbr. 27. gr. og um það, hversu ráðið verði til lykta ágreiningi, er risið getur varðandi störf starfsmanna, sbr. 28. gr.

III. 7. Í VII. kafla frv. um héraðsfundi eru nokkur nýmæli, þ. á m. um rétt sóknarnefndarmanna til setu á slíkum fundum svo og þeirra, sem sæti eiga í starfsmannanefndum sókna. Þá er í 36. gr. kveðið á um héraðsnefnd, sem er framkvæmdanefnd héraðsfunda, skipuð tveimur prestum og einum leikmanni. Er þetta nýmæli, sem ætlað er það hlutverk að gera héraðsfundina aflmeiri en nú er til aukins samstarfs fyrir prófastsdæmi í heild sinni. Við þetta mál tengist svo tillaga í frv. til laga um sóknargjöld þess efnis, að stofna megi til sérstakra héraðssjóða innan prófastsdæmis með vissum hluta af sóknargjöldum, og hefir héraðsnefnd forsjá sjóðs þessa og sér um úthlutun úr honum.

III. 8. Í VIII. kafla er m. a. fjallað um stjórnvaldsreglur, sem kirkjumálaráðherra setur um framkvæmd laga.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frv.

Um I. kafla

Í honum eru ákvæði um umdæmaskiptingu innan þjóðkirkjunnar.

Um 1. gr.

Heppilegt þykir að hefja frv. þetta, sem fjallar um grunneiningu í umdæmaskiptingu þjóðkirkjunnar, á heildarákvæði um slíka skiptingu. Byggist ákvæðið á samtaki einstakra laga um þetta efni.

Um II. kafla

Í þessum kafla eru ákvæði um kirkjusóknir og skipun þeirra, um sóknarmörk, skiptingu kirkjusókna, sameiningu þeirra og um það, hvenær og hversu sókn verði lögð niður.

Um 2. gr.

Í 1. málsg. er veitt skýrgreining á hugtakinu kirkjusókn, sem er samfélag þess fólks innan þjóðkirkju, sem býr innan sóknarmarka. Sóknarmenn mynda söfnuð. Maður telst sóknarmaður í ýmsum samböndum, þótt leyst hafi sóknarband, sbr. lög 9/1882, sem eru nú óraunhæf.

Í 2. málsg. segir, að kirkjusóknin sé sjálfstæð, fjárhagsleg og félagsleg eining. Kirkjusóknin er lögpersóna og á t. d. sem slík sóknarkirkju og eftir atvikum aðrar kirkjueignir. Hún á tilkall til sóknargjalda. Sóknarnefnd er með fulltingi safnaðarfunda í fyrirvari fyrir sóknina, m. a. í fjárhagslegum eignum. Í dómsmálum er þó eigi ávallt einhlítt, að sóknarnefndin sé ein til málsaðildar. Sóknir hafa samstarf innan prófastsdæmis á vettvangi héraðsfunda. Svo sem fyrr greinir, eru eigi fyrirmæli í kirkjulöggjöf um samstarf sókna, er teljast til sama prestakalls, undir forystu sóknarprests og formanna sóknarnefnda. Er þó eðlilegt, að til samvinnu komi milli slíkra sókna, t. d. í sambandi við kirkjukóra og félagsmál, en reynslan sýnist ekki hafa leitt í ljós þörf á að skipa því máli með lögum.

Í 3. málsg. segir almennt um tilkall sóknarmanna til kirkjulegrar þjónustu og að þeir beri sameiginlega skyldur eftir því sem kveðið er á um í lögum eða lögmætum ákvörðunum. Sóknarmenn njóta lýðrættinda í kirkjusókn, m. a. með þátttöku í safnaðarfundum, þar sem kosin er sóknarnefnd, endurskoðendur og safnaðarfulltrúi og ráðið er til lykta margvíslegum málefnum sóknarinnar.

Um 3. gr.

Hér eru viðmiðunarreglur varðandi mannfjölda í kirkjusókn. Skal lagt til grundvallar, að í kirkjusókn séu ekki fleiri en 4000 sóknarmenn og að jafnaði eigi færri en 100. Í lögum nr. 35/1970, 1. gr. segir, að í Reykjavíkúrprófastsdæmi skuli jafnan vera svo margir prestar, að sem næst 5000 manns komi í hlut hvers að meðaltali. Í 3. gr. sömu laga er svo fyrirmælt, að utan Reykjavíkúrprófastsdæmis skuli „prestar vera svo margir, að sem næst 4000 komi á hvern.“ Ákvæði 3. gr. frv. er sama efnis og síðastgreint ákvæði og á hvarvetna við á landi hér. Nýmæli er, að sóknarmenn skuli að jafnaði eigi vera færri en 100. Þegar sókn er orðin svo fámenn, er ekki heiglum hent að halda uppi almennu safnaðarstarfi. Byggt er þó á því, að farið verði að því með gát að leggja niður kirkjusókn, þegar svona stendur á, og skiptir höfuðmáli hver hugur sóknarmanna sjálfra er til þess máls.

Um 4. gr.

Í 1. og 2. málsg. er fjallað um kirkjusóknir, skiptingu og sameiningu sókna og um breytt sóknarmörk. Eru þau ákvæði að mestu í samræmi við 11. gr. laga nr. 35/1970. Gert er þó ráð fyrir í lok greinarinnar, að kirkjumálaráðherra geti skorið úr máli, að fengnum tillögum biskups, ef tillögur um þessi efni ná ekki samþykki allra þeirra aðilja, sem um málið eiga að fjalla, t. d. svo að héraðsfundur gangi gegn ályktunum meirihluta safnaðarfunda um skiptingu kirkjusókna. Þetta myndi þó verða fágætt.

Ákvæði 3. málsg. eru að mestu í samræmi við lokamálsg. 12. gr. laga nr. 35/1970.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 12. gr. 1. og 2. málsg. laga nr. 35/1970 taka til, en er nokkru einfaldari í sniðum og bindur ekki hendur matsmanna í jafnríkum mæli sem 12. gr. Prófastur á að vera formaður matsnefndar, og er það nýmæli.

Alþt. 1983. A. (106. löggjafarþing).

220

Um 6. gr.

Hún er sama efnis sem 13. gr. laga nr. 35/1970. Hér er greint á milli tveggja tilvika, að því er varðar niðurlagningu sóknar, þ. e. að sókn sameinist annarri sókn eða hún sé niður lögð vegna þess að hún eyðist af fólki.

Ákvæði 3. málgr. er nýmæli, en samkvæmt henni er biskupi heimilt að mæla svo fyrir, að fengnum tillögum aðalsafnaðarfundar, ef gerlegt er, og héraðsfundar, að sóknarkirkja verði greftrunarkirkja, ef sókn er aflögð samkv. 1. eða 2. málgr. 6. gr. Í frv. til laga um sóknarkirkjur o. fl. er lagt til, að slík kirkja hlíti umsjón biskups og héraðsprófasts og að rekstrar- og viðhaldskostnaður hennar greiðist af eignum og tekjum kirkjugarðs.

Um III. kafla

Í þessum kafla eru ákvæði um sóknarmenn og rétt þeirra til kirkjulegrar þjónustu og raunar um stöðu þeirra, réttindi og skyldur, innan sóknar og þar af leiðandi innan þjóðkirkjunnar.

Um 7. gr.

Í lögum um trúfélög nr. 18/1975 er það afmarkað, hverjir teljist til þjóðkirkjunnar og þá einnig hverjir tengist öðrum söfnuðum eða standi utan trúfélaga. Í þessari grein er hins vegar leitast við að kveða á um það, hvernig tilheyrslu þjóðkirkjumanna er háttað til einstakrar kirkjusóknar. Er það mikilvægt atriði, því að sú tilheyrsla er grundvöllur undir réttindi manna og skyldur, þ. á m. um það, hvar maður á frumrétt til kirkjuþjónustu og hvar hann megi njóta þegnarréttinda sinna sem þjóðkirkjumaður og hvar hann eigi að gjalda sóknargjöld o. fl.

Þau guðfræðilegu og kirkjuréttarlegu viðhorf standa á gömlum merg, að skírn sé forsenda þess, að menn geti talist tilheyra kirkju. Er þetta sjónarmið víða lögbundið, t. d. í dönsku lögum um safnaðarráð frá 1970. Hér er gert ráð fyrir að lögfesta þá reglu, að skírn sé forsenda fyrir því að menn tilheyri þjóðkirkjunni. Hinsvegar eru ekki ákvæði í lögum, er setja foreldrum frest til að skíra börn, og verða börn því í fyrstu talin tilheyra þjóðkirkju, þótt óskírd séu.

Um 8. gr.

Í fyrstu málgr. er því lýst almennt, að sóknarmenn eigi rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni og á þátttöku í safnaðarstarfi þar. Er það síðan sundurgreint, í hverju þjónustan sé fólgin, án þess þó að þar sé um tæmandi talningu að ræða. Þá er einnig mælt fyrir um, hvernig farið sé þjónustu utan sóknar, þegar svo hagar til, að maður getur ekki fært sér í nyt þjónustu í sókn sinni vegna fjarvista.

Rétt er að benda á, að í framkvæmd hér á landi ríkir mikið frjálstræði um það, til hvaða prests menn leiti um kirkjulega þjónustu, svo sem skírn, fermingu, hjónavígslu og greftrun. Allt að einu skiptir máli, að við njóti almennra lagaákvæða um þetta efni.

Um 9. gr.

Grein þessi geymir nýmæli, a. m. k. í þeim lagabúningi, sem hér er valinn. Hér er lagt til að festa í lögum, hver réttur sóknarmanna sé til guðsþjónustu, og er fjöldi guðsþjónusta í sókn miðaður við fjölda sóknarmanna. Grein þessi er í samræmi við ályktun kirkjubings 1978, en vissulega getur orkað tvímælis, hvar mörkin verði sett. Mælt er fyrir um, að héraðsprófastur endurskoði þjónusturétt í hverri einstakri sókn eigi sjaldnar en á 5 ára fresti, að fengnum tillögum sóknarnefnda, og skal þá athuga breytingar á fjölda sóknarmanna.

Tekið skal fram, að hér er kveðið á um lágmarksrétt sóknarmanna á guðsþjónustum, en sóknarpresti er að sjálfsögðu heimilt að messa oftár en ákvæði þessi segja til um.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um kosningarrétt og kjörgengi sóknarmanna á safnaðarfundum og við opinberar kosningar í þjóðkirkju, sbr. einkum prestskosningar. Í 5. gr. laga nr. 36/1907 var

að höfuðstefnu miðað við það, að menn væru fullveðja, þ. e. 25 ára. Þessu var breytt með lögum 60/1917, er fullræðisaldur var ákveðinn 21 ár, og var það áréttað í lögum 95/1947, en samkvæmt þeim urðu menn þó einnig fullveðja við hjúskaparstofnun. Aldurinn var lækkaður með breytingu á lögræðislögum í 20 ár með lögum 75/1967, og er nú 18 ár, sbr. lög 26/1979. Í þessari grein frv. er lagt til, að aldurinn verði 16 ár, en jafnframt er gert ráð fyrir í frv. til laga um sóknargjöld, að menn verði gjaldskyldir 16 ára. Kirkjuþing hefir fyrir sitt leyti lagt til, að þessi aldursbreyting verði gerð, og er þjóðkirkjan fyrst opinberra stofnana til að brjóta upp á því, að kosningaraldur í opinberum kosningum verði 16 ár.

Í 2. málsg. 10. gr. segir almennt, að sóknarmönnum sé skylt að hlíta þeim skyldum, sem á þá eru lagðar með lögum og lögmætum samþykktum safnaðarfunda og ákvörðunum kirkjustjórnar, sem stoð eiga í lögum. Lög taka hér einnig til stjórnvaldsreglna, sem styðjast við lög.

Um IV. kafla

Þessi kafla fjallar um safnaðarfundi, verkefni, starfshætti, fundarboðun, ályktunarfæri o. fl.

Um 11. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um, að aðalsafnaðarfundur skuli halda ár hvert. Annarra safnaðarfunda er skylt að boða til að ósk meirihluta sóknarnefndar eða ¼ hluta atkvæðisbærra sóknarmanna hið fæsta. Greinin leysir af hólmi 3. og 4. gr. laga nr. 36/1907 eða kemur í stað ýmissa atriða, sem þar greinir.

Samkv. 4. gr. laga 36/1907, sbr. lög 71/1941, 2. gr., á að halda aðalsafnaðarfundur á tímabilinu 1. apríl til 1. júní ár hvert. Í 11. gr. frv. er þetta hins vegar ekki bundið að öðru leyti en því að slíkan fundur á að halda ár hvert. Væntanlega munu venjur myndast í hverri sókn um þetta.

Nokkru rækilegri ákvæði eru í 11. gr. frv. um verkefni safnaðarfunda en í lögum 36/1907.

Í 2. málsg. er tekið fram, að aðalsafnaðarfundur fari með æðsta ákvörðunarvald innan safnaðar í málefnum kirkjusóknar. Á það er að líta, að sumum málum verður ekki ráðið til lykta á vettvangi sóknar heldur þarf atbeini stjórnvalda kirkjumála utan sóknar til að koma, t. d. biskups eða ráðuneytis.

Bent skal á, að stundum er áskilið, að mál hlíti meðferð á aðalsafnaðarfundi, þ. á m. kosning sóknarnefndar og endurskoðenda, ákvörðun um að hefjast skuli handa um kirkjubyggingu eða meiriháttar breytingu á kirkju, svo og aðrar mikilvægar ákvarðanir. Benda má á 4. gr., 6. gr. 3. málsg., 14. gr., 15. gr., 16. gr., 20. gr. og 27. gr. frv. í þessu sambandi.

Um 12. gr.

Hér eru ákvæði um boðun safnaðarfunda, dagskrá, ályktunarfæri funda og úrslit mála á safnaðarfundum, sbr. 3. gr. laga 36/1907. Hér er vitaskuld sleppt því atriði í greindri 3. gr., sem svo segir, að þær einar breytingar verði gerðar á tillögum sóknarnefnda, sem hún aðhyllist. Fær slíkt með engu móti samrýmst almennum viðhorfum um lýðræði í félagsmálum, og raunar ekki eftir því farið.

Um V. kafla

Hér eru ákvæði um sóknarnefndir, skipun, störf og starfshætti. Er nú aldarreynsla komin á sóknarnefndir (og héraðsnefndir), sbr. lög nr. 5/1880, en frv. til laganna flutti sr. Arnljótur Ólafsson, raunar á grundvelli frv., er kirkjumálanefndin 1877–1878 samdi. Hafa lög um nefndir þessar tekið ótrúlega litlum stakkaskiptum á þessu aldarbili, sbr. nú lög 36/1907. Við endurskoðun þá, sem nú hefir farið fram á þessum lögum, hafa menn reynt að færa sér í nyt reynslu af þessum lögum. Sumpart hafa lagaákvæði verið færð til samræmis við lagaframkvæmd, þótt einnig gæti hér nýrra hugmynda.

Um 13. gr.

Í þessari grein er mælt um, að sóknarnefnd skuli vera í hverri kirkjusókn, og í höfuðdráttum segir hér um verkefni sóknarnefndar, en þau eru sérgreind síðar í þessu frv. Þótt kirkjusóknir sameinist um kirkju, verða sóknarnefndir allt að einu tvær, en sameinist sóknir verður sóknarnefnd ein. Þótt bændakirkja sé í sókn, ber allt að einu að kjósa sóknarnefnd. Þessi grein er að mestu í samræmi við 1. gr. laga 36/1907.

Um 14. gr.

Hér er fjallað um fjölda sóknarnefndarmanna og kosningu þeirra og varamanna þeirra. Í 4. gr. 2. málgr. laga 36/1907, sbr. lög 71/1941, 2. gr., er boðið, að sóknarnefndarmenn skuli vera fimm, þar sem 1000 menn eða fleiri eru í sókn, en þrjár að öðrum kosti. Í 13. gr. frv. er hins vegar lagt til, að sóknarnefndarmenn verði 3, þar sem sóknarmenn eru færri en 300, en ella 5, þó svo að þegar sóknarmenn eru 1000 eða fleiri megi sóknarnefndarmenn vera 7 og svo 9, ef þeir eru 4000 eða fleiri, allt miðað við 1. desember næst liðinn. Má fjölga sóknarnefndarmönnum, ef því er að skipta, á næsta aðalsafnaðarfundi, þegar kjör sóknarmanna á fram að fara eftir að þeir verða 1000 eða 4000 hið fæsta. Felur þetta í sér nokkra fjölgun sóknarnefndarmanna frá því, sem nú er, en þess er þó gætt, að fjöldinn verði eigi úr hófi hár. Í 14. gr. er boðið að kjósa skuli a. m. k. jafnmarga varamenn sem tölu aðalmanna nemur, en í gildandi lögum er aðeins heimild, en ekki skylda, til að kjósa varamenn.

Vakin er athygli á ákvæði 3. málgr. 16. gr. frv., en samkv. henni eiga formaður, gjaldkeri og ritari sóknarnefndar að mynda framkvæmdanefnd hennar, ef sóknarnefndarmenn eru fleiri en fimm.

Um 15. gr.

Þessi grein er svipuð að efni til og 6. gr. laga 36/1907, en þó er hér lagt til, að kjörtímabil sóknarnefnda verði styttr úr 6 árum í 4 ár. Er það í samræmi við það, sem tíðkanlegt er við kosningar nú á tímum til trúnaðarstarfs. Sóknarnefnd ber að kjósa á aðalsafnaðarfundi, þ. á m. á framhaldsaðalsafnaðarfundi, ef slíku er til að dreifa, svo sem tíðkast hefir. Til álita kemur að heimila, að almenn kosning fari fram innan kirkjusóknar um sóknarnefnd, svo sem t. d. er í Noregi, og þá jafnvel með hlutfallskosningu (listakosningu). Ekki er þó vitað um óskir safnaða í þá veru, og hefir slík heimild því eigi verið greind í 15. gr. Vafalaust er hægt að koma við hlutfallskosningu, ef aðalsafnaðarfundur samþykkir, en ella hljóta þeir kosningu, sem flest fá atkvæði sem einstaklingar, og atkvæðamagn hvers um sig ræður röð varamanna.

Um það hversu sóknarnefnd endurnýist smám saman eru ákvæði í 3. málgr., sbr. nú 6. gr. laga 36/1907. Ákvæði 4. málgr. eru einnig að mestu í samræmi við greint lagaákvæði.

Um 16. gr.

Ákvæði 1. málgr. er efnislega í samræmi við 2. og 3. málgr. 6. gr. laga 36/1907.

Í 2. málgr. er það nýmæli, að aðalsafnaðarfundi er heimilt að kveða svo á, að hver sóknarnefndarmaður skuli hafa tiltekið verkefni í safnaðarstarfi, og skal það þá tilkynnt áður en kosning fer fram. Þau verksvið, sem hér eru höfð í huga, eru t. d. umsjón eigna og fjársýsla, barna- og æskulýðsstarf, þjónustustörf við sjúka, einstæða og fatlaða, félagsráðgjöf og almenn félagsmál. Þótt eigi sé kveðið á um þetta, áður en kosning fer fram, er ljóst, að sóknarnefnd getur skipt störfum með nefndarmönnum, svo og skipað nefndir til að fjalla um einstök málefni, sbr. 4. málgr. Bundið er í 3. málgr., að nefndarmenn skipti með sér störfum formanns, gjaldkera og ritara. Formaður er eigi kosinn sérstaklega á aðalsafnaðarfundi, og kemur slík tilhögun þó vissulega mjög til greina. Þeir þrjár sem greindir voru, skipa framkvæmdanefnd sóknarnefndar, ef hún er skipuð fleiri mönnum en fimm. Er þetta nýmæli.

Í lokamálsgr. er lagt til, að tveir endurskoðendur verði kjörnir samtímis því, að sóknarnefnd er kosin, og tveir til vara. Kjörtímabil er fjögur ár. Endurskoðendur endurskoða kirkjureikninga og byggingarreikninga kirkju, ef því er að skipta, svo og sjóða, er kirkjan kann að eiga. Sóknarnefnd leggur endurskoðaða reikninga fram á aðalsafnaðarfundu til samþykktar.

Um 17. gr.

Hér eru fyllri ákvæði en nú eru um boðun funda í sóknarnefnd og um það, hvenær fundur sé ályktunarfær. Er áskilið, að meirihluti sitji fund, þ. e. tveir nefndarmenn af þremur, þrjú af fimm, fjórir af sjö og fimm af níu.

Í 2. málsgr. segir, að sóknarprestur (prestar) sitji fundu nefndarinnar að jafnaði, sbr. nú lokamálsgr. 2. gr. laga 36/1907. Nýmæli er, að einnig skuli organisti, meðhjálpari, hringjari, kirkjuvörður og formenn kirkjukórs og kirkjulegra félaga, sem tengjast sókn, sækja fund nefndarinnar, ef málefni þeirra aðilja eru sérstaklega til umræðu í nefndinni. Mun þetta tíðkast víða, án þess að skráðra lagareglna njóti við, en eðlilegt þykir að lögfesta reglur um þetta atriði.

Um 18. gr.

Þessi grein fjallar almennt um verkefni sóknarnefnda, en í 19. — 23. gr. frv. eru greind ýmis sérgreind verkefni. Þau eru þó eigi tæmandi talin í frv. heldur ráðast þau af ýmsum kirkjulögum, svo sem lögum um kirkjur og kirkjubyggingar, sóknargjöld, kirkjugarða, veitingu prestakalla o. fl. Sumpart stafa viðfangsefnin frá samþykkt safnaðarfunda svo og héraðsfunda, en sóknarprestur, héraðsprófastur og biskup geta einnig vikið málum til sóknarnefnda eða kirkjumálaráðherra og kirkjuþing eða Alþingi eða einstakar nefndir þess.

Um 19. gr.

Hér er kveðið á um stöðu sóknarnefndar, þ. e. að hún sé í fyrirsvari fyrir kirkjusókn gagnvart stjórnvöldum og einstaklingum og stofnunum. Ber manni því að snúa sér til sóknarnefndar um mál kirkjusóknar almennt eða til sóknarprests, sem kemur erindi á framfæri við sóknarnefnd. Þá segir, að sóknarnefnd hafi umsjón með sóknarkirkju og ræður því, ásamt sóknarpresti, hvernig afnotum af kirkju sé háttað. Í frv. til laga um sóknarkirkjur eru nánari ákvæði um afnot af kirkjum þ. á m. um, að heimilt sé að skjóta niðurstöðu greindra aðilja til prófests og eftir atvikum til biskups. Umsjónarhlutverk sóknarnefndar er mikilvægt og stendur m. a. í tengslum við fyrirmæli 20. gr.

Í lokamálsgrein 19. gr. er sóknarnefndum gert að skyldu að gæta að réttindum kirkna og kirkjueigna og gera prófasti viðvart, ef út af bregður.

Ákvæði 19. gr. eiga einnig við um safnaðarheimili.

Um 20. gr.

Með þessu ákvæði er sóknarnefndum lögð sú skylda á herðar að sjá um, að viðunandi húsnæði og búnaður sé til guðsþjónustuhalds og annars safnaðarstarfs í sókninni. Í þessu felst, svo sem greinir í 2. málsgr., að kirkju sé vel viðhaldið og búnaði hennar og að sóknarnefnd leitist við að fegra og prýða kirkjuna og umhverfi hennar. Stefnumiðið hlýtur að vera, að kirkja verði aðlaðandi og að þar sé gætt smekkvísi í hvítvetna. Hyggja ætti sérstaklega að kirkjulist í því sambandi og er kirkjulistanefnd þjóðkirkjunnar til ráðgjafar í því efni.

Eitt af hlutverkum sóknarnefndar er að leitast eftir megni við að sjá borgið þörfum hreyfifatlaðra manna, heyrnar- og sjónskertra. Í frv. til laga um kirkjur og kirkjubyggingar er ákvæði, sem býður að taka skuli sérstakt tillit til þarfa fatlaðra við teikningar og annan undirbúning að kirkjubyggingu, þ. á m. við endurbyggingu kirkju. Mikil þörf er á endurbótum í eldri kirkjum í því skyni að fullnægja þörfum fatlaðra. Mætti m. a. hugsa sér að kirkjubyggingasjóður fengi sérstök fjárframlög til endurlána til sóknarkirkna til þess að

standa straum af kostnaði við slíkar endurbætur. Þessi verkefni eru brýn, sbr. og m. a. lög nr. 47/1981.

Í 3. málsg. er ákvæði um, að sóknarnefndir annist vörslu og ávöxtun á lausafé kirkju og beri ábyrgð á fjárreiðum sóknar og reikningshaldi. Í 4. gr. laga nr. 20/1890 er m. a. boðið, að fé, sem kirkjur eiga afgangsgjöldum, skuli ávaxta í Hinum almenna kirkjusjóði. Eftir þessu mun ekki farið um lausafé, sem ekki er ætlað til lengri ávöxtunar, og munu sóknarnefndir leggja það inn á banka eða sparisjóði. Þetta frv. hreyfir að vísu ekki við 5. gr. laga 20/1890, en ætlunin er að endurskoða það ákvæði á næstunni. Sóknarnefndum ber að gæta þess að ávaxta fé kirkju sem tryggilegast og með hagkvæmum hætti.

Um 21. gr.

Í 1. málsg. er sóknarnefnd falið að hafa umsjón með því, að guðsþjónustur og aðrar helgiathafnir og safnaðarstarfsemi í kirkju fari sómasamlega fram og með þeirri helgi, er hæfir, sbr. nú 7. gr. laga 36/1907. Ber sóknarnefnd að sjá til þess, að allt sé til reiðu fyrir guðsþjónustu og aðrar helgiathafnir, að starfsmenn mæti stundvíslega og kirkja sé hlý og vel hirt. Sóknarnefnd stuðlar að því, að ekkert trufla guðsþjónustu og raski helgi hennar. Þ. á m. að kirkjugestir gangi hljóðlega og greiðlega til sæta sinna. Gæta skal þess m. a., að kostur sé á sálmaþókum fyrir sem flesta kirkjugesti. Ákvæði þetta á að sínu leyti við um safnaðarheimili.

Í 1. málsg. er sóknarnefndum boðið að vera sóknarpresti og starfsfólki sóknar til liðsinnis í hvívetna og stuðla að eflingu kristinnar trúar og siðgæðis meðal sóknarmanna. Er þetta ákvæði að mestu í samræmi við 7. gr. laga 36/1907, en texti þó nokkru styttri.

Í 2. málsg. er tilvísunarákvæði um afskipti sóknarnefndar af álagningu kirkjugjalda og innheimtu þeirra. Hefir kirkjulaganefnd samið sérstakt frv. til laga um sóknargjöld, en um þetta efni gilda nú lög 40/1948 ásamt breytingarlögum.

Um ráðningu starfsmanna er í 3. málsg. vísað til 25. gr. frv. og í 4. málsg. er um afskipti sóknarnefnda af veitingu prestakalla vísað til laga um það efni, nú laga 32/1915. Minnt er á, að á Alþingi hefir nokkrum sinnum verið flutt frv. til laga um nýskipan þeirra mála, en frv. hafa ekki náð framað ganga.

Um 22. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir kosningu safnaðarfulltrúa og tengsl hans við kirkjusóknina. Samkv. 16. gr. laga 36/1907 kýs aðalsafnaðarfundur safnaðarfulltrúa til setu á héraðsfundi prófastsdæmis. Hér er hins vegar lagt til, að sóknarnefnd kjósi safnaðarfulltrúa og annan til vara úr sínum hópi. Þá er lagt til, að kjörtímabil verði stytta úr 6 árum í 4 ár. Svo sem áður greinir, er hér fylgt ályktun kirkjupings 1978 um þetta efni. Mælt er fyrir um það í frv., að umboð núverandi safnaðarfulltrúa falli niður, þegar nýr safnaðarfulltrúi hefir verið kosinn samkv. þessu ákvæði. Það er hin nýkjörna sóknarnefnd samkv. 15. gr. frv., sem kjósa skal safnaðarfulltrúa samkv. þessum reglum. Boðið er, að safnaðarfulltrúi geri grein fyrir starfi og samþykktum héraðsfundar á næsta safnaðarfundum eftir að héraðsfundur er haldinn, en hann gerir sóknarnefnd grein fyrir þessu sem fyrst að loknum héraðsfundi.

Nýmæli er, að aðrir sóknarnefndarmenn en hinn kjörni safnaðarfulltrúi eigi rétt á setu á héraðsfundi, sbr. 31. gr. 2. málsg. frv.

Um 23. gr.

Hér er mælt fyrir um það, hverjar bækur sóknarnefndir skuli halda. Bækur þær, sem greinir í 4. og 5. tölulið, eru nýjar að stofni til og eru nánari ákvæði um þær í frv. til laga um sóknarkirkjur o. fl. Kirkjubók, sbr. 4. tölulið, á að geyma tæmandi skrá um starfsemi í kirkju, og er mikilvæg heimild, sem að sínu leyti myndar grundvöll undir skýrslugerð. Kirkjuskrá, sbr. 5. tl., á einum þræði að koma í stað máldagabóka og hafa að geyma yfirlit yfir

réttindi kirkna, en á að öðru leyti að veita ýmiss konar fræðslu um kirkjubygginguna og viðhald á henni o. fl.

Sóknarnefnd ber að vanda til allrar bókfærslu og varðveislu á gögnum kirkju.

Um 24. gr.

Hér er lagt til, að biskup setji sóknarnefnd almennt erindisbréf, að fenginni umsögn prófastastefnu og kirkjuráðs. Er þetta nýmæli. Störf sóknarnefndar eru talsvert umfangsmikil og ákvæði um þau í alldreifðum ákvæðum kirkjulaga. Er því veigamikil, að slíkt erindisbréf sé gefið út til leiðbeiningar fyrir sóknarnefndir, og sé það gert hið fyrsta eftir gildistöku laganna. Prófastar hafa mikla reynslu á þessu sviði, og er því kveðið svo á, að þeir verði m. a. hafðir með í ráðum, er erindisbréf er samið.

Um VI. kafla

Í þessum kafla eru ákvæði um starfsmenn kirkjusókna. Þar kveður allmikið að nýmælum.

Um 25. gr.

Í 1. málsg. segir, að sóknarnefnd ráði organista, meðhjálpara, hringjara, umsjónarmann kirkju og aðra slíka starfsmenn og semji um kaup þeirra, kjör og ráðningartíma. Ákvæði þetta er viðtækara en sambærilegt ákvæði laga 36/1907, og er ákvæði frv. í samræmi við venjur. Ekki eru starfsmenn tæmandi taldir, sbr. orðin „aðra slíka starfsmenn“. Um kaup, kjör og ráðningartíma eru nú að einhverju leyti heildarsamningar. Ef um óvenjuleg kjör er að ræða, þarf sóknarnefnd að jafnaði að bera mál undir safnaðarfund.

Í 2. málsg. er sóknarnefnd heimilað með samþykki safnaðarfundar að ráða starfsmenn til að annast ákveðin safnaðarstörf. Er m. a. fordæmi fyrir starfi safnaðarsystur. Er mikilvægt að sókn geti haft starfsmann í sinni þjónustu ekki sist til að sinna mannúðarmálum og ýmsum félagslegum vandamálum. Hljóta reglur um starfsmannahald að mótast smám saman, og er örðugt að setja fyrirmæli um starfsvettvang þesara starfsmanna. Er m. a. af þeirri ástæðu boðið í 3. málsg., að starfsmönnum sé sett almennt erindisbréf.

Í 4. málsg. segir um rétt starfsmanna til setu á héraðsfundum, og er það nýmæli.

Um 26. gr.

Brún þörf er á því, að stofnað sé til námskeiða fyrir sóknarnefndarmenn, safnaðarfulltrúa og aðra starfsmenn sökna. Er slík starfsemi þegar hafin, þótt í takmörkuðum mæli sé. Í greininni er gert ráð fyrir, að námskeið verði haldin á vegum prófastsdæmis eða biskupsdæmis eða kirkjulegra samtaka, m. a. þeirra er taka yfir fleiri en eitt prófastsdæmi, t. d. samtök fyrir Hólastifti hið forna. Að sjálfsögðu getur einnig komið til greina, að t. d. biskup eða kirkjuráð beiti sér fyrir námskeiðahaldi. Um kostnað er þess eins getið, að sóknarnefndir sjái um að þátttakendur fái greiddan dvalar- og ferðakostnað. Er þess vænst, að á fjárlögum verði tekin upp fjárveiting í því skyni að kosta slík námskeið. Gætu hér einnig komið til styrkveitingar úr Kristnisjóði o. fl. Rétt er að benda á, að námskeið fyrir kirkjuorganista og sumpart fyrir söngfólk er haldið á vegum söngmálastjóra þjóðkirkjunnar og tónskóla hennar, sbr. lög um það efni nr. 3/1981.

Um 27. gr.

Grein þessi er nýmæli. Er þar kveðið á um starfsmannanefnd, sem heimilt er að stofna til innan kirkjusóknar samkv. fyrirmælum aðalsafnaðarfundar. Í henni eiga sæti sóknarprestur eða sóknarprestur, sóknarnefnd, formenn safnaðarfélaga og kirkjukórs og starfsmenn sökna, sem ráðnir eru í hálf starf hið minnsta. Verkefni nefndarinnar er að fjalla um störf og starfshætti sóknarinnar, starfsskilyrði þar og það, sem til umbóta horfir og samræmingar í þeim efnum. Formaður sóknarnefndar boðar fundi, og er gert ráð fyrir, að

hann sé að jafnaði formaður nefndarinnar, nema hann færist undan því. Samþykktir eru ekki bindandi nema safnaðarfundur staðfesti en mál kann þó að vera þess eðlis að sóknarnefnd geti ráðið því til lykta án þess að bera það undir safnaðarfund. Samþykktin getur raunar verið á þá lund, að stjórnvöld utan sóknar verði að fjalla um málið til viðbótar við það, er í greininni segir.

Sóknarnefndir eiga að efla samstarf innan sóknar og samræma ýmis störf þar. Er þess að vænta, að slík samstarfsnefnd, sem greinin fjallar um, geti komið ýmsu góðu til leiðar. Skapast þar vettvangur til umræðna um mál, er verið getur aflvaki frjórna hugmynda.

Um 28. gr.

Greinin er nýmæli. Hún víkur að ágreiningi, sem upp kann að koma varðandi störf starfsmanna sóknar. Er kveðið á um það, með hverjum hætti honum verði ráðið til lykta, ef eigi tekst að leysa hann innan sóknarinnar sjálfrar, svo sem langtíðast er. Hér er aðeins mælt fyrir um úrlausnir á slíkum ágreiningi á stjórnarfarslega vísu, en hugsanlegt er, að ágreiningur sé þannig vaxinn, að dómstólar eigi eða geti um fjallað. Ber að túlka orðin „til fullnaðarúrlausnar“ með það í huga. Tekið skal fram, að mjög hefir verið fágætt, að þess konar ágreiningur risi, sem greinin víkur að, en allt að einu er réttmætt að kveða á um þessi efni í settum lögum.

Um VII. kafla

Í þessum kafla er skipað saman ákvæðum um héraðsfundi og héraðsnefndir. Ákvæðin fela í sér endurskoðun á 17. — 20. gr. laga 36/1907, en ákvæðin um héraðsnefndir eru þó nýmæli. Lagt er til, að nokkrar breytingar verði gerðar á ákvæðum um héraðsfundi. Þeir eiga rót að rekja til laga nr. 5/1880 og hafa gegnt góðu og gildu hlutverki síðastliðna öld sem vettvangur til umræðna um kirkjumál prófastsdæmis og til samstarfs og viðkynningar manna í héraðinu. Með ákvæðum frv. er ætlunin að treysta þessa fundi og greiða fyrir því, að prófastsdæmin eflist sem eining í umdæmaskiptingu þjóðkirkjunnar. Er ætlandi, að ákvæðin um héraðsnefndir í frv. þessu og ákvæðin um héraðssjóð í frv. til laga um sóknargjöld muni stuðla að þessu, ef að lögum verða.

Um 29. gr.

Í 17. gr. laga 36/1907 er boðið, að héraðsfundi skuli halda árlega í júní eða september. Hér er lagt til í 1. málsgr., að þeir verði haldnir eigi síðar en 31. október ár hvert.

Í 2. málsgr. er ákvæði um verkefni héraðsfunda. Eru þeir vettvangur fyrir kennimenn og leikmenn til umræðna og samstarfs um sameiginleg málefni prófastsdæmisins og raunar um kirkjumálefni á víðtækari grundvelli. Breyttar þjóðfélagsaðstæður krefjast aukinnar samvinnu milli sókna og sóknarpresta innan prófastsdæmis, eftir atvikum með nokkurri verkaskiptingu presta. Efling héraðsfunda á að greiða fyrir slíkri samvinnu og stuðla að ýmiss konar starfsemi, sem getur verið sameiginleg fyrir prófastsdæmið, svo sem barna- og æskulýðsstarfsemi, útgáfu fjölritaðra eða prentaðra blaða eða upplýsingarita vegna guðsþjónustuhalds, starfsemi í þágu aldraðra, fatlaðra og sjúkra, og gögn vegna fermingarundirbúnings o. fl. Héraðsfundur er kjörinn vettvangur til umræðna um slík samstarfsmál. Á fundum þessum á einnig að fjalla um einstök, sérgreind verkefni, svo og mál, sem kirkjustjórn vísar til héraðsfunda eða einstakar sóknir og starfsmenn þeirra. Tekið er fram, að hver þjóðkirkjumáður getur óskað þess, að um tiltekið kirkjumálefni sé fjallað á héraðsfundi eða tillögu um úrlausn þess. Héraðsfundur fjallar um endurskoðaða reikninga kirkjusókna í prófastsdæminu, sem prófastur hefir áður kannað almennt, svo og um fjárreiður héraðssjóðs, ef stofnaður hefir verið, sbr. 5. gr. frv. til laga um sóknargjöld. Héraðsfundur kys tvo menn í héraðsnefnd, sbr. 36. gr., og varamenn þeirra.